


skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Markaðurinn
Gólfefni




Europris
Nýr tilboðsbæklingur í dag





# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
21. mars 2012
68. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Kynnir Chet Baker og Billie Holliday

*Sigurður Flosason boðar til Jazzbíós.*

**tímamót** 18

## Heimsækir Kanada

*Andri Freyr Viðarsson ferðast til Kanada í næstu sjónvarpsþáttaröð.*

**fólk** 30



## Ætlar í undanúrslit

*Sara Björk Gunnarsdóttir verður í eldlínunni með Malmö í Meistaradeildinni í dag.*

**sport** 27

## veðrið í dag




**HÆGARI** vindur af suðvestri er líður á daginn og úrkomulaust að mestu en dálítlar skúrir eða slydduél V-til. Hiti 0-8 stig.

**VEÐUR 4**

# Gerir ráð fyrir 30 milljarða framlagi frá ríki vegna SpKef

**Landsbankinn gengur út frá því að ríkissjóður skuldi sér 30,6 milljarða vegna SpKef. Stjórnvöld telja að skuldin sé 20 milljörðum lægri. Deilan fer fyrir úrskurðarnefnd í lok mars, niðurstöðu að vænta í apríl.**

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn bókfærði 30,6 milljarða króna kröfu á ríkissjóð í ársreikningi sínum fyrir árið 2011 vegna yfirtöku bankans á SpKef sparisjóði í fyrra.

Þetta kemur fram í ársreikningi Landsbankans sem birtur var á föstudag.

Úrskurðarnefnd sem skipuð var til að skera úr um verðmæti eigna SpKef hefur þó ekki skilað niðurstöðu og því alls óljóst hver raunveruleg krafa bankans á ríkissjóð, sem telur sig skulda honum um 11 milljarða króna, verður. Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um málið sagði bankinn að „ef niðurstaða úrskurðarnefndarinnar verður sú að ríkissjóður á að borga minna en þessi krafa er bókuð á, þá er hugsanlegt að framkvæma þurfi virðisrýrnun. […] Á móti virðisrýrnun kröfunnar á ríkissjóð, kæmi þá væntanlega virðisaukning lánasafnsins, þar sem það myndi þá teljast verðmætara en við töldum það vera.“

Málflutningur fyrir úrskurðarnefnd sem á að skera úr um verðmæti eigna SpKef verður dagana 28. og 29. mars næstkomandi. Í kjölfarið mun nefndin taka sér umhugsunarfrest til að komast að niðurstöðu og er búist við að hún skili niðurstöðum í apríl.

Landsbankinn tók starfsemi SpKef sparisjóðs yfir í byrjun mars 2011, eða fyrir rúmu ári.

> **20** milljarða króna munur er á því mati sem Landsbankinn telur að ríkið eigi að greiða með innlánum SpKef og því sem ríkið sjálft telur að eigi að greiða.

Þá voru innlán og eignir færðar yfir í Landsbankann. Síðan hefur komið í ljós að þær eignir voru mun lakari en lagt var upp með. Íslenska ríkið, sem tryggir öll innlán vegna yfirlýsingar sem gefin var út við efnahagshrunið haustið 2008, telur að það eigi að greiða 11,1 milljarð króna með innlánunum. Landsbankinn metur upphæðina hins vegar um 30,6 milljarða króna.

Til að leysa þennan ágreining var sett á fót úrskurðarnefnd í lok síðasta árs. Í henni sitja Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður, sem er formaður nefndarinnar, Sigríður Guðmundsdóttir endurskoðandi og Jón Bjarnason endurskoðandi.

Á þessu ári hefur verið unnið að undirbúningi málsins og málsaðilar hafa skilað inn greinargerðum til nefndarinnar. Hvorki Landsbankinn né fjármálaráðuneytið hafa viljað gera þær greinargerðir opinberar. - þsj / sjá Markaðinn



**BILIÐ BRÚAÐ** Framkvæmdir standa enn yfir í laugunum í Laugardal. Nú er verið að endurbyggja gömlu brúna og hefur mótum verið slegið upp fyrir steypuvinnu sem fer fram í næstu viku. Brúin á að vera tilbúin í apríl, en þá er stefnt að því að öllum helstu framkvæmdum á laugasvæðinu verði lokið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Öflugur skjálfti skekur Mexíkó:

## Ekki er vitað um manntjón

**MEXÍKÓ, AP** Jarðskjálfti sem mældist 7,4 að stærð með upptök skammt frá Mexíkóborg reið yfir á sjöunda tímanum í gærkvöldi, um hádegi að staðartíma.

Ekki var vitað um mannfall eða umfangsmiklar skemmdir af völdum skjálftans þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Byggingar í Mexíkóborg hristust í skjálftanum, og eftirskjálfta sem reið yfir skömmu síðar. Göngubrú hrundi í skjálftanum og hafnaði á strætisvagni. Skelfingu lostnir íbúar hlupu út úr húsum. Símkerfi borgarinnar hrundi í kjölfar skjálftans.

Í gærkvöldi hafði verið tilkynnt um 60 hús nærri upptökum skjálftans sem skemmdust. Alþjóðaflugvellinum í Mexíkóborg var lokað tímabundið, en var opnaður aftur þegar ljóst var að enginn skaði hafði orðið. - bj

Nýtt leikfang verður kynnt á EVE Fanfest-hátíðinni í Hörpu á fimmtudaginn:

## Lego framleiðir EVE-geimskip

**AFÞREYING** Ný Lego-útgáfa af geimskipi úr tölvuleiknum EVE Online verður til sýnis á EVE Fanfest-hátíðinni sem hefst í Hörpu á fimmtudaginn.

„Það var ákveðið að láta slag standa og vinna með Lego að framleiðslu á Lego-skipi. Það eru rúmlega 360 þúsund áskrifendur að EVE Online í dag og við höfum fundið fyrir því að það er áhugi fyrir einmitt svona vörum,“ segir Eldar Ástþórsson, verkefnastjóri markaðsdeildar hjá CCP.

„Það er gaman að gera þetta í samstarfi við öfluga aðila eins og Lego. Hver veit nema þetta sé fyrsta skrefið í átt að frekari samstarfi með þeim. En eins og er þá er þetta eina módelið sem er fyrirhugað að setja á markað.“ -fb / sjá síðu 30.



**LEGO-GEIMSKIP** Lego ætlar að framleiða eigin útgáfu af geimskipi úr tölvuleiknum EVE Online.

Teppi á stigaganginn
nú er tækifærið !
Eitt verð niðurkomið
kr. 6.390 m²




Komdu á staðinn með prufur
og málum,
ykkur að kostnaðarlausu
ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

Mannvinir
Rauða krossins
hjálpa börnum í neyð
Hjálpaðu núna
raudikrossinn.is
Rauði kross Íslands



næringarríkur
matarmikill
og gómsætur
hádegisverður
komdu í mat!



spíran.
bistro á 2. hæð GARÐHEIMA

## SPURNING DAGSINS



*Ármann, er saga Kópavogs þá kannski bara þjóðsaga?*

„Þetta er byggðasaga, saga uppbyggingar og framfara.“

Hjálmar Hjálmarsson, bæjarfulltrúi Næst besta flokksins í Kópavogi, telur svör Ármanns Kr. Ólafssonar bæjarstjóra um vinnu og kostnað við ritun sögu bæjarins ekki fullnægjandi.

Nýtt frumvarp innanríkisráðherra um hækkun á bótum vegna líkamstjóns og miska samþykkt í ríkisstjórn:

# Hámarks miskabætur verði fimmfaldaðar

**STJÓRNMÁL** Hámarksbætur sem ríkið greiðir fyrir líkamstjón verða tvöfaldaðar og hámarksbætur fyrir miska verða fimmfaldaðar nái frumvarp Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra fram að ganga.

Samkvæmt frumvarpinu, sem samþykkt var á fundi ríkisstjórnarinnar í gær, munu hámarksbætur fyrir líkamstjón verða 5 milljónir króna, en hámarksbætur fyrir miska 3 milljónir króna, segir Ögmundur.

„Það er gríðarlegt réttlætismál að hækka þessar upphæðir og jafna á milli þessara flokka,“ segir Ögmundur. Hann bendir á að miskabætur séu greiddar fórnarlömbum í kynferðisbrotamálum. Hingað til hafi ríkið aðeins greitt fórnarlömbunum 600 þúsund krónur að hámarki, en bætur umfram þá upphæð hafi fórnarlömbin þurft að sækja beint til brotamannanna.

„Við erum að rétta hlut fórnarlambanna, þetta er mikið framfaraskref og jafnréttismál,“ segir Ögmundur.

Spurður hvers vegna bótafjárhæðirnar séu ekki þær sömu í báðum flokkum segir Ögmundur: „Miski getur orðið að varanlegu líkamlegu tjóni, og þá gæti viðkomandi fallið í þann flokkinn.“ Skammtímaskaði geti, til dæmis í kynferðisbrotamálum, orðið að langtímaskaða, og geti því fallið í þann flokk þegar komi að bótum.

Til að draga úr kostnaði vegna þessara breytinga verður hætt að greiða bætur fyrir minni háttar varanlegan miska, þegar metin örorka nær ekki 15 prósentum, segir Ögmundur. Heildarkostnaður við allar breytingarnar er talinn nema um 10 milljónum króna á ári. - bj



**FRUMVARP** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra vonast til þess að mikil sátt verði um frumvarp um hækkun bótafjárhæða á Alþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SPILAFÍKN** Ný könnun leiðir í ljós að mikill fjöldi Íslendinga á við spilavanda að stríða. Málið verður rætt á hádegisfundi í Iðnó í dag.

Könnun innanríkisráðuneytis:

## Þúsundir stríða við spilavanda

**SAMFÉLAGSMÁL** Um 2,5 prósent Íslendinga, eða um fjögur til sjö þúsund manns, eiga við spilavanda að stríða, að því er kemur fram í nýrri könnun. Hlutfallið er talsvert hærra meðal karla en kvenna.

Könnun þessi var gerð á síðasta ári að frumkvæði happdrættisnefndar innanríkisráðuneytisins.

Innanríkisráðuneytið gengst í dag fyrir hádegisfundi í Iðnó þar sem rætt verður um spilafíkn og happdrættismál auk þess sem einnig verður rætt til hvaða aðgerða unnt er að grípa til að sporna við spilafíkn. Fundurinn stendur frá klukkan tólf til eitt. - þj

Lög um stjórnun fiskveiða:

## Frumvarp fyrir ríkisstjórnina

**SJÁVARÚTVEGUR Frumvarp að nýjum lögum um stjórn fiskveiða verður að öllum líkindum lagt fyrir á ríkisstjórnarfundi á föstudag.**

**Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins liggja helstu útfærsluatriði frumvarpsins ekki enn fyrir, þar á meðal hversu langur nýtingartími verður og hversu hátt auðlindagjaldið verður.**

**Frumvarp var lagt fyrir síðasta þing, en var afar umdeilt. Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra sjávarútvegsmála, hefur stýrt vinnu við smíði nýja frumvarpsins frá því að hann tók við embætti um síðustu áramót.** - þj

# Nýr spítali þjónar 125 þúsund manns

**Stærsta einstaka þróunarverkefni Íslands lauk í gær þegar utanríkisráðherra afhenti stjórnvöldum í Malaví sjúkrahús. Gjörbreytir lífsgæðum fólks á svæðinu segir utanríkisráðherra. Nýir brunnar hafa útrýmt kóleru á stórum svæðum.**

**UTANRÍKISMÁL** Nýr spítali sem byggður hefur verið fyrir þróunarfé frá Íslandi hefur þegar fengið ríflega milljón heimsóknir, þó að formlega hafi hann verið vígður í gær. Sjúkrahúsið þjónar um 125 þúsund manna svæði í Malaví í Suðaustur-Afríku.

„Þarna var enginn spítali og nær engin læknisþjónusta þegar Íslendingar hófu hjálparstarf sitt við Malaví-vatnið og spítalinn gjörbreytir lífsgæðum fólksins hér,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, sem afhenti stjórnvöldum í Malaví fullbúið sjúkrahúsið formlega í gær.

Bygging sjúkrahússins er stærsta einstaka verkefnið í þróunarsamvinnu sem Ísland hefur staðið fyrir, en verkefnið hefur staðið yfir frá árinu 2000.

Össur afhenti spítalann við hátíðlega athöfn í bænum Monkey Bay við Malaví-vatn í gær. Callista Mutharika, forsetafrú Malaví, veitti spítalanum viðtöku. Viðstaddir voru auk hennar ráðherrar, héraðshöfðingjar og embættismenn.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu fagnaði mikill mannfjöldi við afhendinguna. Sjúkrahúsið hefur haft í för með sér byltingu í heilbrigðisþjónustu á þessu fátæka svæði í Malaví. Á spítalanum er göngudeild, skurðdeild og fæðingardeild. Fyrir tilstilli fæðingardeildarinnar hefur mæðradauði og barnadauði minnkað verulega á svæðinu.

„Við höfum lagt sérstaka áherslu á barnavernd og aðstoð við mæður, og meðal annars komið á fót tveimur öðrum fæðingardeildum fyrir utan þá sem er við nýja sjúkrahúsið í Monkey Bay. Það segir sína sögu að samtals hafa fast að sextán þúsund börn fæðst á íslensku fæðingardeildunum,“ segir Össur.



**AFHENTI SPÍTALA** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra afhenti malavískum stjórnvöldum fullbúið sjúkrahús í bænum Monkey Bay við Malaví-vatn. MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

> Það segir sína sögu að samtals hafa fast að sextán þúsund börn fæðst á íslensku fæðingardeildunum.
>
> **ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** UTANRÍKISRÁÐHERRA

„Konurnar koma langt að til að fæða þar, því þær vita að þar eru þær í eins öruggum höndum og hægt er að bjóða upp á við þær aðstæður sem ríkja í örbirgðinni við Malaví-vatnið.“

Össur lýsti því yfir við afhendingu spítalans að Ísland myndi áfram styðja verkefni til að tryggja íbúum svæðisins hreint vatn.

Þegar hafa verið boraðir nærri 500 vatnsbrunnar, og með þeim aðgerðum hefur kólera verið útrýmt á þeim svæðum. Áður var algengt að vel á annað hundrað tilvik kóleru kæmu upp á þessum svæðum, en síðan brunnarnir voru teknir í notkun hefur ekkert tilvik komið upp.

Ísland mun áfram styðja vel við fátæka íbúa Malaví, sagði Össur. Hann kynnti í ræðu sinni fjögurra ára áætlun um aukin fjárframlög til heilbrigðis- og menntamála í Mangochi-héraði, auk vatns og hreinlætismála.

brjann@frettabladid.is



**Í HALDI** Einar Marteinsson, forsprakki Hells Angels, hefur setið í gæsluvarðhaldi um nokkurra vikna skeið. Hann hefur nú verið ákærður fyrir að leggja á ráðin um hrottalegt ofbeldi og nauðgun.

Hells Angels draga í land:

## Falla frá meiðyrðamálsókn

**DÓMSMÁL Samtökin Hells Angels hafa dregið til baka meiðyrðamál sem höfðað hafði verið á hendur Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra og Haraldi Johannessen ríkislögreglustjóra.**

**Málið var höfðað vegna ummæla tvímenninganna um að Hells Angels væru skipulögð glæpasamtök.**

**Á vefsíðu Ríkislögreglustjóra er greint frá því að fallið hafi verið frá málinu en að embætti hafi ekki upplýsingar um ástæðuna. Nokkrir liðsmenn samtakanna sitja nú í gæsluvarðhaldi grunaðir um alvarleg afbrot.** - sh

Verðmætaaukningin 15,3%:

## Aflaverðmæti 153 milljarðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflaverðmæti íslenskra skipa nam rúmum 153 milljörðum króna á árinu 2011 samanborið við tæpa 133 milljarða á árinu 2010. Þetta kemur fram á vefsíðu Hagstofunnar. Aflaverðmæti hefur því aukist um 20,3 milljarða króna eða 15,3% á milli ára. Skýringin á þessu er fyrst og fremst verðmætaaukning vegna makríls og loðnu.

Aflaverðmæti botnfisks var tæpir 96 milljarðar króna og jókst um 2,4% frá fyrra ári þegar aflaverðmætið nam tæpum 94 milljörðum. - shá




Allar sorpbrennslur skulu uppfylla kröfur EES um brennslu sorps:

# Hertar kröfur vegna mengunar

**UMHVERFISMÁL** Með breytingu á reglugerð fellir umhverfisráðuneytið úr gildi sérákvæði starfandi sorpbrennslustöðva um brennslu úrgangs. Reglugerðin, sem nýlega var undirrituð, hefur í för með sér að allar íslenskar sorpbrennslustöðvar eiga nú að uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til sambærilegrar starfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Breytingarnar eru liður í viðbrögðum stjórnvalda í ljósi þess að mælingar á díoxíni frá sorpbrennslustöðvum á Ísafirði, í Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri gáfu tilefni til að endurskoða reglugerð um brennslu úrgangs. Þegar hefur sorpbrennslustöðvunum í Svínafelli og á Ísafirði verið lokað að frumkvæði sveitarfélaganna, og snertir reglugerðarbreytingin nú því eingöngu stöðvarnar í Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri.

Með breytingunni er sorpbrennslustöðvunum gert að uppfylla öll ákvæði reglugerðarinnar eigi síðar en 1. janúar 2013. Skulu rekstraraðilar tilkynna Umhverfisstofnun eigi síðar en 1. maí hvort áframhaldandi rekstur stöðvarinnar sé fyrirhugaður.

Með breytingunni er gerð krafa um reglulegar mælingar á díoxíni tvisvar á ári hjá þeim brennslustöðvum sem halda áfram rekstri. Þá er gerð krafa um samfelldar mælingar á tilgreindum efnum, til dæmis kolsýru og ryki. - shá



**Í VESTMANNAEYJUM** Sveitarfélögin í Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri þurfa að íhuga framtíð sorpbrennslna sveitarfélaganna.

husa.is

# NÝTT UPPHAF!

## TÍMAMÓT Á ÍSLENSKUM BYGGINGAVÖRUMARKAÐI

**Dagurinn í dag markar tímamót á íslenskum byggingavörumarkaði þegar Húsasmiðjan verður formlega hluti af Bygma. Bygma er danskt fjölskyldufyrirtæki sem er eitt stærsta byggingavörufyrirtæki Norðurlanda, með um 100 verslanir í Danmörku, Svíþjóð, Færeyjum og nú á Íslandi. Það eru spennandi tímar framundan í Húsasmiðjunni þar sem Íslendingar hafa fengið allt frá grunni að góðu heimili síðan 1956.**






Í tilefni af sameiningu Húsasmiðjunnar og Bygma sendum við gjöf inn á öll íslensk heimili. Ávísun sem gildir í öllum verslunum okkar frá 21. til 25. mars sem 3.000 króna innborgun ef keypt er fyrir 10.000 krónur eða meira. Hlökkum til að sjá þig!

**HÚSASMIÐJAN**
**HLUTI AF BYGMA**

DYNAMO REYKJAVIK

## GENGIÐ 20.03.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,75 | 126,35 |
| Sterlingspund | 199,52 | 200,5 |
| Evra | 165,93 | 166,85 |
| Dönsk króna | 22,313 | 22,443 |
| Norsk króna | 21,858 | 21,986 |
| Sænsk króna | 18,622 | 18,732 |
| Japanskt jen | 1,5 | 1,5088 |
| SDR | 193,4 | 194,56 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

227,7226

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fastlega búist við að krafist verði lengra varðhalds yfir grunuðum glæpajöfrum:

# Gæsluvarðhald yfir Annþóri og Berki að renna út

**LÖGREGLUMÁL** Gæsluvarðhald yfir hópi manna sem handteknir voru í umfangsmikilli lögregluaðgerð í síðustu viku rennur út í dag. Lögmenn sumra þeirra, sem Fréttablaðið ræddi við í gær, gerðu fastlega ráð fyrir því að krafist yrði framlengingar á varðhaldinu yfir að minnsta kosti einhverjum mannanna.

Sjö voru handteknir og leitað á átta stöðum á miðvikudaginn fyrir viku. Sex voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald daginn eftir en tveir þeirra hafa síðan verið látnir lausir. Í millitíðinni hafa þrír til viðbótar verið handteknir og úrskurðaðir í varðhald.

Meðal þeirra sem sitja í varðhaldi eru Annþór Kristján Karlsson, þekktur handrukkari með marga dóma á bakinu, Börkur Birgisson, sem hlaut sjö og hálfs árs fangelsisdóm árið 2005 fyrir lífshættulega árás með öxi á veitingastað í Hafnarfirði, og þrítugur liðsmaður vélhjólasamtakanna Hells Angels.

Mennirnir eru grunaðir um að tengjast tveimur alvarlegum líkamsárásum sem gerðar voru fyrir nokkrum mánuðum í Hafnarfirði og Mosfellsbæ, skipulagða glæpastarfsemi, innbrot og þjófnaði, auk annars. - sh



**ÞEKKTUR RUKKARI** Annþór Kristján Karlsson er grunaður um að tengjast tveimur alvarlegum líkamsárásum.



**ENN Í HALDI** Þessi liðsmaður Hells Angels situr enn í haldi og búist er við að lögregla krefjist framlengingar á því.

Kjördagur staðfestur í gær:

## Forsetakjörið verður 30. júní

**KOSNINGAR** Forsetakjör hefur verið auglýst 30. júní næstkomandi. Kemur fram í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu að forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1.500 kosningabærra manna, mest 3.000. Þegar hefur Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tilkynnt um framboð og einnig þeir Ástþór Magnússon athafnamaður og Jón Lárusson lögreglumaður.

Gildum framboðum til forsetakjörs skal skila til innanríkisráðuneytisins eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag, segir í tilkynningu. - shá

Hefja átti útboð í gær:

## Villa í gögnum um siglingar

**SAMGÖNGUR Siglingafyrirtækin Eimskip, Samskip og Sæferðir ætluðu að bjóða í rekstur á siglingum til og frá Vestmannaeyjum fram til ársins 2014. Opna átti fyrir útboðin í gær, en á síðustu stundu kom í ljós galli í svokallaðri vægistöflu í gögnunum svo útboðinu var frestað um viku.**

**G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir að fyrirtækin þrjú fái því að fara yfir útboðsgögnin aftur og skila inn tilboðum.** - sv

### LEIÐRÉTT

Vegna mistaka í prófarkalestri brenglaðist merking orða Einars Magnúsar Gunnlaugssonar, kaupmanns í Hobbitanum í Ólafsvík, í frétt í blaði gærdagsins. Hann sagði: „Ég held að þeir séu varla að fara að setja sig í samband við mann einhvers staðar í afdölum á Íslandi sem er hvort sem er *farið* á hausinn." Söluskáli hans er í fullum rekstri.

# Fjöldamorðingi talinn hafa myndað ódæðið

**Sama skotvopnið var notað í þremur mannskæðum árásum í Suður-Frakklandi á rúmri viku. Sjö voru skotnir til bana og einn er alvarlega særður. Lögreglan telur líklegt að fjöldamorðinginn sé fyrrverandi hermaður eða lögreglumaður.**

**FRAKKLAND, AP** Talið er að maður sem myrti fjóra í skóla gyðinga í borginni Toulouse í Frakklandi á mánudag hafi myndað ódæðið. Vitni hafa lýst því að maðurinn hafi verið með litla myndavél festa við sig.

Mínútu þögn var haldin í skólum í Frakklandi í gær til að minnast þriggja skólabarna og kennara þeirra sem létust í árásinni. Lík þeirra voru í gær flutt til Ísrael þar sem þau verða grafin.

Lögregla hefur staðfest að sama skotvopnið hafi verið notað í tveimur árásum nýverið. Þá er talið að maðurinn hafi notað sömu svörtu vespuna í öllum tilvikum.

Í árás sem gerð var 11. mars var óeinkennisklæddur hermaður skotinn til bana. Síðasta fimmtudag voru þrír hermenn skotnir við hraðbanka í bæ skammt frá Toulouse. Tveir létust og einn er alvarlega særður. Hermennirnir voru ættaðir frá Norður-Afríku og Karíbahafinu.

Lögreglan hreinsaði í gær þrjá fyrrverandi hermenn af grun um aðild að ódæðunum. Þeir voru í sömu hersveit og hermennirnir sem skotnir voru á fimmtudag, og höfðu verið reknir úr hernum vegna kynþáttafordóma.

Myndavélin sem morðinginn bar gæti gefið lögreglu mikilvægar vísbendingar um manninn, sagði Claude Gueant, innanríkisráðherra Frakklands í gær. Hann sagði morðingjann augljóslega „afar kaldrifjaðan" og sagði hann hafa „augljósan brotavilja" og vera „grimmlyndan".

Ekkert benti til þess í gærkvöldi að lögreglan væri nærri því að handsama morðingjann.



**TIL ÍSRAEL** Lík þriggja barna og föður tveggja þeirra, sem voru skotin til bana við skóla gyðinga á mánudag, voru flutt til Ísrael í gær þar sem þau verða jarðsett.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**7** hafa verið skotnir til bana í þremur árásum á rúmri viku í Suður-Frakklandi

Morðinginn virðist kunna að meðhöndla skotvopn, og vinnur lögreglan meðal annars út frá því að hann gæti verið fyrrverandi lögreglumaður eða hermaður með geðræn vandamál og mikla kynþáttafordóma.

„Þessi börn voru nákvæmlega eins og þið," sagði Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti í gær þegar hann var viðstaddur minningarathöfn í skóla í París. „Þetta hefði getað gerst hér."

Óvenjufáir voru á ferli í gær í Toulouse, sem er fjórða stærsta borg Frakklands. Lögreglumenn vopnaðir sjálfvirkum rifflum stóðu vörð við skóla gyðinga, neðanjarðarlestarstöðvar borgarinnar og á fjölförnum torgum.

brjann@frettabladid.is

Bandarískur hermaður:

## Verður ákærður síðar í vikunni

**BANDARÍKIN Robert Bales, hermaðurinn sem er sakaður um að hafa myrt sextán Afgana fyrr í mánuðinum, hitti lögfræðinga sína í gær.**

**Bales var fluttur frá Kúveit til Kansas í Bandaríkjunum fyrir helgi og er í herfangelsi þar. Gert er ráð fyrir því að hann verði ákærður síðar í vikunni. Bandarísk varnarmálayfirvöld hafa sagt að hann verði mögulega ákærður fyrir brot sem við liggur dauðarefsing. Afgönsk nefnd segist telja að fleiri byssumenn hafi verið að verki.** - þeb



**MAKRÍLL** Fyrirhugaðar refsiaðgerðir ESB verða ræddar í ríkisstjórn á föstudag.

Steingrímur J. á Alþingi:

## Ríkisstjórnin ræði makrílmál

**EVRÓPUMÁL** Ákvörðun Framkvæmdastjórnar ESB um að flýta ákvörðun um refsiaðgerðir gegn Íslandi vegna yfirstandandi makríldeilu verður tekin fyrir á ríkisstjórnarfundi á föstudag.

Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra sjávarútvegsmála, sagði þetta á þingi í gær eftir að fréttir um þessar aðgerðir bárust af fundi sjávarútvegsráðherra ESB. Sjávarútvegsráðherra Írlands gaf til kynna í írskum fjölmiðlum að málið kynni að tefja aðildarviðræður Íslands og ESB.

Steingrímur sagði að ef ESB hygðist blanda þessu máli inn í viðræðurnar myndi það setja þær í uppnám. - þj






### VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**HLÝNANDI VEÐUR** á landinu á morgun og fram yfir helgi. Það ganga skil norður yfir land á morgun með talsverði úrkomu og verður nokkuð hvasst allra syðst um tíma. Það hlýnar heldur er líður á daginn en á föstudag og laugardag gæti hitinn víða farið yfir 10°C.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 14° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 19° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 13° |
| París | 15° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

3 til 5 nátta

# Borgarferðir

## með VITA í vor

Síðustu sætin!











## DUBLIN
### ÍRLAND

Dublin á Írlandi er einstök borg sem hefur unnið hug og hjörtu margra Íslendinga í gegnum árin, enda er varla annað hægt en að hrífast af umhverfinu, menningunni og lífsgleði heimamanna.

**Verð frá 92.500 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

Tvíbýli á hótel Camden Court í 4 nætur 5. apríl. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 102.500 kr.

5. - 9. apríl
4 nætur

Páskaferð

## RIGA
### LETTLAND

Falleg borg með steinlögðum strætum og merkum byggingum frá fyrri öldum. Saga, menning, góðir veitingastaðir og fyrirtaksverslanir.

**Verð frá 69.900 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

Tvíbýli á hótel Albert í 3 nætur 3. maí. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 79.900 kr.

3. - 6. maí
3 nætur

## MADRID
### SPÁNN

Madrid er borg menningar og lista, fótbolta og matar. Breiðstræti, öngstræti, göngugötur, fagrar hallir og kirkjur, heimsfræg myndlistarsöfn, gróðursælir almenningsgarðar, hjalandi gosbrunnar og iðandi mannlíf fram á rauða nótt.

**Verð frá 105.800 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

Tvíbýli á Melia Hotel Galgos 27. apríl í 4 nætur. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 115.800 kr.

27. apríl - 1. maí
4 nætur

## EDINBORG
### SKOTLAND

Fallegasta borg Skotlands og umfram allt einstaklega þægileg. Gott að versla og allt í göngufæri. Heillandi borgarstræði, fallegar byggingar og tignarlegur Edinborgarkastalinn eru stolt borgarbúa.

**Verð frá 102.200 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

Tvíbýli á hótel Mercure Edinburgh City (áður Mount Royal) í 5 nætur 26. apríl. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 112.200 kr.

26. apríl – 1. maí
5 nætur

Verð í auglýsingunni eru netverð – ef bókað er á skrifstofu greiðist 1.500 kr. bókunargjald.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 58996 03/12

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú sátt/ur við nýju útgáfuna af Eurovision-lagi Íslands?*

| | |
|---|---|
| Já | 69,9% |
| Nei | 30,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú að vorið sé nú komið?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

vísir

Lögregla leitar manna sem gerðu misheppnaða innbrotstilraun í Bankastræti:

# Reyndu að sprengja sig inn í verslun

**LÖGREGLUMÁL** Sprengju var komið fyrir á rúðu í glugga skartgripaverslunarinnar GÞ í Bankastræti á fimmta tímanum í gærmorgun. Hún sprakk með öflugum hvelli en náði þó ekki að gera gat á tvöfalt öryggisglerið í búðarglugganum.

Vaktmaður í stjórnarráðshúsinu gerði lögreglu viðvart um sprenginguna. Brot úr sprengjunni fundust í um þrjátíu metra fjarlægð.

Á upptökum úr öryggismyndavél má sjá tvo menn hlaupa af vettvangi eftir sprenginguna, annan dökkklæddan en hinn í rauðri hettuúlpu með hvítt í ermum. Þeir voru á bak og burt þegar lögreglu bar að garði og ófundnir þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Talið er að þeir hafi verið að reyna að brjótast inn en þeir höfðu þó ekkert upp úr krafsinu.

„Þetta er leiðindatilfinning,“ segir Ólafur G. Jósefsson, eigandi GÞ skartgripa og úra. Hann segir rúðuna í versluninni oft hafa verið brotna. „Ég hugsa að þetta sé ein vinsælasta rúðan í bænum til að brjóta. Hún hefur lent í ýmsu í gegnum tíðina. Ég setti upp öryggisgler fyrir nokkrum árum þannig að ég er með góða vörslu.“ **- sh, bol**



**SPRUNGIN RÚÐA** Kristinn Þór Ólafsson, starfsmaður í GÞ, raðar úrum aftur til útstillingar eftir aðfarir næturinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leituðu höfuðlausra líka:

# Tólf lögreglumenn drepnir

**MEXÍKÓ Tólf lögreglumenn voru myrtir í Guerrero í Mexíkó seint á sunnudag. Lögreglumennirnir voru á vettvangi morða þegar þeir voru skotnir til bana.**

**Höfuð af tíu líkum fundust í bænum Teloloapan í Guerrero á sunnudag ásamt bréfi sem innihélt hótanir í garð La Familia-eiturlyfjahringsins. La Familia og the Knights Templar-eiturlyfjahringurinn berjast um völdin í Guerrero. Lögreglumennirnir voru að leita að líkunum þegar ráðist var á þá. Níu til viðbótar særðust. - þeb**


Djúpur mottumars

Af hverju mottusetti í mars rennur 25% af söluandvirði til Krabbameinsfélags Íslands

Úrval af djúpum mottum í bíla

Verð frá kr. 9.990-



Opnunartími verslunar:
Opið virka daga frá kl. 08-18.
Vagnhöfði 23 - S: 590 2000
benni.is - verslun@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum


# Kosið verði um tillögur stjórnlagaráðs

**Þingnefnd leggur til að kosið verði um tillögur stjórnlagaráðs samhliða forsetakosningum. Niðurstaða margra mánaða vinnu, segir nefndarformaðurinn. Kosningin dæmd til að verða ómarkviss, segir nefndarmaður minnihlutans.**

**KOSNINGAR** Meirihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis samþykkti á fundi sínum í gær að leggja fram þingsályktunartillögu þess efnis að kosið verði um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá samhliða forsetakosningum 30. júní næstkomandi. Um ráðgefandi þjóðaratkvæði er að ræða, samkvæmt lögum. Spurt verður um stjórnarskrárdrögin í heild, auk spurninga um fimm sérstök álitamál.

Valgerður Bjarnadóttir, þingmaður Samfylkingar og formaður nefndarinnar, segir málið vel undirbúið og spurningarnar lúti að þeim álitamálum sem helst hafa verið nefnd í umræðunni; mál sem brenna á þjóðinni. „Spurningarnar máttu ekki vera of margar og nauðsynlegt að halda þeim vel afmörkuðum. Þegar við hittum fulltrúa úr stjórnlagaráði voru þeir með þessar sömu spurningar og við í huga.“

Valgerður segir að einnig hafi verið leitað til sérfræðinga um það hvernig spurningarnar skyldu orðaðar. Hún kannast við þá umræðu að málið geti reynst þungt í vöfum er varðar kosningar, en segir að það eigi líka við önnur mál, til dæmis Evrópusambandið og Icesave. „Það verður þriggja mánaða kynning á þessu máli og á þeim tíma getur fólk vegið þetta og metið. Það verða hins vegar ekki allir sammála, það liggur fyrir.“ Valgerður tekur sem dæmi að hún sé þeirrar skoðunar að óþarft sé að spyrja hvort atkvæði allra kjósenda eigi að vega jafnt, óháð búsetu. Það séu sjálfsögð mannréttindi að hennar mati, en um það séu skiptar skoðanir.

Þjóðkirkjan er ekki nefnd í tillögum stjórnlagaráðs en lagt er til að spurt verði hvort ákvæði stjórnarskrárinnar um þjóðkirkjuna eigi að standa óbreytt. „Við erum að kalla eftir vilja þjóðarinnar; hvað þjóðin vill að við gerum næst,“ segir Valgerður.

„Ég held að þessi skoðanakönnun verði ómarkviss og ruglingsleg,“ segir Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og nefndarmaður, og nefnir þrennt sem hann telur veigamest. Áhætta felist í því að halda kosninguna samhliða forsetakjöri; hvaða áhrif stjórnarskrármálið hefur á forsetakjörið og öfugt. Þá sé galli að annars vegar sé spurt um tillögu ráðsins í heild og hins vegar um einstök álitamál. Niðurstöðurnar geti orðið misvísandi. „Svo er það umhugsunarefni hvað það þýðir sem segir í tillögunni að tillagan verði lögð fram eftir að hún hefur verið yfirfarin með tilliti til laga og alþjóðasamninga. Þegar fólk greiðir atkvæði hefur það ekki forsendur til að meta hvað af því sem það tekur afstöðu til á eftir að breytast á síðari stigum. Þetta er galli,“ segir Birgir. **svavar@frettabladid.is**



**FRÁ FUNDI STJÓRNLAGARÁÐS Í FYRRA** Stjórnlagaráð samþykkti frumvarp til stjórnskipunarlaga einróma. Frumvarpið var afhent Ástu R. Jóhannesdóttur, forseta Alþingis, 29. júlí 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Spurningar um tillögur stjórnlagaráðs

1. Vilt þú að tillaga stjórnlagaráðs verði lögð fram sem frumvarp að nýrri stjórnarskrá eftir að hún hefur verið yfirfarin með tilliti til laga og alþjóðasamninga?
2. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði:
   a) Náttúruauðlindir lýstar þjóðareign?
   b) Ákvæði þjóðkirkju óbreytt frá því sem nú er?
   c) Persónukjör í kosningum heimilað í meira mæli en nú er?
   d) Ákvæði um að atkvæði kjósenda alls staðar af landinu vegi jafnt?
   e) Ákvæði um að tiltekinn hluti kosningabærra manna geti farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu? Ef já, hversu hátt hlutfall á þetta að vera 10%, 15% eða 20%?


Rauði kross Íslands

**Endurreisn eftir átök og hamfarir**
**Málefnaþing um alþjóðlegt hjálparstarf**
**Háskóla Íslands (Öskju) 23. mars 2012 kl. 13.15-16.00**

Félagsleg og efnahagsleg endurreisn samfélaga eftir hamfarir og stríðsátök er eitt helsta viðfangsefni alþjóðlegs hjálparstarfs eftir að neyðaraðstoð lýkur. Kynnið ykkur endurreisnarstarf sem Íslendingar hafa unnið m.a. í Síerra Leone, einu fátækasta ríki heims, eftir að blóðugri borgarastyrjöld lauk í landinu árið 2002.

**13.15 Setning málefnaþings**
Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands.
**13.25 Endurhæfing ungmenna eftir langvarandi vopnuð átök**
Emmanuel Tommy, framkvæmdastjóri Rauða kross Síerra Leone.
**14.00 Frá neyðaraðstoð til endurreisnar**
Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða kross Íslands.
**14.20 Starf íslenskra stjórnvalda að endurreisn í alþjóðlegu hjálparstarfi**
Svanhvít Aðalsteinsdóttir, sérfræðingur í utanríkisráðuneytinu.
**Kaffihlé**
**14.50 Börn og áföll í kjölfar hamfara og átaka**
Jóhann Thoroddsen, sálfræðingur Rauða kross Íslands.
**15.10 Efnahagsleg uppbygging í kjölfar átaka - dæmi frá Síerra Leóne**
Engilbert Guðmundsson, framkvæmdastjóri Þróunar samvinnustofnunar Íslands.
**15.30 Pallborð**
**16:00 Slit málefnaþings**

**Fundarstjóri:** Ragna Árnadóttir, í stjórn Rauða kross Íslands.

**Málþingið er haldið í samstarfi við Alþjóðamálastofnun H.Í.**
**Aðgangur er ókeypis. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.**


Liðlega þrítugur dæmdur í 15 mánaða fangelsi fyrir vopnað rán og önnur brot:

# Rændu sjoppu með kylfu og hamri

**DÓMSMÁL** Rúmlega þrítugur maður hlaut 15 mánaða fangelsisdóm fyrir aðild sína að vopnuðu ráni í sjoppu í Breiðholti í mars í fyrra. Dómur var kveðinn upp yfir manninum í Héraðsdómi Reykjavíkur í byrjun vikunnar.

Maðurinn réðst ásamt konu inn í sjoppuna, bæði með hulin andlit og vopnuð hafnarboltakylfu og hamri. Eftir að konan braut gler í afgreiðsluborði með hamrinum vatt maðurinn sér inn fyrir og tók 10 til 15 þúsund krónur úr afgreiðslukassa sjoppunnar.

Þá var maðurinn einnig ákærður fyrir að hafa í tvígang ekið bifreið undir áhrifum áfengis og fíkniefna, auk þess sem honum er gefið að sök að hafa haft fíkniefni í fórum sínum.

Mál mannsins og konunnar voru skilin að fyrir dómi og vísað til þess í dómsorði að hún hefði hlotið dóm í desember.

Í dómi héraðsdóms nú var, auk 15 mánaða fangelsisdómsins, áréttuð ævilöng ökuleyfissvipting mannsins og gerð upptæk 1,3 grömm af amfetamíni og 2,77 grömm af marijúana. Þá er honum gert að greiða afgreiðslumanni sjoppunnar tæplega 304 þúsund krónur í bætur og tæpar 400 þúsund krónur í málsvarnarlaun og annan sakarkostnað. **- óká**



**VOPNAÐUR** Par sem rændi sjoppu í fyrra hafði 15 þúsund krónur upp úr krafsinu. Sviðsett mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI




BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

# Hunt’s

**Fullt af fjöri**




**Í 10–11 finnurðu frábært vöruúrval. Þú færð bragðgóðu tómatsósuna frá Hunt's í næstu 10–11 verslun.**

10 11

...alltaf opið!

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvað heitir söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Vintage Caravan?*

**2.** *Hvenær var hluthöfum tölvurisans Apple síðast greiddur arður?*

**3.** *Hver leikstýrði kvikmyndinni Eldfjall?*

**SVÖR**

**1.** *Óskar Logi Ágústsson* **2.** 1995 **3.** *Rúnar Rúnarsson*

Ármann Kr. Ólafsson undrast fyrirspurn frá fulltrúa Næst besta flokksins:

# Sigurrós ráðin á Hjálmars vakt

**SVEITARSTJÓRNIR** Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir það koma sér á óvart að Hjálmar Hjálmarsson, bæjarfulltrúi Næst besta flokksins, skuli spyrjast fyrir um störf Sigurrósar Þorgrímsdóttur við ritun sögu Kópavogs.

Ármann bendir á að Sigurrós hafi verið ráðin af þeim meirihluta sem tók við eftir kosningar 2010 og fór með valdataumana í Kópavogi fyrir skemmstu. Fram að þeim kosningum var Sigurrós bæjarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

„Ég vil árétta að þetta var í meirihlutatíð Samfylkingar, Vinstri grænna, Y-lista Kópavogsbúa og Næstbesta flokksins. Það af leiðandi kemur á óvart að Hjálmar skuli leggja fram þessa spurningu. Þessi vinna fór fram á hans vakt,“ segir bæjarstjórinn. Ekki náðist í Hjálmar í gær.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að það hefði verið Ármann bæjarstjóri sem svaraði fyrri fyrirspurn Hjálmars um ritun sögu Kópavogs. Hið rétta er hins vegar að það var svar frá Ingólfi Arnarsyni, fjármála- og hagsýslustjóra, sem lagt var fram í bæjarráði. **- gar**

Ekki haldið utan um kostnað við ritun sögu Kópavogs á bæjarskrifstofunni:

## Vinna fyrrum bæjarfulltrúa sé skýrð

**SVEITARSTJÓRNIR** „Það er ekki auðvelt að draga þennan kostnað saman þar sem hann er ekki alltaf sérgreindur, heldur samþættist öðrum kostnaði hjá bænum,“ segir í svari Ármanns Kr. Ólafssonar bæjarstjóra við fyrirspurn bæjarfulltrúans Hjálmars Hjálmarssonar um heildarkostnað bæjarins við ritun Sögu Kópavogs.

Hjálmar spurði þess utan hverjir hefðu fengið greitt í tengslum við ritun Sögu Kópavogs 1990-2010 og hversu mikið. Einnig hver afraksturinn væri.

Í svari Ármanns er, sem dæmi um hversu erfitt það sé að draga kostnaðinn saman, bent á samning sem gerður var 2008 við Björn Þorsteinsson sviðsstjóra hjá bænum um að hann léti af því starfi. Björn hafi á tveggja ára samningstíma átt að taka að sér ritun sögu Kópavogs frá árinu 1980 til 2009 auk þess að sinna öðrum verkefnum á menningar- og tómstundasviði. „Þetta vinnuframlag hefur ekki verið sérstaklega skráð niður, frekar en starfið við ritun sögunnar,“ útskýrir bæjarstjórinn.

Bein útgjöld segir bæjarstjórinn hins vegar nema 1.862.517 krónun, þar af hafi Sigurrós Þorgrímsdóttir fengið eina milljón. Hjálmar óskar eftir frekari skýringum. Meðal annars vill hann vita í hverju vinna Sigurrósar fólst. Hún er fyrrverandi bæjarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Kópavogi. **- gar**



**HJÁLMAR OG ÁRMANN KR.** Bæjarfulltrúi vill skýrari svör um ritun sögu Kópavogs en bæjarstjórinn hefur gefið.

Bjuggust við 75 milljónum:

# Bærinn var 352 milljónir í plús

**SVEITARSTJÓRNIR** 352 milljóna króna afgangur var á rekstri Garðabæjar á síðasta ári. „Þetta er mun betri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun,“ segir í tilkynningu bæjarins, en í henni var gert ráð fyrir 75 milljóna króna afgangi.

Aukinn afgangur er rakinn til meiri tekna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir, meðal annars vegna fjölgunar íbúa umfram spár. Ársreikningur bæjarfélagsins fyrir 2011 var lagður fram til áritunar í bæjarráði í gær. **- óká**






Eldri ökumenn engin ógn:

# Gatnamót erfið fyrir þá eldri

**UMFERÐ** Eldri ökumenn eru alls engin ógn við umferðaröryggi, ekkert frekar en hinir yngri. Þetta kemur fram á heimasíðu FÍB þar sem vitnað er í skýrslu dönsku slysarannsóknanefndarinnar.

„Tvennt er það þó sem fremur vefst fyrir hinum eldri en þeim yngri í akstri en það eru gatnamót og sú staðreynd að þeir eru oftar á eldri og óöruggari bílum. Á gatnamótum hættir þeim eldri fremur til þess að yfirsjást bílinn sem kemur á móti þeim,“ segir á fib.is. „Margir eldri ökumenn hafa slasast alvarlega í árekstrum á gatnamótum vegna þess að þeir sáu ekki bílinn sem á móti kom og óku í veg fyrir hann. Slíkt gerist stundum vegna þess að hinir eldri eiga sumir hverjir erfiðara með að meta hraða og fjarlægð farartækja sem á móti koma.“ **- gar**



**Á HVANNEYRI** Ríkisendurskoðun segir fjárveitingar til Landbúnaðarháskólans verða að vera í samræmi við reglur um framlög til framhalds- og háskóla, hvort sem hann verður áfram sjálfstæður háskóli eða sameinast Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


# Styrkir

## úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu

Þróunarsjóður framhaldsfræðslu auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu, sbr. lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

### Forgangssvið við úthlutun árið 2012 eru:

- Þróunarverkefni í framhaldsfræðslu sem stuðla að samstarfi skólastiga og/eða landsvæða
- Þróun námsmats í framhaldsfræðslu og mats á námskrám FA inn í framhaldsskóla (samstarf framhaldsfræðsluaðila og framhaldsskóla)
- Opinn flokkur – áhersla á nýsköpun og þróun innan framhaldsfræðslu

### Viðmiðin sem Þróunarsjóðurinn gengur út frá við val á verkefnum eru að þau:

- Nái til þeirra sem falla undir ramma laganna um framhaldsfræðslu
- Mæti sýnilegri þörf fyrir menntunarúrræði í framhaldsfræðslu

Mikilvægt er að öll verkefni sem sótt er um styrk til séu vel undirbúin og umsóknir vandaðar. Áhersla er lögð á samstarfsverkefni. Í umsókn þarf að koma fram hvernig umsækjendur ætla sér að kynna verkefnið og gera það aðgengilegt öðrum. Verkefni sem styrkt eru mega ná yfir tvö ár frá úthlutun.

Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi. Umsóknareyðublaðið má nálgast inn á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is

**Umsóknarfrestur er til 16. apríl 2012**

Umsækjendum er bent á að kynna sér lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og úthlutunarreglur sjóðsins sem má nálgast á www.frae.is

Stjórn Fræðslusjóðs

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI


# Heildarskuldir skólans nema 739 milljónum

**Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við að tekjur vegna eignasölu Landbúnaðarháskólans hafi ekki skilað sér. Sníða verði verkefni skólans að heimildum.**

**STJÓRNSÝSLA** Uppsafnaður halli Landbúnaðarháskóla Íslands nam 307 milljónum króna í lok síðasta árs. Heildarskuldir skólans nema 739 milljónum og hafa fimmfaldast frá árinu 2005. Í nýrri úttekt Ríkisendurskoðunar eru stjórnendur skólans og yfirvöld menntamála hvött til að taka á vanda skólans.

Ríkisendurskoðun hvetur stjórnendur og yfirvöld menntamála til að taka á þessum vanda. Jafnframt minnir stofnunin á að forstöðumenn ríkisstofnana bera samkvæmt lögum ábyrgð á því að starfsemi þeirra sé í samræmi við fjárheimildir.

Skólinn var stofnaður árið 2005 með sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins. Í umfjöllun Ríkisendurskoðunar kemur fram að skólinn hefur nánast frá upphafi glímt við fjárhagsvanda sem ágerst hafi með árunum. Bent er á að langstærstur hluti skulda skólans, eða 94 prósent, sé við ríkissjóð. „Ríkisendurskoðun bendir á að hér er um að ræða fjármuni sem Alþingi hefur aldrei samþykkt að verja til skólans.“

Þá gerir Ríkisendurskoðun athugasemd við eignasölu Landbúnaðarháskólans á árinu 2009. Þar á meðal er sala skólans á hlut sínum í fyrirtækinu Orf líftækni ehf. fyrir 134 milljónir króna. „Kaupverðið hefur enn ekki fengist greitt og nokkur óvissa er um að svo verði vegna erfiðrar fjárhagsstöðu kaupendanna.“ Í athugasemdum Ríkisendurskoðunar er áréttað að brýnt sé að tryggja hagsmuni ríkisins vegna viðskiptanna. „Skili þau skólanum ekki raunverulegum tekjum beri að rifta kaupsamningum eða afskrifa eignirnar.“

Í svörum mennta- og menningarmálaráðuneytisins í skýrslunni við ábendingum Ríkisendurskoðunar kemur fram að nemendum og námsbrautum hafi fjölgað mjög við skólann síðustu ár. „Stjórnendur og menningarmálaráðuneytið telja að fjárhagsvanda skólans megi fyrst og fremst rekja til þess að framlög ríkisins hafa ekki haldið í við þessa þróun,“ segir í umfjöllun Ríkisendurskoðunar.

Ríkisendurskoðun áréttar hins vegar að forstöðumaður beri ábyrgð á rekstri stofnunar, þar með talið að umfang starfseminnar sé í samræmi við þær fjárheimildir sem Alþingi ráðstafar til hennar á hverjum tíma. „Sníða verður verkefni skólans að fjárheimildum hans,“ segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

**94%** heildarskulda Landbúnaðarháskóla Íslands eru við ríkissjóð.

**RÍKISENDURSKOÐUN**
SKÝRSLA TIL ALÞINGIS

olikr@frettabladid.is

# BAÐ INNRÉTTINGAR

Allt að **50%** afsláttur



**S-9016 eik** stærð: 100 x 46 sm

**S-9010 eik** stærð: 62 x 48 sm



**Hvítt fulningur** stærð: 100 x 48 sm

**Hvítt háglans** stærð: 80 x 48 sm

til afgreiðslu af lager

**VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT**

*margir möguleikar á stærðum og útfærslum*



**Hvítt fulningur** stærð: 160 x 48 sm

**Hlynur** stærð: 130 x 48 sm



**Hnota** stærð: 121 x 48 sm

**Kirsuber fuln.** stærð: 80 x 48 sm

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

**www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- *fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## FRÉTTASKÝRING: Úrræði fyrir heimilislausa í Reykjavík



### 1. Gistiskýli

**Þingholtsstræti 25**
Neyðarathvarf fyrir heimilislausa karlmenn með lögheimili í Reykjavík

**Rými:** 20
**Dvalartími:** Næturskjól til einnar nætur í senn.
**Opnunartími:** Frá klukkan 17 til klukkan 10 daginn eftir.
**Þjónusta:** Kvöldhressing og morgunmatur
**Rekstur:** Samhjálp samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg

Á tímabilinu 24. júlí til 24. ágúst 2011 gistu þar einstaklingar á aldrinum 19 til 63 ára. 12 til 20 dvalargestir voru skráðir í næturgistingu hverja nótt. Enginn getur gengið að ákveðnu rúmi vísu í Gistiskýlinu, ekki er hægt að bóka gistingar fyrirfram og ekki er hægt að fá geymda persónulega muni.
Tveir starfsmenn eru á vakt. Opinn viðtalstími fyrir dvalargesti er einu sinni í viku.

### 2. Konukot



**Eskihlíð 4**
Neyðarathvarf fyrir heimilislausar konur.

**Rými:** 8 + eitt neyðarpláss
**Dvalartími:** Næturskjól til einnar nætur í senn.
**Opnunartími:** Frá klukkan 17 til klukkan 11.30 daginn eftir.
**Þjónusta:** Léttur kvöldverður og morgunmatur. Dvalargestir geta þvegið af sér og farið í bað, auk þess sem þær geta fengið fatnað.
**Rekstur:** Reykjavíkurdeild Rauða krossins samkvæmt samningi við Reykavíkurborg.

Í Konukoti komu konur á aldrinum 18 til 55 ára til dvalar á tímabilinu 15. ágúst til 9. október 2011. Meðalfjöldi var fjórir.
Einn starfsmaður er á vakt auk bakvaktarstarfsmanns.




### 3. Smáhýsi

**Fiskislóð**
Búsetuúrræði fyrir einstaklinga og pör sem eiga í alvarlegum húsnæðisvanda.

**Rými:** Fjögur 25 fermetra smáhýsi, fyrir fjóra til átta einstaklinga og pör.

Í Smáhýsi búa nú fjórir einstaklingar, þrír karlar og ein kona á aldrinum 39 til 57 ára. Tvö þeirra hafa dvalið þar frá opnun úrræðisins.
Markmiðið er að veita fólki sem erfiðlega hefur gengið að útvega búsetuúrræði vegna áfengis- og/eða vímuefnaneyslu, annarra veikinda eða sérþarfa öruggt húsnæði. Íbúar skulu þiggja stuðning í formi innlits og eftirlits sem grundvallast á dvalarsamningi.
Einn starfsmaður sinnir eftirliti með Smáhýsum.

### 4. Heimili fyrir karla í vímuefnavanda

**Njálsgata 74**
Herbergjasambýli fyrir þann hóp heimilislausra karla sem verst eru settir og erfiðlega hefur gengið að veita þjónustu.

**Rými:** 8
**Þjónusta:** Sameiginleg setustofa sem og eldhús og þvottaaðstaða. Boðið er upp á morgunmat og eina heita máltíð á dag.
**Rekstur:** Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Á heimilinu dvelja nú sjö einstaklingar á aldrinum 47 til 77 ára. Dvalartími þeirra hefur verið á bilinu sex mánuðir til fjögur ár. Algengt er að þessir einstaklingar séu með tvöfalda greiningu, það er áfengissýki eða aðra fíkn og geðræna kvilla. Ekki er gerð krafa um að umsækjandi sé hættur neyslu áfengis eða annarra vímuefna.
Sjö starfsmenn starfa við þjónustu og endurhæfingu á heimilinu.

### 5. Mýrin

**Skeggjagata 1**
Herbergjasambýli fyrir þann hóp heimilislausra kvenna í vímuefnavanda sem verst eru settir og erfiðlega hefur gengið að veita þjónustu.

**Rými:** 5
**Þjónusta:** Sameiginleg setustofa sem og baðherbergi, eldhús og þvottaaðstaða. Boðið er upp á morgunmat og eina heita máltíð á dag.
**Rekstur:** Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Á heimilinu dvelja nú fimm konur á aldrinum 43 til 65 ára. Dvalartími þeirra hefur verið á bilinu sex til ellefu mánuðir. Algengt er að konurnar séu með tvöfalda greiningu, það er áfengissýki eða aðra fíkn og geðræna kvilla. Ekki er gerð krafa um að umsækjandi sé hættur neyslu áfengis eða annarra vímuefna.
Sjö starfsmenn starfa við þjónustu og endurhæfingu á heimilinu.

### 6. Heimili fyrir tvígreinda karla

**Miklabraut 20**
Herbergjasambýli fyrir heimilislausa karla með vímuefnavanda og geðfötlun

**Rými:** 8
**Þjónusta:** Sameiginleg setustofa sem og eldhús og þvottaaðstaða. Boðið er upp á morgunmat og eina heita máltíð á dag.
**Rekstur:** Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Á heimilinu dvelja nú átta einstaklingar á aldrinum 37 til 65 ára. Dvalartími þeirra hefur verið á bilinu 5 mánuðir til 9 ár, meðaldvalartími 40 mánuðir. Ekki er gerð krafa um að umsækjandi sé hættur neyslu áfengis/vímuefna.

### 7. Dagsetur



**Eyjaslóð 7**
Athvarf

**Opnunartími:** Alla daga frá klukkan 12 til 17.
**Þjónusta:** Heit máltíð alla daga frá klukkan 13 til 15. Setustofa og bakkelsi á opnunartíma, nestispakkar, sjónvarpsherbergi, kyrrðarherbergi, hvíldaraðstaða, hreinlætis- og sturtuaðstaða, þvottaaðstaða, dagiðja og fótsnyrting á þriðjudögum.
**Rekstur:** Hjálpræðisherinn.

Félagsráðgjafi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem hefur starfsaðstöðu á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða er í Dagsetri á opnunartíma þess.

### 8. Kaffistofa Samhjálpar

**Borgartún**
Aðsetur fyrir utangarðsfólk og aðra aðstöðulausa.

**Opnunartími:** Virka daga frá klukkan 10 til 16 og 11 til 16 um helgar.
**Rekstur:** Samhjálp.

Ráðgjafar hafa verið með vikulega viðveru á Kaffistofu auk þess sem þeim er gert viðvart ef barnafjölskyldur venja ítrekað komu sínar sem og ef börn koma ein á Kaffistofuna.

# Plássin oftast fullnýtt

**Reykjavíkurborg kemur að rekstri úrræða fyrir meira en sextíu heimilislausa einstaklinga. Plássin eru oftast fullnýtt. Sumir hafa dvalið á sama stað í 4 ár.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Reykjavíkurborg býður gistipláss og búsetuúrræði fyrir 60 til 64 einstaklinga sem eru í mikilli vímuefnaneyslu og eiga í engin hús að venda. Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, segir plássin oftast fullnýtt.

„En það er auðvitað misjafnt hvernig Gistiskýlið og Konukot eru nýtt þar sem þau eru neyðargistiskýli yfir nóttina,“ útskýrir hann og bætir við að íbúarnir séu almennt ánægðir með þá þjónustu sem þeim býðst. „Þó getur vissulega eitthvað komið upp á eins og gengur og gerist alls staðar.”

Áfengis- og vímuefnanotkun er bönnuð inni á öllum stöðunum. „En þessir staðir eru allir þannig að það er heimilt að dvelja þar undir áhrifum,“ segir Sigtryggur. „Það er engin krafa um edrúmennsku þó svo að neysla áfengis og vímuefna sé bönnuð innandyra.“

Fleiri úrræði eru í boði fyrir útigangsfólk í Reykjavíkurborg heldur en þau sem bjóða upp á gistingu eða húsaskjól. Má þar nefna félagslega ráðgjöf þar sem starfsmenn frá þjónustumiðstöðinni fara í vettvangsferðir á þá staði í miðborginni sem utangarðsfólk venur komur sínar og miðlar upplýsingum um þá þjónustu sem er í boði.

Undanfarið hefur einnig verið greint frá nýju átaksverkefni Reykjavíkurborgar, Borgarvörðum, sem er færanlegt vettvangsteymi sérfræðinga sem þjónusta utangarðsfólk. Teyminu er ætlað að aðstoða fólk í neyslu sem lendir í aðstæðum á almannafæri sem það ræður ekki við eða veldur öðrum ónæði. Borgarverðir munu aðstoða viðkomandi við að komast í viðeigandi skjól eða kalla eftir annarri aðstoð eftir þörfum og sinna forvarna- og leitarstarfi. Tveir fagaðilar frá velferðarsviði og einn frá lögreglunni starfa saman í hóp hverju sinni.




Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is





MARSTILBOÐ

Vnr. 3000065
DISPÓSERVÍETTUR
HVÍTAR, 1–LAGA
BOXASERVÍETTUR Í LITLA BORÐSKAMMTARA FYRIR SJOPPUR OG MÖTUNEYTI

9.600 stk. í kassa

TILBOÐSVERÐ
7.511 KR.
Verð áður 10.015 kr.

Góð þjónusta fyrir fyrirtæki og stofnanir
Stórhöfða 42, Reykjavík | 587 7788
Austursíðu 2, Akureyri | papco.is

papco

Ný frímerki

Safnaðu litlum listaverkum

Á morgun 22. mars gefur Íslandspóstur út eina frímerkjaröð, tvö hefti og smáörk. Myndefnin eru íslensk fatahönnun og Norðurlandafrímerki 2012 þar sem þemað er leitar- og björgunarþjónusta. Myndefni frímerkjaheftanna eru grænir orkugjafar og afurðir grænna orkugjafa.



Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050 Fax: 580 1059
Netfang: stamps@postur.is
Heimasíða: www.stamps.is

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN



BYLGJAN 25 ÁRA 989
Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

# LAGERÚTSALA
# 15-70%
# AFSLÁTTUR



# AÐEINS Í 5 DAGA






Aðeins í **5 daga** frá miðvikudegi til sunnudags.
Lagersalan fer fram í **Casa** Skeifunni 8.

**Casa**

www.casa.is

Opið: Miðvikudag frá kl. 10 til 19 • Fimmtudag frá kl. 10 til 19 • Föstudag frá kl. 10 til 19 • Laugardag frá kl. 10 til 18 • Sunnudag frá kl. 13 til 18

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslenskar sorpbrennslustöðvar eiga nú að lúta sömu reglum og sorpbrennslustöðvar í Evrópu:

## Árans umhverfis-reglugerðirnar

Sérákvæði sem gilt hafa fyrir eldri sorpbrennslustöðvar hafa nú verið felld úr gildi. Það þýðir að fyrir næstu áramót er öllum sorpbrennslustöðvum á Íslandi gert að uppfylla kröfur sem gerðar eru til sambærilegrar starfsemi annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Gerð er krafa um mælingar á díoxíni tvisvar á ári og samfelldar mælingar á öðrum tilgreindum efnum svo sem kolsýru og ryki.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Reglugerðin snertir tvær sorpbrennslustöðvar; í Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri, en í kjölfar mikillar umræðu um díoxínmengun frá sorpbrennslustöðvum á síðasta ári var sorpbrennslum á Ísafirði og í Öræfum lokað.

Afnám sérákvæðanna virðast koma forráðamönnum sveitarfélaganna sem um ræðir í opna skjöldu. Öllum hefði þó átt að vera ljóst að til þess kæmi fyrr eða síðar að undanþágan yrði felld úr gildi og fullljóst hefur það verið síðan í maí í fyrra þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar um sorpbrennslur með undanþágur frá tilskipun ESB var lögð fyrir Alþingi.

Það er sérkennilegur plagsiður að líta á reglugerðir og sáttmála sem gerðir eru umhverfinu til varnar sem einhvers konar tálma sem settir eru á til þess að gera fólki lífið leitt, erfitt eða dýrt. Í þessu tilviki er þó ekki einu sinni um að ræða nýja tilskipun heldur niðurfellingu á sérákvæði í tilskipun sem gilt hefur í meira en áratug.

Rétt er einnig að rifja upp að reglur um mengunarvarnir sorpbrennsla sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu eru beinlínis runnar undan rifjum Íslendinga því á umhverfisráðstefnunni í Rio de Janeiro árið 1992 höfðu Íslendingar frumkvæði að því að settar yrðu reglur um mengunarvarnir í sorpbrennslum með lífríki hafsins og þar með hagsmuni fiskútflytjenda í huga. Þetta frumkvæði Íslendinga leiddi til þess að reglugerðin sem hér um ræðir var sett.

Árið 1992 töldu Íslendingar sem sagt að mengun frá sorpbrennslum gæti skaðað fiskútflutning. Þegar þessi afstaða skilaði sér í Evrópureglugerð sem innleidd var á Evrópska efnahagssvæðinu börðust Íslendingar aftur á móti fyrir því að fá undanþágu frá henni og nú þegar afnema á undanþáguna er enn barist, meðal annars af hálfu Vestmannaeyjabæjar sem á komu sína einmitt að miklu leyti undir fiskútflutningi. Þetta er í meira lagi furðulega atburðarás.

Loks mætti benda Vestmannaeyingum á að fyrst Reyknesingar treysta sér til að brenna innfluttu sorpi frá Bandaríkjunum í sorpeyðingastöðinni Kölku þá ætti þeim ekki að verða skotaskuld úr því að eyða sorpi Vestmannaeyinga líka. Þangað munu vera um 200 kílómetrar frá Vestmannaeyjum en til Svíþjóðar, þangað sem bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum hafa sagst íhuga að flytja sorp til brennslu, er að minnsta kosti tíu sinnum lengra. Það hlýtur því að vera til muna hagkvæmara fyrir Vestmannaeyinga að flytja sorp sitt þangað, og umhverfisvænna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

LAGERSALA
GJAFAVÖRUR
VILLAGE



40–70%
AFSLÁTTUR
Erum innst við Lyngháls
í sama húsi og Go Pro-Hugvit, á jarðhæð.
Opið miðvikudaga og fimmtudaga kl. 16–18.30
Facebook: Village á Íslandi.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ruglið í Malaví

Utanríkisráðherra vígði í gær sjúkrahús í Malaví sem byggt var fyrir þróunarfé frá Íslandi. Í ummælum við frétt um málið á vef DV leggur Guðmundur Franklín Jónsson, oddviti stjórnmálaaflsins Hægri grænna, orð í belg: „Við erum að loka heilsugæslustöðvum, elliheimilum og sjúkrahúsum um allt land. Læknar og hjúkrunarfólk flýr í stórum stíl, og á meðan erum við að reisa spítala í Malaví – þvílíkt rugl [...].“ Áfram heldur Guðmundur svo og segir lýðskrum að halda að „það sé siðferðisleg skylda Íslendinga að bjarga heiminum“.



### Gjöf til gjalda?

Rétt er það, hvað skuldar Ísland annars umheiminum? Fyrir utan að hafa um miðbik 20. aldar hysjað Íslendinga upp úr hópi fátækustu þjóða heims á mettíma, einmitt með þróunaraðstoð og gríðarlegum fjárfestingum í innviðum landsins.

### Allt rangt

Vigdís Hauksdóttir ræddi um Schengen-samstarfið á þingi í gær. Hún er á móti því. Aðallega af því að svo mörg Austur-Evrópuríki eru gengin til liðs við það.



Þetta setti hún í samhengi við sprengingu í miðbænum í gærmorgun. „Við heyrðum af ráninu sem var framið í sömu skartgripabúðinni í nótt og var hér fyrir mánuði, einum og hálfum,“ sagði Vigdís. Látum liggja á milli hluta að í gær var ekkert rán framið – svo virðist sem þetta hafi verið misheppnuð tilraun til innbrots – og að þetta hafi verið í GÞ í Bankastræti en ekki verslun Franks Michelsen eins og síðast (sem var reyndar fyrir fimm mánuðum). Stóra spurningin er hvað fær Vigdísi til að halda að þar hafi skipulögð austur-evrópsk glæpasamtök verið að verki, en ekki til dæmis drukknir unglingar.

stigur@frettabladid.is,
thorgils@frettabladid.is

HALLDÓR




# Kæri borgarfulltrúi – hver er þín skoðun?

Skipulagsmál



Halla Bogadóttir
íbúi í Reykjavík

Það er sérstakt að nú tveimur mánuðum áður en þú þarft að taka ákvörðun – óafturkræfa ákvörðun – veit almenningur ekkert hvað þú vilt, hvað þú telur best fyrir okkur borgarbúa, hvernig þín sýn er fyrir alla framtíð. Oft hef ég fengið að vita afstöðu minna fulltrúa í einstökum málum og verið sammála eða ósammála.

Nú vill svo til að þú – minn borgarfulltrúi – þarft mjög bráðlega að taka afdrifaríka ákvörðun um framtíð miðborgarinnar og ég veit enn ekkert um afstöðu þína.

En sem sagt; eftir tvo mánuði átt þú að taka ákvörðun um hvort byggja eigi stórt hótel við Vallarstræti, sem mun tengjast Landsímahúsinu og einnig hóteli sem stendur við Austurstræti. Það er ófært að bera því við að niðurstaða sé ekki fengin í samkeppni, þar sem grunnstefið er eftir sem áður risahótel og lóðareigandi situr beggja vegna borðsins; gæti sent inn tillögu, greitt henni sitt atkvæði og fengið verðlaun frá sjálfum sér og okkur borgarbúum.

> Svörin varða ekki einungis mig og borgarbúa heldur alla landsmenn.

Því spyr ég ykkur, Karl Sigurðsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson og Sóley Tómasdóttir – (öll mínir borgarfulltrúar):

- Hefur þú myndað þér skoðun á því hvernig heildaryfirbragð Kvosarinnar á að vera?
- Hefur þú myndað þér skoðun á hvort sá reitur sem afmarkaður er af Ingólfstorgi, Austurvelli, Alþingishúsinu og Fógetagarði eigi að vera eitt risahótel?
- Hefur þú velt því fyrir þér hvernig aðkoma bíla að slíku hóteli ætti að vera og hvaða gata eigi að þjóna þeirri umferð, þá sérstaklega á sumrin þegar götum í miðborginni er lokað?

Vegna þess að ég og margir aðrir vita ekki hver afstaða þín er, óska ég eindregið eftir svari við þessum spurningum. Svörin varða ekki einungis mig og borgarbúa heldur alla landsmenn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Samráð heilbrigðisstarfsfólks við foreldra

Samfélagsmál



Guðlaug M. Júlíusdóttir
verkefnastjóri félagsráðgjafar á barna- og kvennasviði Landspítalans

Á 66. þingfundi Alþingis þann 12. mars sl. voru til umræðu kynheilbrigðismál ungra Íslendinga. Þar svaraði velferðarráðherra fyrirspurn frá þingmanni um hvað yrði gert til að efla kynheilbrigði í ljósi niðurstöðu skýrslu starfshóps ráðherrans, sem kom út í september 2011. Margt í þessari skýrslu og umræðunni þann 12. mars var upplýsandi og jákvætt. Engu að síður er vert að staldra við ummæli ráðherra um fyrirhugað frumvarp til laga um breytingar á lyfjalögum sem heimila hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum að ávísa hormónatengdum getnaðarvörnum, í ljósi þeirrar umræðu sem sprottið hefur upp í kjölfarið. Hefur umræðan beinst að því að þessar umræddu heilbrigðisstéttir gætu, meðfram leyfi til að ávísa hormónapillunni til stúlkna, ávísað pillunni til stúlkna undir lögaldri án samþykkis foreldra þeirra.

Á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL) og Barnaspítala Hringsins koma börn, almennt í fylgd og með vitneskju foreldra sinna, til að fá heilbrigðisþjónustu. Við veitingu þeirrar þjónustu er leitast við að hafa í huga lagalegu hlið vinnunnar, en í því tilliti er í mörg horn að líta. Þau lög sem helst er horft til í heilbrigðisþjónustu fyrir börn eru lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, en þar er að finna sérreglur um sjúk börn. Í 25. grein laganna segir: „Ef sjúklingur er yngri en 16 ára skulu upplýsingar [um heilsufar] skv. 5. gr., svo og aðrar upplýsingar samkvæmt lögum þessum, veittar foreldrum.“

Einnig segir í 26. gr. að foreldrar sem fara með forsjá barns skuli veita samþykki fyrir nauðsynlegri meðferð barns yngra en 16 ára. Eftir því sem kostur er skulu sjúk börn höfð með í ráðum og alltaf ef þau eru 12 ára eða eldri. Þessi ákvæði laga um réttindi sjúklinga stangast á við ákvæði lögræðislaga nr.71/1997, þar sem segir að lögráða verði menn 18 ára. Lögráða maður er sjálfráða og fjárráða. Þessi munur á aldursákvæðum hefur engu að síður haldið sér í þau 15 ár síðan lögin voru sett, að því er virðist til að mæta þeirri stöðu sem upp getur komið hvað varðar sjálfsákvörðunarrétt einstaklings, 16-18 ára, í heilbrigðisþjónustu.

Árið 2006 sendi þáverandi yfirlæknir BUGL formlegt erindi til Umboðsmanns barna til að fá túlkun hans á þeim lagaákvæðum er varða 16-18 ára gamla sjúklinga BUGL. Ástæðan var sú að á BUGL, eins og annars staðar í heilbrigðisþjónustu þar sem unnið er með börnum, getur komið upp sú staða að barn yfir 16 ára aldri, en undir 18 ára aldri, óskar eftir lyfjameðferð eða annarri meðferð, sem foreldrar eru ekki sammála um eða sáttir við. Umboðsmaður barna gaf álit þann 8. júní 2006, og sagði þar meðal annars: „Skv. barnalögum nr.76/2003 felur forsjá meðal annars í sér að foreldri ræður persónulegum högum barns að 18 ára aldri. Forsjárforeldri ber að gæta hagsmuna barna sinna og það felur í sér að það á rétt á að þekkja til þeirra atriða er varðað getur þá. Barnið á hins vegar ríkari rétt til einkalífs og friðhelgi þess með vaxandi þroska. Barnið á því rétt á að ræða við starfsmann heilbrigðisþjónustu í trúnaði og fá aðstoð og leiðbeiningar, séu atvik ekki með þeim hætti að þau skyldi viðkomandi starfsmann til að tilkynna mál til barnaverndarnefndar eða að afskipti foreldra séu nauðsynleg.“

Í ljósi framanritaðs er ljóst að það að fyrir dyrum standi breytingar á lyfjalögum í því skyni að fleiri heilbrigðisstéttir fái leyfi til að ávísa getnaðarvarnarlyfjum, munu þær breytingar einar ekki leiða til þess að löglegt sé að bjóða stúlkum yngri en 16 ára getnaðarvarnapilluna án samráðs við foreldra. Breyta þyrfti öllu lagaumhverfi sjúkra barna væri slíkt á döfinni. Ráðherra hefur reyndar tekið fram að frekari lagabreytingar standi ekki til, en ljóst er að ef slíkt stæði til, þyrfti að skoða þau mál frá fleiri hliðum en eingöngu ákvæðum lyfjalaga, sbr. það sem að framan greinir. Taka þyrfti t.a.m. inn í þá mynd sjálfsákvörðunarrétt og sjálfræði barna, hugtakið upplýst samþykki og þroskafræðilegar forsendur barna til að veita slíkt samþykki, að ógleymdum rétti foreldra til að hafa með höndum forsjá barns, með öllum þeim réttindum og skyldum sem það felur í sér. Að mínu mati vill heilbrigðisstarfsfólk sem vinnur með börnum alla jafna efla samvinnu við foreldra og fjölskyldur skjólstæðinga sinna, börnunum til heilla. Ef foreldrar upplifa að svo er ekki er gott fyrir þá að vita að lögin eru skýr hvað þetta varðar.




# Sjálfshól embættismanns

Byggingar



Skafti Harðarson
rekstrarstjóri

Sumir telja sjálfshól betra en ekkert hól. En oftar en ekki er ástæða til þess að hrósið lætur á sér standa.

Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar, telur ástæðu til að skrifa grein í Fréttablaðið þann 15. mars síðastliðinn og hrósar þar eigin stofnun og umhverfisráðuneytinu fyrir nýja byggingarreglugerð. Ekki vantar sjálfshólið; „almennt má segja að hún hafi fengið góðar og jákvæðar undirtektir, enda var leitast við að vanda til smíði hennar í hvívetna.“ Þá getur Björn þess að samráð hafi verið haft við fjölda fólks með sérþekkingu á ýmsum sviðum og ólíka hagsmuni.

Í engu fjallar Björn hins vegar um það sem mestu máli skiptir. Hvað mun þessi ítarlega afskiptasemi stofnunar hans og umhverfisráðuneytisins kosta íbúðakaupendur? Hversu mikið munu til dæmis íbúðir hækka í verði eftir setningu nýju reglugerðarinnar? Hvaða áhrif hefur það að nú er óheimilt að byggja þriggja hæða íbúðarhús án lyftu? Hvað kostar sú krafa fyrir væntanlega íbúðakaupendur? Eða munu þriggja hæða fjölbýlishús hverfa af markaði? Líklegt er að það verði svar markaðarins – engin þriggja hæða íbúðarhús. Hvergi er að finna neina greiningu á kostnaðaráhrifum nýrra krafna eða fullnægjandi skýringar á því hvaða aðkallandi þörf er á frekari skilgreiningu á innra fyrirkomulagi íbúða.

Hvaða ástæða er til þess að opinberir embættismenn fyrirskrifi stærð svefnherbergja? Hvaða embættismaður komst að því að ekki skuli annað til greina en að svefnherbergi hjóna skuli vera a.m.k. 14 m² og baðið ekki minna en 5 m² nú eða 3ja metra gangur 3,9 m²? Hvaðan kemur embættismönnunum þessi dulvitra djúpa stærðarspeki? Og hér er aðeins getið minniháttar augljósra atriða sem hækka verulega verð íbúða fyrir kaupendur húsnæðis í framtíðinni.

Embættismaðurinn sjálfumglaði getur þess auðvitað hvergi hver kostnaður kaupenda verður vegna nýjustu krafna hans, en hrósar sér sérstaklega fyrir að hafa talað við mann og annan innan kerfisins um hvað okkur er fyrir bestu. Nýja byggingarreglugerðin heggur í sama knérunn og flestar reglugerðir starfsfélaga hans innanlands sem utan hin síðari ár; takmarkar valfrelsi neytenda, ákveður hvað okkur er fyrir bestu og hækkar kostnaðinn af kaupum á þeirri vöru sem um er fjallað. Nú eða tekur vöruna af markaði. En í Orwellskri orðanotkun embættismanna er þetta auðvitað gert undir formerkjum „neytendaverndar“. Valfrelsi eru þau lífsgæði sem mestu máli skipta og á þau gæði er gengið. Neytendur eru fullfærir um að hafa eigin skoðun á stærð og fyrirkomulagi herbergja í eigin húsnæði. Engin ástæða er heldur til þess að krefjast þess að allt nýtt húsnæði uppfylli kröfur einstakra hópa íbúðakaupenda. Neytendur skipta um húsnæði eftir breytingum á fjölskyldustærð og fjölskylduhögum. Og ekkert er eðlilegra en að svo verði áfram. En til valfrelsisins má embættismaðurinn ekki hugsa. Enda hyrfi þá réttlæting starfa hans.

Byggingarreglugerðin hin nýja mun seinka endurreisn nýbyggingamarkaðarins og gera þeim erfiðara fyrir sem huga að fyrstu íbúðakaupum eða vilja stækka við sig. Engir gæta hagsmuna íbúðakaupenda. Ekkert heyrist frá verklýðsfélögunum, opinberum talsmönnum neytenda, Neytendastofu eða Neytendasamtökunum. Enda er þau hluti af kerfinu, ekki gagnrýnendur þess.


MENNTAVÍSINDASVIÐ

Framhaldsnám fyrir þig

Kynning á framhaldsnámi við Menntavísindasvið
Háskóla Íslands, **fimmtudaginn 22. mars kl. 16–18**
í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð

Kennarar og nemendur taka á móti gestum og kynna fjölbreytt meistara- og doktorsnám í þremur deildum:

» Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild
» Kennaradeild
» Uppeldis- og menntunarfræðideild

**Umsóknarfrestur til 15. apríl**
**Sjá nánar á www.menntavisindasvid.hi.is**
**Allir velkomnir**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

# Fleira fólk – færri bílar

Samgöngumál

Hjálmar Sveinsson



Kristín Soffía Jónsdóttir
fulltrúar Samfylkingarinnar í umhverfis- og samgönguráði



Yfirlýstur tilgangur með lokun á hluta Laugavegs fyrir bílaumferð síðasta sumar var að efla mannlíf og verslun við götuna. Óhætt er að segja að það hafi tekist vonum framar. Stemningin á Laugaveginum milli Vatnsstígs og Skólavörðustígs í júlí var í einu orði sagt frábær. Borgarbúar og ferðamenn beinlínis flykktust á Laugaveginn. Margir höfðu á orði að kliðurinn í öllu fólkinu léti svo miklu betur í eyrum en niðurinn af stöðugri bílaumferð. Í stuttu máli: Þessi gamla verslunargata iðaði af lífi næstum alla daga – og samt var þessi júlímánuður heldur svalari og rigningarsamari en í meðalári.

Talningar sem gerðar voru í júlí og ágúst 2009 leiddu í ljós að 80 % vegfarenda um Laugaveg yfir sumarið eru gangandi fólk. Samt taka bílarnir meira en helming göturýmisins. Það kom einnig í ljós að aðeins 40% hinna akandi ætluðu að sækja verslun eða þjónustu við Laugaveginn.

Í gegnum tíðina hefur oft verið rætt um loka að Laugavegi tímabundið fyrir bílaumferð en alltaf verið horfið frá því. Einmitt þess vegna var nauðsynlegt að taka af skarið. Nú vita borgarbúar og rekstraraðilar við Laugaveginn hvernig hann virkar bíllaus yfir hásumarið. Þeir vita að Laugavegurinn getur verið einstaklega aðlaðandi göngugata. Um það þarf ekki að deila lengur.

Um miðjan ágúst 2011 lýsti stjórn Íbúasamtaka miðborgar yfir sérstakri ánægju með lokunina og hvatti til þess að áfram verði haldið á sömu braut. Samt voru íbúasamtökin tvístígandi þegar áformin voru kynnt síðastliðið vor. Þau óttuðust meðal annars að þarna yrði aukinn skarkali á nóttinni. Sá ótti reyndist ástæðulaus. Næturskarkalinn minnkaði verulega. Allt varð rólegra og afslappaðra. Helgarumferðin um kvöld og nætur á neðri hluta Laugavegs virðist magna upp stress og hávaða.

Samvinna borgarinnar við samtökin „Miðborgin okkar“, hagsmunasamtök rekstraraðila í miðborg Reykjavíkur, tókst vel. Að tillögu samtakanna var ákveðið að Laugavegurinn skyldi fyrst í stað helgaður „gangandi umferð og mannlífi“ í tvær vikur frá 1. til 15. júlí en hægt væri að framlengja ef vel tækist til. Sátt var um að halda verkefninu áfram út júlímánuð. Svo vel tókst til að kaupmenn og eigendur veitingahúsa við Skólavörðustíg óskuðu eftir því að götunni, neðan Bergstaðastrætis, yrði lokað fyrir bílaumferð frá 2. til 15. ágúst. Einnig var farið fram á það að Laugavegslokunin yrði framlengd þannig að hún teygði sig yfir fyrstu vikuna í ágúst.

Mikilvægt var fylgjast með því sem gerðist á þessum hluta Laugavegsins frá degi til dags svo hægt væri að meta með tölum hvort tilraunin hefði tekist vel eða illa. Heildarfjöldi vegfarenda var talinn, fyrir, eftir og á meðan Laugavegur var göngugata. Það er skemmst frá því að segja að gangandi vegfarendum fjölgaði umtalsvert þegar bílarnir viku en fækkaði eftir að bílaumferð var hleypt aftur í gegn. Fjöldi hjólreiðafólks tvöfaldaðist.

Til þess að meta áhrif lokunarinnar á verslun við Laugaveginn var ráðið fólk sem taldi innstig í verslanir á göngugötusvæðinu nokkra daga í hverri viku. Niðurstaðan var sú að verslanir löðuðu að sér mun fleiri viðskiptavini á þeim tíma sem Laugavegurinn var göngugata. Veltutölur sýna að heildarvelta rekstaraaðila við Laugaveginn jókst milli ára.

Laugavegurinn er sameign borgarbúa. Laugavegurinn er þar að auki vinsælasti ferðamannastaður Reykjavíkur. 76% allra ferðamanna í Reykjavík koma á Laugaveginn. Þeir eru yfirleitt hrifnir af Reykjavík en gera helst athugasemdir við of mikla bílaumferð í miðbænum. Í dag koma um 550.000 ferðamenn til Íslands, talið er að þeir verði milljón eftir 10 ár. Þeir koma nær allir til Reykjavíkur. Framtíð verslunar við Laugaveginn ætti að vera björt.

Niðurstaða Laugavegstilraunarinnar er fagnaðarefni fyrir gesti og gangandi. Við teljum rétt að halda áfram á sömu braut næsta sumar og ganga örlítið lengra.

Það er liður í að gera miðborgina í Reykjavík meira aðlaðandi. Nú styttist í sumarlokun vestari hluta Austurstrætis, Pósthússtrætis og Hafnarstrætis. Þessar sumarlokanir hafa heppnast afar vel. Þær hafa verið óumdeildar. Síðasta sumar leiddi líka í ljós að Skólavörðustígur getur verið falleg og skemmtileg göngugata.

# Hvað er dýraníð?

Dýralæknaþjónusta

Gísli V. Gunnarsson
húsasmiður



Allt of margar fréttir um dýraníð hafa skotið upp kollinum í gegnum tíðina. Óhugnanlegar lýsingar sem eiga það sameiginlegt að hreyfa við flestum okkar og valda reiði í garð gerenda.

Íslendingar eru mikil bændaþjóð og veit ég ekki til þess að nokkur önnur vestræn þjóð hafi stólað jafn mikið og lengi á búfénað sinn og dýr enda tel ég alla bændur bera ómælda virðingu fyrir dýrum sínum. Allavega var raunin sú í þeirri sveit sem ég var í. Í kjölfar atburðar sem ég varð fyrir í desember síðastliðnum hef ég spurt mig hver ábyrgð dýralækna er þegar kemur að því að hjálpa veikum dýrum og eigendum þeirra.

Austurland, nánar tiltekið, Eskifjörður. Hér hef ég, undirritaður, verið undanfarna mánuði og sótt vinnu og hafa hundarnir mínir tveir, af Schäfer-kyni, fylgt mér. Er það eitt napurt fimmtudagskvöld að annar þeirra fær svokallað „bloat“ en það þýðir að maginn snýst um 360° og lokar þar af leiðandi fyrir að nokkuð komist inn eða út úr honum. Er þetta tilfelli sem kallar á mjög skjót viðbrögð ef dýrið á að lifa því í flestum tilvikum þarf það að komast undir læknishendur innan klukkustundar.

Byrjaði þar með 20 klukkustunda martröð þar sem ég fékk tvo aðila til að hjálpa mér við að hafa uppi á dýralækni og hvarflaði ekki að mér að það gæti orðið vandamál. Vakthafandi dýralæknir á Austurlandi var staddur á Vopnafirði þetta umrædda kvöld og þegar ég hugsa til baka hefði ég alveg eins getað hringt í neyðarlínu hjá pípara, því svörin voru á þessa leið: „Jú, jú, þú getur komið en ég get örugglega ekki gert neitt, myndi örugglega senda þig áfram til Akureyrar.“ Til baka spurði ég hvort hún hefði ekki séð hvernig veðrið væri. Að ég teldi það alls óvíst að ég kæmist yfir höfuð vegna færðar og hvort hún gæti ekki að minnsta kosti hjálpað mér að ná sambandi við dýralækni sem væri staddur nær mér. Svarið var: „Ég er ekki með símanúmer hjá neinum.“

Á meðan á þessu samtali stóð var engu líkara en að ég hefði kálf inni hjá mér því greyið baulaði, í orðsins fyllstu merkingu, snerist í hringi og á köflum dró hann afturhluta búksins á eftir sér. Þvílíkar kvalir sem hundurinn þurfti að ganga í gegnum enda með útþaninn maga eins og hann hefði gleypt fótbolta og glerharðan. Ég spurði dýralækninn hvort hún heyrði ekki í hundinum. Svarið var: „Jú.“

Ég hringdi án afláts í 2 klukkustundir í hina ýmsu dýralækna, oftar en einu sinni í hvern og einn en enginn svaraði. Það var ekki fyrr en ég hringdi í dýralækninn á Breiðdalsvík, Hákon Hansson, upp úr kl. 23 að mér var svarað og mér til mikillar ánægju sagði þessi frábæri maður: „Komdu, ég skal gera allt sem ég get.“ Þvílíkur léttir að fá ákveðin svör, því ég man ekki eftir því að hafa upplifað mig jafn bjargarlausan áður. Mér leið hræðilega að horfa á þennan mikla vin minn ganga í gegnum slíkar kvalir. Á þessum tímapunkti var ég kominn að því að eina lausnin væri að bleyta handklæði og kæfa hann enda var hann gjörsamlega örmagna og dauðinn blasti við honum. Við keyrðum til Breiðdalsvíkur, sem tók klukkustund eða svo, enda var skyggni þannig að vart sást á milli stika á köflum.

Um kl. 00.30 fékk hann fyrst róandi lyf og verkjastillandi sprautur, hann var skoðaður og var það gert í samráði við vakthafandi dýralækni í Reykjavík. Voru þau sammála um að bíða með að skera hann þar sem slanga komst ofan í hann án fyrirstöðu en þó var ekki hægt að útiloka magasnúning þar sem ekki var til röntgentæki á öllu Austurlandi, hvernig í ósköpunum má það vera? Ég vakti yfir honum alla nóttina og var orðinn vongóður en upp úr kl. 9 um morguninn fór honum að versna aftur. Ég sendi hann með flugi til Reykjavíkur þar sem hann fór beint í aðgerð. Miltað var fjarlægt, maginn var orðinn svartur og honum blæddi svo út og dó um kl. 16 á skurðarborðinu hjá virkilega hæfum dýralæknum sem gerðu allt hvað þeir gátu en því miður of seint. Þvílík barátta og þrek sem hann sýndi, búinn að standa þetta allt af sér frá því kl. 21 kvöldið áður.

Í kjölfar þessa ömurlega atburðar spyr ég mig hvort þetta sé það sem dýraeigendur þurfa að búa við utan höfuðborgarsvæðisins? Hver er ábyrgur fyrir málum sem þessum og hvað er hægt að gera til að bæta dýralæknaþjónustu við landsbyggðarfólk? Fyrir mér er þetta dýraníð af verri sortinni.

Langar mig til að enda þetta með viðeigandi orðum sem einn góður Austfirðingur lét hafa eftir sér:

*Heimsins brestur hjálparlið,*
*hugur skerst af ergi,*
*þegar neyðin var hvað mest,*
*þá voru flestir hvergi.*

Rísmjólk úr hágæða ítölskum lífrænum hýðishrísgrjónum

**Isola Bio** rísmjólkin er einstaklega bragðgóð og hentar vel í þeytinginn, út á grautinn, í baksturinn og að sjálfsögðu ein og sér, **ísköld!**




**Berjaþeytingur**

2 dl rísmjólk
1 dl ber
2 tsk tahini
1 dl hrein safablanda
1/2 banani

Isola Bio rísmjólkin fæst í öllum helstu matvöruverslunum um land allt



hrein með kalki með vanillu með kókos með möndlu rísrjómi fernur - góðar í nestisboxið!

Landsaðgangur
RAFRÆN TÍMARIT OG GAGNASÖFN
hvar.is

**Ársfundur Landsaðgangs**
**að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum**

**verður haldinn föstudaginn 23. mars kl. 15.00**

Fundurinn verður í fyrirlestrarsal Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns í Þjóðarbókhlöðu við Arngrímsgötu í Reykjavík.

Nánari upplýsingar á www.hvar.is

# ÞITT ER VALIÐ!

## frábært úrval sem gerist varla betra




### GIRNILEGUR SALATBAR

Yfir 40 spennandi rétti, t.d.

- Heilhveitipenne í spínatdressingu
- Rifinn kjúklingur
- Spínat
- Klettasalat
- Kartöflu- og grænmetisréttur
- Hummus
- Buffalóvængir
- Guacamole
- Sætkartöflumús
- Surimisalat
- Grísakjöt með grænmeti
- Quinoa-salat
- Rótargrænmeti
- Kjúklingabollur
- Túnfiskur
- Egg
- Maíssalat




### nítjánda. take away

**KJÖTRÉTTIR & VEFJUR**

- Svínakjöt í Panang.
- Kjúklingur í Korma með hrísgrjónum & grænmeti.
- Tandoori kjúklingur með íslensku bankabyggi & rahita jógúrtsósu.
- Tandoori lambakjöt með bankabyggi.
- Heilsuvefjur með tikkamasala lambakjöti.

**SÚPUR**

- Sterkkrydduð tómat & kjúklingabaunasúpa.
- Indversk gulrótar & kóríandersúpa.
- Bragðmikil kjúklingasúpa.

**HEILSUSAFAR**

- Með jarðarberjum, lime og myntu.
- Með ananas, grænu epli og myntu.

### SUSHIGRYFJAN

8 bita gæða sushi.







### HAGKAUP

- Kjúklingabringu-salat með heilhveitipasta, quinoa og spínatsósu.
- Laxabakki með heilhveitipasta, byggi og mangósósu.

### NINGS

- Núðluréttur með kjúklingaspjóti og mangó.
- Brún grjón með kjúklingaspjóti.

### nón

**HEITAR SÚPUR**

- Nautakjöt eða kjúklingur & hýðisgrísgrjón.
- Kjúklingur & núðlur.

**ORKUBAKKI**

- Lax með hnetusmjöri og byggi.
- Kjúklingur með núðlum.

*Fáanlegt í Garðabæ, Holtagörðum og Skeifunni.*








### Nordic Deli

Samlokur og langlokur.

### JÚMBÓ

Samlokur, langlokur og hollir réttir.

---

**24 Hagkaup** **OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP** *Ein ferð betra verð*

AF NETINU

## Frumhlaup að heilbrigði ungra stúlkna?



Sjaldan hefur maður orðið meira undrandi í umræðunni um heilbrigðismál og viðhorfunum sem nú koma fram í frumvarpi velferðarráðherra um hverjir eigi að geta ávísað getnaðarvarnahormónum til ungra kvenna.
Ekki síst þar sem frumvarpið slakar á kröfum um þekkingu á lyfjunum sem um ræðir og mati með tilliti til aukaverkana.
Eins að breyttu hlutverki heilsugæslunnar, ekki síst störfum og vinnuumhverfi heimilislækna.
Hins vegar nýju hlutverki hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra, sem að undangengnu sérstöku námsskeiði eiga að gefa þeim löglegan rétt á að ávísa getnaðarvarnarhormónum til ungra stúlkna sem byrjaðar eru að stunda kynlíf, m.a. skólahjúkrunarfræðingum í grunnskólunum. Frá allt að 11 ára aldri eins og fram hefur komið í viðtölum og sem í mínum huga telst barnsaldur. Jafnvel án vitundar foreldra og væntanlega fylgja margar vinkonur á eftir.

http://blog.eyjan.is/

**Vilhjálmur Ari Arason**

# Fólk eins og ég er í útrýmingarhættu!

Heilbrigðismál



**María Jónsdóttir**
þroskaþjálfi

Ég er fædd með klofinn hrygg (e. spina bifida). Fóstrum sem þetta finnst hjá á meðgöngu hefur flestum verið eytt á síðustu árum. Mér líður eins og dýri í útrýmingarhættu en við erum ekki útdauð enn. Við erum enn á lífi þau okkar sem fengu að lifa, þegar það sást ekki á meðgöngunni að við myndum fæðast með þessa fötlun.

Þegar maður fær að heyra það ár eftir ár frá samfélaginu að maður hefði ekki átt að fá að fæðast fer maður smám saman að trúa því. En ekki lengur! Nú er tímabært að okkar rödd fái líka að heyrast. Ég hef heyrt frá nokkrum aðilum sem þekkja til verðandi mæðra sem fá að vita að barnið þeirra muni fæðast með klofinn hrygg að þeim sé sagt að börnin munu verða þroskahömluð, í hjólastól og verði baggi á samfélaginu.

Ég er hvorki þroskahömluð né í hjólastól. Ég geng með spelkur á báðum fótum. Ég er þroskaþjálfi og þegar ég útskrifaðist frá KHÍ árið 2004 var lokaverkefnið mitt viðtöl við 3 einstaklinga sem eru fæddir með klofinn hrygg eins og ég.

Í verkefninu kom fram að klofinn hryggur greinist við ómskoðun á 18.-20. viku meðgöngu í yfir 90% tilfella. Þó það sé hægt að sjá að um þessa fötlun sé að ræða er ekki hægt að spá fyrir um hversu mikil lömun verður eða hvort barnið verði þroskahamlað. Fötlunin getur lýst sér á ólíkan hátt milli einstaklinga en því ofar sem skaðinn er á hryggnum, því meiri lömun verður.

Í verkefninu mínu kom einnig fram að á árunum 1961 til 2002 fæddust um 42 einstaklingar með klofinn hrygg á Íslandi, það yngsta árið 1998. Sex fóstur greindust með klofinn hrygg á árunum 2000 til 2003 í Reykjavík. Upplýsingar og ráðgjöf til verðandi foreldra voru sögð einstaklingsbundin. Ég þekki um helming af þessum 42 einstaklingum og held ég geti fullyrt að flestir þeirra séu með eðlilega greind. Þannig að ef fræðslan er á þá leið að barnið verði bæði líkamlega og andlega fatlað þá tel ég það rangt í flestum tilfellum.

Tilgangur rannsóknar minnar var að gefa fólki sem þekkir þetta af eigin raun tækifæri til að tjá sig um eigið líf. Hvað vildi það segja verðandi foreldrum barna með þessa fötlun?

Þau þemu sem komu fram í viðtölunum sem ég tók voru: áhrif klofins hryggjar, nám, heimili, starf, bílpróf, ástin, framtíðin, barneignir, fordómar og álit á fósturgreiningum.

Þó viðtölin hafi verið einungis þrjú er það þó hátt prósentuhlutfall miðað við að við séum einungis um 40 á landinu fædd með þessa fötlun.

Viðmælendur mínir gengu allir í almenna skóla og fóru í menntaskóla. Einn hafði farið í háskólanám. Hreyfihömlun þeirra var mismikil. Þau störfuðu öll á almennum vinnumarkaði og voru bjartsýn á framtíðina. Þau töldu að ef verðandi foreldrar fengju að vita meira þá yrði þessum fóstrum ef til vill ekki eytt. Vegna framfara í taugaskurð/- og þvagfæralækningum hafa lífslíkur þeirra sem fæðast með klofinn hrygg aukist til muna.

Það er eflaust áfall að fá að heyra að barnið manns verði fætt með klofinn hrygg en fyrir okkur sem fæddumst með þessa fötlun þá þekkjum við ekkert annað og ég tel að við lifum eðlilegu lífi. Ég er nýtur þjóðfélagsþegn, starfa sem þroskaþjálfi og er löghlýðinn borgari. Samt eru skilaboðin sú að mitt líf sé minna virði en annarra og ég ætti helst ekki að vera til. Nú virðist þykja eðlilegt að eyða þeim fóstrum sem greinast með einhvers konar frávik. Mér finnst eins og það hafi gleymst að hugsa til þess að það verða aldrei allir ófatlaðir. Það finnst ekki allt á meðgöngu; sumt greinist seinna á ævinni, það verða alltaf til veikindi og slys. Mikið væri nú heimurinn litlaus ef við værum öll eins.

> Þegar maður fær að heyra það ár eftir ár frá samfélaginu að maður hefði ekki átt að fá að fæðast fer maður smám saman að trúa því.

Fyrir áhugasama heitir lokaverkefnið mitt „Lærður veit mikið en reyndur meira — lífssögur fólks fætt með klofinn hrygg“. Ástæðan fyrir nafninu á verkefninu var sú að ég tel að þó læknar geti frætt fólk að einhverju leyti um hvað það þýðir að vera með klofinn hrygg er enginn betur til þess fallinn að segja frá því en við sem þekkjum þetta af eigin raun.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

**Málþing um samfélagsleg áhrif skipulags samgöngukerfisins**

**Snúast samgöngur eingöngu um kostnað?**

Innanríkisráðuneytið, Vegagerðin og Skipulagsfræðingafélag Íslands boða til málþings í Rúgbrauðsgerðinni við Borgartún í Reykjavík kl. 9-12 fimmtudaginn 22. mars.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra setur málþingið og í kjölfarið verða flutt erindi um vistvænar samgöngur, sjálfbærar samgöngur, 2+1 vegi, hjáleiðir um þéttbýli, samgöngur og borgarbrag og aðgengi og athafnir sem lykilþætti skipulags byggða og samgangna.

Aðgangur að málþinginu er ókeypis en þátttakendur eru beðnir að skrá sig með tilkynningu á netfangið: skipulagsfraedi@gmail.com eigi síðar en á hádegi miðvikudaginn 21. mars.

Nánari upplýsingar á vef innanríkisráðuneytisins: innanrikisraduneyti.is

# Ég er rasisti

Kynþáttafordómar



**Kristín Elfa Guðnadóttir**
útgáfustjóri KÍ

Alþjóðadagur gegn kynþáttamisrétti er í dag, 21. mars. Í ár hefst Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti líka í dag. Það hljómar kannski öfugsnúið, en eitt af verkefnunum sem við stöndum frammi fyrir til að útrýma kynþáttamisrétti er að útrýma orðinu kynþáttur.

Hver er rasisti? „Ekki ég, ekki ég,“ segjum við. Gott ef rétt væri. Kynþættir eru menningarsmíð. Það er allt eins hægt að tala um að mannkynið skiptist í „kynþættina“ mjóir og feitir eins og svartir og hvítir. Kynþættir eru flokkunartæki sem við bjuggum sjálf til, ekki guð eða náttúruvalið. Við getum alveg eins trúað því að karlinn búi í tunglinu og grænir menn á Mars. Í menningunni lifir hins vegar góðu lífi sú trú að húðlitur hafi eitthvað að segja um manngildi.

Hún gerði það þó ekki alltaf. Á 15. og 16. öld lýstu evrópskir ferðamenn afrískum gestgjöfum sínum eins og sínum líkum. Afríkubúar voru hundrað prósent manneskjur, rétt eins og Evrópubúar. Það var ekki fyrr en síðar sem Evrópa eignaði Afríku skort á siðferði og greind. Þá var Evrópa farin að græða á þrælahaldi og það þurfti að réttlæta grimmdina með því að líkja öðru fólki við eitthvað ögn réttlausara en „skynlausar skepnur“. Afrískir þrælasalar notuðu aðra flokkun í æðri og óæðri en það var húðlitsflokkunin í „kynþætti“ sem hafði sigur. Hún varð eitt útbreiddasta líkan að hatri á öðrum sem hefur viðgengist undanfarin árhundruð og fram á okkar daga.

Mannfræðingar hafa bent á að ný orð leysa reglulega orðið „rasismi“ af hólmi í almennri umræðu. Ekki þykir þar fínt að vera rasisti. Rasismi verður því neðanjarðarfyrirbæri. Talað er um „málefni innflytjenda“ og „nýbúa“ með hugtökum á borð við „þjóðernishópar“ og „menning“ en oft eru undirliggjandi skilaboð rasísk.

Sagnfræðingurinn George M. Fredrickson heitinn spáði því fyrir áratug að nýr rasismi væri í þann mund að sigra heiminn: Trúarbrögð. Þau eru mannkynsflokkun sem við erum þegar byrjuð að aðhyllast … og eigum eftir að nota í æ meira mæli, sagði Fredrickson. Já, rasisminn er seigt kvikindi. Hann lagar sig að breyttum aðstæðum með því að skipta um ham. En hann er alltaf vondur og skaðar fólk, hverju nafni sem hann nefnist.

Innst inni viljum við flest lifa í sátt og samlyndi hvert við annað. Þó ekki væri nema til að forðast stríð. Eins og segir á vefsíðu nokkurri með myndum af ólíku fólki: „These guys, they’re your neighbours. They’re not going away.“

Leiðin til að lifa saman byrjar á því að tala saman. Vandamál rasískra samfélaga eru ekki „niggarar, útlendingsdjöflar, tæjur og arabafífl“ (allt orð sem ég hef heyrt á Íslandi) heldur rasistar. Mörg erum við svo ekkert að velta því fyrir okkur að við búum í rasísku samfélagi og að við verðum að ræða saman um það. Ef við ætlum að lifa af.

Ég hef búið í bullandi rasísku samfélagi erlendis. Ástandið er skárra hér á yfirborðinu. En það þarf ekki nema eitt klór til að hveragufan brjóti sér leið gegnum skorpuna og allt fari á fullt stím. Ætli Fredrickson hafi haft rétt fyrir sér þarna um árið, með trúarbrögðin? Finnst okkur múslímar hafa sama tilverurétt á Íslandi og við hin?

Nú vantar okkur litlar gular hænur, svona 300 þúsund talsins, sem eru til í að segja: „Jæja þá, ókei, ég er rasisti. Hvað get ég svo gert í því?“

Öryggishnappur sem bjargar
Hjúkrunarfræðingar alltaf á vakt

Með öryggishnappi Öryggismiðstöðvarinnar færðu þráðlausan reykskynjara beintengdan stjórnstöð. Meiri þjónusta sem eykur öryggi þitt og þinna nánustu.

**Það er einfalt og kostar ekkert að skipta um þjónustuaðila.**

ÖRYGGI VELFERÐ

**Hringdu núna!**
**Sími 570 2400 · oryggi.is**
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN



PIPAR\TBWA • SÍA • 120623






# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 21. mars 2011 | 6. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



...við prentum!
Umhverfismerki 141 381 Prentgripur
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is




# Minnkandi hagnaður bankanna

- Stóru viðskiptabankarnir högnuðust um 30 milljarða í fyrra
- Hafa alls grætt um 150 milljarða króna frá bankahruni
- Nýi gengislánadómurinn kostar þá samtals 64 milljarða króna

Sjá nánar á bls. 8

## Icesaving-hópurinn fær ekki að skipta íslenskum krónum

Hópur hollenskra Icesave-sparifjáreigenda situr uppi með mikið magn af íslenskum krónum sem þarlendir bankar neita að skipta fyrir þá yfir í evrur. Sparifjáreigendurnir töldu sig hafa gert samkomulag við hollenska bankann ABN Amro um að skipta krónunum fyrir þá en hann hætti við. Hópurinn hefur því stefnt bankanum fyrir samningsbrot. Þetta kom fram í hollenska blaðinu de Telegraaf.

Hópur þessi hefur verið kallaður Icesaving-hópurinn; í honum eru um 250 sparifjáreigendur. Alls á hópurinn um 25 milljóna evra forgangskröfu á Landsbankann og fékk um átta milljónir evra greiddar í byrjun desember sl. þegar fyrstu hlutagreiðslur til forgangskröfuhafa voru greiddar út. - ÞSJ

## Greiða meira í arð en veiðigjald

Sjávarútvegsfyrirtækið HB Grandi hagnaðist um 6,2 milljarða króna á árinu 2011. Hagnaðurinn nær fimmfaldaðist frá fyrra ári. Þá jókst rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta um 2,5 milljarða króna og um 2,1 prósentustig, sem hlutfall af tekjum.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði út arður til hluthafa að upphæð 40 aurar á hvern hlut. Verði tillagan samþykkt mun heildararðgreiðsla nema 679 milljónum króna. Einnig kemur fram í ársuppgjöri félagsins að það greiddi alls 399 milljónir króna í veiðigjald á árinu. - MÞL / SÍÐA 2

## Olía lækkar eftir loforð Sáda

Heimsmarkaðsverð á olíu féll í gær eftir að yfirvöld í Sádi-Arabíu hétu því að sjá til þess að nægar bensínbirgðir yrðu á markaði.

Olíuverð hefur hækkað um níu af hundraði á þessu ári, sem má að hluta rekja til deilna Vesturveldanna við Íran og hótanir þeirra síðarnefndu um að loka á olíuflutninga um Hormuz-sund.

Yfirlýst takmark Sádi-Araba með þessum aðgerðum er stöðugleiki á markaði. Sádar framleiða nú um tíu milljónir tunna af olíu á dag, en segjast geta hækkað framleiðsluna allt upp í 12,5 milljónir tunna ef nauðsyn þyki. - ÞJ




## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Hækkun verðlags á lestrarefni

Samkvæmt verðmælingum frá Hagstofu Íslands hefur verð á dagblöðum hækkað um 142% frá árinu 2000. Verð á bókum og tímaritum hefur hækkað minna. Tímarit hafa hækkað um 76% og bækur um 48%.
Til samanburðar hefur vísitala neysluverðs hækkað um 100% og almenn launavísitala um 123% á sama tímabili.

**Hækkun frá janúar 2000 til febrúar 2012**

Dagblöð.......... 142%
Tímarit.......... 76%
Bækur.......... 48%
Vísitala neysluverðs.......... 100%
Launavísitala .......... 123%




http://data.is/GAxrAo

### Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar á höfuðborgarsvæðinu




http://data.is/GBwTwa

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 21. MARS**
- Upplýsingar um leiguverð
- Útboð verðbréfa
- Vaxtaákvörðunardagur SÍ
- Útboð RVK 09 1

**FIMMTUDAGUR 22. MARS**
- Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar

**FÖSTUDAGUR 23. MARS**
- Mánaðarleg launavísitala- Hagstofan
- Greiðslujöfnunarvísitala-Hagstofan
- Bankakerfi-hagtölur SÍ
- Útboð ríkisbréfa
- Evrópufundarröð- G20 og ESB
- Aðalfundur SS
- Aðalfundur Icelandair

**MÁNUDAGUR 26. MARS**
Verðbr.-, fjárfest.- og fagfjárfestasjóðir –hagtölur SÍ

**ÞRIÐJUDAGUR 27. MARS**
- Væntingavísitala Gallup
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði
- Útboð LSS150226

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á* Vísir



**SKIP HB GRANDA** Örfirisey og Þerney eru tvö af tólf fiskiskipum HB Granda. Heildarafli skipa félagsins nam 161 þúsund tonni á árinu 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# HB Grandi hagnaðist um rúma 6 milljarða

**Rekstrartekjur HB Granda jukust um rúman fjórðung á árinu 2011 miðað við árið á undan. Heildarhagnaður nam 6,2 milljörðum og leggur stjórn félagsins til að 679 milljónir verði greiddar út í arð. Störfum fjölgaði um 68 á milli ára.**

SJÁVARÚTVEGUR
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Sjávarútvegsfyrirtækið HB Grandi hagnaðist um 37,3 milljónir evra, jafngildi 6,2 milljarða króna, á árinu 2011. Til samanburðar nam hagnaður fyrirtækisins 7,8 milljónum evra árið 2010. Fyrirtækið birti uppgjör sitt fyrir árið 2011 á föstudag.

Stjórn félagsins leggur til að hluthöfum verði greiddur arður upp á 0,4 krónur á hlut. Verði tillagan samþykkt á aðalfundi mun heildararðgreiðsla því nema 679 milljónum króna sem samsvarar 11,3% af hagnaði ársins 2011.

Rekstrartekjur samstæðunnar jukust mikið á árinu eða um 26,9%. Fóru tekjurnar úr 144,8 milljónum evra árið 2010 í 183,7 milljónir. Á móti voru rekstrargjöld 138,2 milljónir evra á síðasta ári og hækkuðu um 24,3 milljónir á milli ára.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) var 56,2 milljónir evra sem jafngildir 30,6% af rekstrartekjum. Á árinu 2010 var rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta 41,2 milljónir evra og hlutfallið 28,5% af tekjum.

Í fréttatilkynningu frá HB Granda segir að hærra EBITDA-hlutfall skýrist meðal annars af hærra afurðaverði en heildarafli skipa félagsins nam 55 þúsund tonnum af botnfiski og 106 þúsund tonnum af uppsjávarfiski. Þá naut fyrirtækið aukinna verðmæta vegna vinnslu á makríl til manneldis en á móti hækkaði olíuverð verulega á milli ára.

Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 4,7 milljónir evra sem er þó talsvert jákvæðari niðurstaða en árið 2010 þegar þessir liðir voru neikvæðir um 13,6 milljónir evra. Lægri fjármagnskostnaður skýrist meðal annars af jákvæðum gengismun að fjárhæð 1,0 milljón evra en til samanburðar nam tap vegna gengismunar 8,2 milljónum evra árið 2010.

Eins og áður sagði var hagnaður samstæðunnar 37,3 milljónir evra á árinu en hagnaður fyrir tekjuskatt var 43,2 milljónir. Tekjuskattur á fyrirtækið nam því 5,9 milljónum evra, jafngildi 981 milljónar króna, en greiddur tekjuskattur var 732 milljónir.

Meðalfjöldi ársverka árið 2011 var 825 en var 757 árið 2010. Fjölgun starfa skýrist að mestu af umfangsmeiri vinnslu í uppsjávarfrystingu. Laun og launatengd gjöld fyrirtækis námu jafngildi 9,3 milljarða króna.

Loks voru eignir fyrirtækisins metnar á 51,1 milljarð króna í lok síðasta árs og skuldir á 23,3 milljarða. Eigið fé var því 27,8 milljarðar.

### GREIÐIR 400 MILLJÓNIR Í VEIÐIGJALD

**Í ársreikningi HB Granda** kemur fram að félagið hafi á árinu 2011 greitt samtals 2,4 milljónir evra í veiðigjald. Það jafngildir 399 milljónum króna en til samanburðar greiddi félagið um milljón evrur, eða 170 milljónir króna, í veiðigjald á árinu 2010. Þá greiddi það einungis 566 þúsund evrur í veiðigjald á árinu 2009 eða jafngildi 94 milljóna króna.
Veiðigjald er greitt samkvæmt lögum um stjórnun fiskveiða vegna aflaheimilda sem viðkomandi aðila er úthlutað. Til grundvallar veiðigjaldinu er lagt aflaverðmæti en frá því skal draga reiknaðan olíukostnað, annan rekstrarkostnað og launakostnað.



# Netbankinn sparar tíma

**Netbanki Landsbankans** getur sparað fyrirtækjum verulegan tíma og býður upp á lausnir sem eru ekki í boði annars staðar. Þú getur skoðað eiginleika netbankans á landsbankinn.is/netbanki-fyrirtaekja.

Í netbanka fyrirtækja er mikil áhersla lögð á ítarlegt yfirlit, leitarvélar, einfaldar aðgerðir og þægilegt notendaviðmót.

**Dæmi um sérstöðu netbankans:**

» Senda kröfur beint í milliinnheimtu
» Veita greiðslufrest á innheimtukröfur
» Nettun bankareikninga með sjálfvirkum millifærslum

Netbankann er jafnframt hægt að beintengja við bókhaldskerfi og framkvæma aðgerðir netbankans inni í bókhaldskerfi fyrirtækisins.

Kynntu þér hvernig **netbankinn getur sparað tíma hjá þínu fyrirtæki.**



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Auglýsingasölu RÚV settar meiri skorður í nýju lagafrumvarpi

**Frumvarp um starfsemi RÚV hefur tekið breytingum. Þátttöku fyrirtækisins á auglýsingamarkaði settar meiri skorður. Bann við auglýsingum á vefnum mun gilda áfram. Hlutfall auglýsinga í sjónvarpi takmarkað við átta mínútur á klukkustund. Áætlað árlegt tekjutap um 245 milljónir.**

SAMKEPPNISMÁL

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Ríkisútvarpið (RÚV) þarf að takmarka hlutfall auglýsinga í dagskrá sinni við átta mínútur á klukkustund, banni við sölu fyrirtækisins á auglýsingum á veraldarvefnum verður viðhaldið og því gert að setja og birta gjaldskrá fyrir viðskiptaboð á vefsíðu sinni þar sem afsláttarkjör fyrir kostunaraðila og auglýsendur séu gagnsæ og standi öllum viðskiptamönnum til boða fyrir sambærilegt umfang viðskipta. Þetta kemur fram í nýju frumvarpi til laga um RÚV sem lagt verður fram á Alþingi á næstu dögum, samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, kynnti drög að nýju frumvarpi um starfsemi RÚV í febrúar síðastliðnum og var hagsmunaaðilum gert mögulegt að gera athugasemdir við það. Á meðal þess sem var nýtt í frumvarpsdrögunum var takmörkun á þátttöku RÚV á auglýsingamarkaði. Samkvæmt því mátti hlutfall auglýsinga í dagskrá RÚV ekki fara yfir tíu mínútur á klukkutíma, bannað var að slíta í sundur dagskrárliði til að koma að auglýsingum, vöruinnsetning var gerð óheimil í innlendri dagskrárgerð og RÚV var gert að birta gjaldskrá fyrir auglýsingar opinberlega.

Samkeppnisaðilar RÚV gagnrýndu takmarkanirnar harkalega og sögðu þær hafa lítil sem engin áhrif á auglýsingatekjur þess. Í tölum sem teknar voru saman fyrir Fréttablaðið kom meðal annars fram að meðallengd sjónvarpsauglýsinga RÚV á kjörtíma, 18 til 23, var 3,7 mínútur á klukkutíma, eða um þriðjungur af því hlutfalli sem frumvarpsdrögin vildu takmarka þær við. Í desember, sem er helsti auglýsingamánuður ársins, fór lengd auglýsingahólfa á RÚV einungis tíu sinnum yfir tíu mínútur. Takmörkunin myndi því ekki hafa teljandi áhrif á sölu RÚV á sjónvarpsauglýsingum nema nokkra klukkutíma á ári. Til viðbótar var bann við sölu RÚV á auglýsingum á vefnum afnumið í nýju frumvarpsdrögunum, en það er mest vaxandi auglýsingamarkaðurinn í dag.

Í frumvarpinu sem lagt verður fyrir Alþingi hefur verið tekið tillit til þessara þátta. Búið er að stytta leyfilega lengd auglýsingahólfa niður í átta mínútur á klukkutíma. Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið mun það skerða tekjur RÚV um 80 milljónir króna á ári. Þá hefur ákvæði um bann við sölu auglýsinga á vefnum verið bætt við það auk ákvæðis um að jafnræðis skuli gæta gagnvart viðskiptamönnum RÚV með því að birta afsláttarkjör fyrir kostunaraðila og auglýsendur. Þau skulu vera gagnsæ og standa öllum viðskiptamönnum til boða fyrir sambærilegt umfang viðskipta. Áætlað er að bann við því að slíta sundur dagskrárliði með auglýsingum, nema í sérstökum undantekningartilvikum, muni hafa í för með sér 165 milljóna króna tekjuskerðingu fyrir RÚV. Samkvæmt frumvarpinu munu þessar aðgerðir því samanlagt skerða árlegar auglýsingatekjur RÚV um 245 milljónir króna hið minnsta. Heildartekjur RÚV af auglýsingum og kostunum á einstökum dagskrárliðum í sjónvarpi og útvarpi voru 1.556 milljónir króna á síðasta rekstrarári, sem lauk 31. ágúst 2011.

Samkvæmt tölum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu var RÚV með 19% hlutdeild á auglýsingamarkaði árið 2010 ef allar auglýsingar voru tilteknar. Tekjur RÚV vegna auglýsinga jukust um 140 milljónir króna á á tímabilinu 2008-2010 á meðan tekjur annarra fjölmiðlafyrirtækja vegna þeirra drógust saman um tæplega 2,1 milljarð króna.

RÚV bætti mest við sig á sjónvarpsauglýsingamarkaði þar sem markaðshlutdeild fyrirtækisins jókst úr tæplega 33% í 42%. Hlutdeild 365 miðla, sem meðal annars gefa út Fréttablaðið og reka Stöð 2, á heildarauglýsingamarkaði var um 56% árið 2009. Þar af var 365 með um helming allra tekna af sjónvarpsauglýsingum það ár.



**RÁÐHERRA** Katrín Jakobsdóttir mun leggja frumvarpið fram á Alþingi á næstu dögum. Hún vill takmarka auglýsingaþátttöku RÚV án þess að skerða tekjur fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## ÚR DRÖGUM AÐ FRUMVARPI UM STARFSEMI RÚV:

**Í drögum að frumvarpinu,** og athugasemdum við það, sem birt voru á vef ráðuneytisins í febrúar segir meðal annars að „í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir því að Ríkisútvarpið hverfi af auglýsingamarkaði. Í greininni er mælt fyrir um skilvirkar og gagnsæjar reglur svo draga megi úr umsvifum þess á markaðnum enda er eitt af markmiðum frumvarpsins að draga úr vægi viðskiptalegra sjónarmiða í starfsemi Ríkisútvarpsins […]
Að mati Ríkisútvarpsins munu takmarkanir á birtingu auglýsinga og á þátttöku á auglýsingamarkaði draga úr tekjum þess. […]Samkvæmt þeim upplýsingum, sem komu fram við vinnu frumvarpsins, má gera ráð fyrir að auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins muni lækka um 15%, verði frumvarpið að lögum. Af þessu leiðir að meira svigrúm gefst á auglýsingamarkaði fyrir fjölmiðla í samkeppnisrekstri og með því er komið til móts við sjónarmið um að Ríkisútvarpið dragi úr og hafi ekki óæskileg áhrif á þeim markaði.“




ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 12-0675

# Ert þú með læst fyrir tölvuþrjótum?

## – Öryggi tölvukerfisins þíns er okkur mikilvægt

**Mörg fyrirtæki freistast til að spara í öryggismálum tölvukerfa sinna. Við mælum ekki með því.** Kostnaður við að hafa öryggismálin í lagi er hverfandi hjá því tjóni sem tölvuárás getur valdið í beinu tapi og glötuðu orðspori. Sem betur fer eru til öflugar varnir sem við mælum með að þú kynnir þér.



### Advania býður

- Öryggisráðgjöf
- Rafræn skilríki
- Öruggan tölvupóst
- Gagnavernd
- Dulritun
- Rafrænar undirritanir
- Örugg starfsmannakort
- Hýsingu
- Rekstrarþjónustu
- Varnir gegn árásum

VeriSign · GlobalSign · Symantec · TREND MICRO · SafeNet · cryptzone · Microsoft · HID · websense

### Hafðu samband

Starfsmenn öryggislausna Advania eru til þjónustu reiðubúnir í síma 440 9000. Nánari upplýsingar má finna á **www.advania.is/oryggi**.

## Morgunverðarfundur um öryggismál!



Föstudaginn 23. mars verður opinn morgunverðarfundur fyrir atvinnulífið um upplýsingaöryggi kl. 8.30 – 10.00 í ráðstefnusal Advania að Ármúla 2.

Meðal fyrirlesara verða Ægir Þórðarson og Hákon Åkerlund hjá Landsbankanum, Tryggvi R. Jónsson hjá Deloitte, Lior Arbel hjá Websense og Dr. Ýmir Vigfússon hjá HR. Einnig stíga á stokk þau Elísabet Sveinsdóttir, Sigurður Másson og Sigrún Ámundadóttir hjá Advania.

Skráning og dagskrá á **www.advania.is**.

advania
Welcome to IT

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is




**VÍKURPRJÓN** Drífa ehf. hefur fest kaup á Víkurprjóni en starfsemin mun haldast óbreytt.

Drífa ehf. kaupir Víkurprjón í Vík í Mýrdal:

# Stefna að óbreyttum rekstri eftir söluna

Drífa ehf., sem á meðal annars vörumerkið Icewear, hefur keypt sauma- og prjónastofuna Víkurprjón í Vík í Mýrdal. Víkurprjón hefur verið starfrækt í rúm 30 ár og framleiðir sokka og peysur, aðallega úr íslenskri ull, ásamt því að reka verslun í Vík.

Í tilkynningu segir að stefnt sé að því að reka Víkurprjón áfram í óbreyttri mynd. Drífa rekur tvær verslanir, í Reykjavík og Garðabæ, en selur líka Icewear-útivistarvörur í ferðamannaverslunum um allt land.

Drífa hefur verið starfrækt í 40 ár og framleiddi lengst af íslenskar ullarvörur en síðastliðin átta ár hefur fyrirtækið þróað alhliða útivistarlínu. Eftir kaupin starfar 31 hjá Drífu-Icewear og Víkurprjóni.

- þj



**HANDSALAÐ** Sigurður Arnar Sigurðsson, forstjóri Húsasmiðjunnar, og Peter Christiansen, eigandi og stjórnarformaður Bygma.

Hagstæðari innkaup hjá Húsasmiðjunni:

# Húsasmiðjan nú orðin hluti af Bygma-keðjunni

Húsasmiðjan verður formlega hluti af dönsku byggingavörukeðjunni Bygma frá og með deginum í dag. Nafn fyrirtækisins mun þó haldast óbreytt og allar verslanir þess verða áfram reknar undir merkjum Húsasmiðjunnar. Í tilkynningu vegna sameiningarinnar kemur fram að hún muni fela í sér mikil tækifæri til hagstæðari innkaupa.

Bygma gekk frá kaupum á Húsasmiðjunni í desember 2011. Kaupverðið var 800 milljónir króna auk þess sem keðjan tók yfir 2,5 milljarða króna skuld. Í kjölfarið var stofnað nýtt félag utan um rekstur, skuldir og skuldbindingar fyrirtækisins.

Kaupverðið, ásamt 240 milljóna króna eignum, var skilið eftir inni í gamla félaginu ásamt 700 milljóna króna endurálagningu skattayfirvalda og mögulegri sekt samkeppnisyfirvalda vegna meints ólögmæts samráðs Húsasmiðjunnar við samkeppnisaðila sína.

-þsj

Heiðar Már Guðjónsson:

# Hagkerfinu er að „blæða út“

Heiðar Már Guðjónsson, hagfræðingur og fjárfestir, segir í viðtali í Klinkinu, spjallþætti um efnahagsmál og viðskipti á viðskiptavef Vísis, að íslenska hagkerfinu sé að „blæða út“ vegna gjaldeyrishafta. Nauðsynlegt sé að bregðast við og taka upp alþjóðlega mynt sem allra hraðast. Þar segist Heiðar Már helst horfa til Kanadadollarsins, þar sem hagsmunir Kanada og Íslands séu á margan hátt samtvinnaðir, bæði efnahagslega og ekki síður landfræðilega, horft til langrar framtíðar. „Tilrauninni með krónuna er lokið,“ segir Heiðar Már í þættinum. Sjá má þáttinn inni á viðskiptavef Vísis.is.

- mh





**NÁGRANNAR** Saga Capital flutti starfsemi sína í Reykjavík í Turninn við Höfðatorg síðla árs 2010. Fjármálaeftirlitið flutti starfsemi sína þangað í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fjármálaeftirlitið vill slíta starfsemi Sögu

**FME hefur höfðað mál gegn Sögu Capital og vill að félagið verði tekið til slitameðferðar vegna þess að það hefur ekki starfsleyfi. Á sama tíma hafa forsvarsmenn Sögu áfrýjað afturköllun starfsleyfis til Hæstaréttar.**

FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur höfðað mál á hendur Sögu Capital til að reyna að slíta félaginu. Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Norðurlands eystra síðastliðinn fimmtudag. Samkvæmt upplýsingum frá FME tengist málshöfðunin ákvörðun þess að afturkalla starfsleyfi Sögu en Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti þá ákvörðun 5. mars síðastliðinn. Hersir Sigurgeirsson, forstjóri Sögu, segir að þeirri niðurstöðu hafi verið áfrýjað til Hæstaréttar. Hann telur kröfu FME um að setja félagið í slitameðferð vera eins og að framfylgja dauðadómi á meðan hann er enn í áfrýjun.

Saga Capital tapaði 1,8 milljörðum króna á árinu 2010 og samtals 8,3 milljörðum króna á árunum 2008-2010. Tekjur bankans á árinu 2010, 382 milljónir króna, drógust saman um 250% og nægðu ekki fyrir launum starfsmanna, hvað þá öðrum rekstrarkostnaði. Á sama tíma fjölgaði starfsmönnum Sögu úr 32 í 37 og bankinn flutti starfsstöð sína í Turninn við Höfðatorg.

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, fyrrverandi forstjóri Sögu, sagði upp starfi sínu í febrúar í fyrra og var Hersir ráðinn í hans stað. Í kjölfarið var ráðist í víðfeðmar aðgerðir til að skera starfsemi Sögu niður. Starfsmönnum var fækkað hratt á fyrstu mánuðum ársins og í lok ágúst var fyrirtækjaráðgjöf Sögu seld til MP banka og þorri annarra starfsmanna Sögu fékk uppsagnarbréf. Eftir þessar breytingar voru einungis tveir starfsmenn eftir hjá Sögu.

FME afturkallaði starfsleyfi Sögu sem fjárfestingabanka í október 2011 þar sem hann fullnægði ekki ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki um eigið fé. Í kjölfarið var nafni hans breytt úr Sögu Fjárfestingabanka aftur í Sögu Capital. Félagið mátti enn fremur ekki lengur kalla sig banka.

Forsvarsmenn Sögu vildu að sú ákvörðun yrði ógilt og höfðuðu mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Kröfu fyrirtækisins var hafnað í byrjun mars og hefur Saga áfrýjað þeirri niðurstöðu til Hæstaréttar. FME hefur samt sem áður höfðað mál á hendur Sögu og vill slíta starfsemi fyrirtækisins. Að sögn Hersis hefur áfrýjun Sögu í ógildingarmálinu fengið flýtimeðferð fyrir Hæstarétti og er búist við niðurstöðu í lok maí. Hann segir það þó ekki breyta því að málalok í slitamáli FME gætu legið fyrir áður en sú niðurstaða lægi fyrir. „FME hefur gert kröfu um að félagið verði tekið til slitameðferðar. Eftirlitið vill meina að því beri að gera það eftir að starfsleyfið var afturkallað. Mér fyndist það mjög undarleg niðurstaða, en það er krafa FME. Þetta er eins og að framfylgja dauðadómi á meðan hann er í áfrýjun. Slitameðferð er nokkuð endanleg.“

Núverandi starfsemi félagsins felst fyrst og fremst í úrvinnslu á eignasafni Sögu og uppgjöri við kröfuhafa þess. Að sögn Hersis er þó vilji á meðal hluthafa Sögu að hefja sambærilega starfsemi og var í fyrirtækinu áður fyrr en í smækkaðri mynd. „Við gerum það ekki án starfsleyfis. Ef það kemur inn slitastjóri þá tekur hann völd hluthafafundar og stjórnar. Hlutverk hans er þá að innkalla kröfur og tryggja að þær séu réttar.“

## SEÐLABANKINN Á 10% HLUT Í SÖGU

**Í mars 2009** veitti ríkissjóður Sögu Capital 19,6 milljarða króna lán sem bar 2% vexti og átti að greiðast með fimm jöfnum afborgunum á árunum 2011 til 2015. Saga núvirti lánið miðað við 12% ávöxtunarkröfu og bjó þar með til nægilega mikla eign í bókhaldi sínu til að sýna jákvætt eigið fé. Í lok október 2009 voru síðan búin til tvö félög utan um eignarhaldið á Sögu Capital, Saga eignarhaldsfélag og Hilda.

Hilda var látin yfirtaka skuldina við ríkissjóð, sem þá hafði verið færð í dótturfélag Seðlabankans, Eignasafn Seðlabanka Íslands (ESÍ). Ásamt skuldinni voru færðar eignir frá Saga Capital sem sagðar voru 14,3 milljarða virði, víkjandi skuldabréf upp á 1,6 milljarða króna og tæplega 10% hlutur í Sögu Capital. Tveimur mánuðum eftir stofnun Hildu hafði virði eigna félagsins skroppið saman um rúma 4 milljarða króna.

Í lok júní 2011 var haldinn aðalfundur Hildu. Þar nýtti ESÍ gjaldfellingarúrræði sem var í samningum þess við Hildu og tók félagið yfir. Í kjölfarið var allt hlutafé Hildu fært niður og hækkað aftur um 1 milljarð króna. Seðlabankinn varð við það óbeinn eigandi að 10% hlut í Sögu. Samkvæmt upplýsingum frá Sögu var búið að greiða um fimm milljarða króna inn á ríkislánið þegar Hilda var tekin yfir.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

## NÝTT GÆÐA- OG UMHVERFISKERFI

VAKINN

**Vakinn er nýtt gæða- og umhverfiskerfi ferðaþjónustunnar en því var hleypt af stokkunum fyrr á árinu. Gert er ráð fyrir því að það muni bæði efla gæði og öryggi í ferðaþjónustu á Íslandi, en jafnframt byggja upp samfélagslega ábyrgð ferðaþjónustufyrirtækja.**



# NOTAÐ Í NÝJU LJÓSI

**HÖNNUNARMARS** *Gamlir hlutir öðlast nýtt hlutverk á væntanlegri samsýningu listakvenna og hönnuða í Kirsuberjatrénu. Sýningin er hluti af HönnunarMars sem brestur á með látum á fimmtudag.*

Eigendur Kirsuberjatrésins leiða saman hesta sína á samsýningunni Hönnunarvals í húsakynnum verslunarinnar að Vesturgötu 4 dagana 22. til 25. mars í tilefni af HönnunarMars. Endurvinnsla er þemað þar sem hversdagslegir hlutir ganga fá endurnýjun lífdaga.

„Við ákváðum að líta okkur nær og nota það sem er fyrir framan augun okkar á hverjum degi. Okkur fannst það bara passa við tíðarandann í dag þar sem verið er að reyna að skrúfa á neyslusamfélagið," útskýrir Arndís Jóhannsdóttir, ein tíu kvenna sem taka þátt.

Sýnendur koma úr ólíkum áttum, með víðtæka menntun á sviði lista, handverks og hönnunar og eru viðfangsefnin breytileg eftir því. Allt frá endurunnu postulíni, gleri, textíl, trévörum og upp í gömul Álafoss teppi. Sjálf er Arndís menntuð sem söðlasmíðameistari og verður með sundtösku og tvær gerðir af umhverfisvænum blaðakörfum á sýningunni.

„Ég var alltaf með stafla af Fréttablöðum sem söfnuðust í glugganum heima og vantaði gott ílát undir þau milli Sorpuferða. Út frá því kviknaði sú hugmynd að búa til blaðakörfu úr sjálfum blöðunum og sýna þannig hvað má gera við þau að lestri loknum," upplýsir Arndís og getur þess að önnur karfan sé hönnuð til að hengja upp á vegg á meðan hin fari vel á gólfi.

HönnunarMars fer nú fram í fjórða sinn og hafa eigendur Kirsuberjatrésins verið með frá byrjun. Arndís segir að í viðburði sem þessum felist gríðarleg tækifæri fyrir íslenska listamenn og hönnuði. „HönnunarMars ýtir undir sköpunargleði. Fólk fyllist krafti, gerir nýja hluti og fær tækifæri til að sjá hvað aðrir eru að gera. Hönnun er enn ungt fag á Íslandi og þarna náum við að stimpla hana betur inn í vitund almennings og vekja athygli á henni úti í heimi." ■ rve

**UMHVERFISVÆNT** Arndís verður með sundtösku úr krónupokum og tvær gerðir af blaðakörfum á sýningunni. Mesta vinnu segir hún fólgna í köntum á blaðakörfunum sem eru fléttaðar saman úr dagblöðum og afklippum af fiskroði. MYND/GVA

## HVATNING

„HönnunarMars ýtir undir sköpunargleði. Fólk fyllist krafti, gerir nýja hluti og fær tækifæri til að sjá hvað aðrir eru að gera."


**Hugsaðu vel um fæturna**



Í meira en hálfa öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: Florida. Verð: 12.885,-
Misty skor Laugavegi 178
BIRKENSTOCK
Margir litir
Stærðir: 36 – 42
Vertu vinur
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



**Kjólar og mussur**

Kjóll á 10.900 kr.
Einlitir og tvílitir
Str. 40 - 56

Mussa á 6.900 kr.
5 litir Str.
M - XXXL

Sendum í póstkröfu

Ríta
Bæjarlind 6 S. 554 7030
Eddufelli 2 S. 557 1730
www.rita.is
Við erum á Facebook




















**KLASSÍK**
Chevrolet Impala 1957 er ímynd amerískrar töffaramennsku.

# CHEVY ORÐINN HUNDRAÐ ÁRA

**FLOTTIR KAGGAR** *Bílamerkið Chevrolet fagnaði hundrað ára afmæli á síðasta ári. Fljótlega flosnaði þó upp úr samstarfi stofnendanna og kappaksturshetjan Louis Chevrolet seldi sinn hlut í fyrirtækinu strax árið 1915. Sennilega grunaði hann ekki að þessir bílar ættu eftir að gera nafn hans ódauðlegt.*

Chevrolet, eða The Chevy eins og Ameríkanar kalla þessa bílategund, fagnaði 100 ára afmæli á síðasta ári. Kappakstursshetjan Louis Chevrolet og William C. Durant, einn stofnenda General Motors, stofnuðu fyrirtækið Chevrolet Motor Car Company 3. nóvember 1911 og fóru ekkert í launkofa með það að meginmarkmiðið var að ná sterkri samkeppnisstöðu gagnvart Ford-bílaverksmiðjunum og þá einkum Model T Fordinum sem naut gífurlegra vinsælda. Árið 1918 tók General Motors við framleiðslu Chevrolet-bílanna og við það batnaði markaðsstaða þeirra umtalsvert.

Vörumerki Chevrolet, hin fræga slaufa, leit dagsins ljós árið 1913 og sögðu sumir að það væri byggt á slaufu sem Durant hefði séð í veggfóðri á frönsku hótelherbergi. Aðrir hafa haldið því fram að slaufan sé í raun stíliseraður svissneskur kross, enda stofnandinn ættaður frá Sviss.

Louis Chevrolet var ekki lengi aðili að framleiðslu bílanna sem báru nafn hans. Árið 1915 lentu þeir Durant í rifrildi vegna hönnunar bílanna og Chevrolet seldi Durant sinn hlut. Hann hefur væntanlega séð eftir því seinna þar sem salan blómstraði og árið 1963 var tíundi hver bíll sem seldur var í Bandaríkjunum Chevrolet.



Meðal bíla frá Chevrolet sem ná hafa költstatus má nefna Corvettuna, Impala, Bel Air og Camaro sem enn er í framleiðslu og selst vel.

**FAGRAR LÍNUR**
Chevrolet Bel Air er einn fegursti bíll allra tíma eins og sést hér að ofan.



## FRÍTT Í FRÍINU | BARCELONA

**Güell-garðurinn**

**FERÐALANGAR Á LEIÐINNI TIL BARCELONA ættu að gera sér ferð í Parc Güell-garðinn en Antoni Gaudí skipulagði og sá um gerð hans frá árunum 1900-1914. Garðurinn var upphaflega hugsaður sem íbúasvæði fyrir efnaðar fjölskyldur en ríkið keypti svæðið sem er nú vinsæll ferðamannastaður, einkum á meðal fjölskyldna. Helstu kennileiti eru hin þekkta eðlustytta Gaudí, El Drac, hús sem Gaudí bjó sjálfur í og svo svalir með útsýni yfir borgina. Þar er stundum hægt að hlýða á tónlistarmenn spila djass.**



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# GÓLFEFNI

**Kynningarblað**
Mósaík
Viðarparket
Harðparket
Flísar
Teppi
Hreinsiefni

MIÐVIKUDAGUR **21. MARS 2012**


# Parket í hæsta gæðaflokki

**Verslanir BYKO bjóða eitt fjölbreyttasta úrval landsins af harðparketi ásamt viðarparketi og vottuðum flísum af öllum stærðum og gerðum. Í BYKO Breiddinni við Skemmuveg 2-4 er hægt að nálgast fjölda sýnishorna á aðgengilegan hátt í glæsilegum nýinnréttuðum sýningarsal.**

Ingólfur Sigurðsson, sölustjóri gólfefnadeildar BYKO, hefur unnið í gólfefnabransann í meira en þrjátíu ár. Hann segir harðparket í mikilli sókn síðastliðin ár. „Harðparket er svo miklu fallegra, eðlilegra og í mun meira úrvali en áður. Nú greinir fólk varla mun á harðparketi og viðarparketi og ekki óalgengt að það leggi harðparket á heilu einbýlin. Ungt fólk er nýungagjarnara og hikar ekki við að velja harðparket.“

Ástæðurnar rekur Ingólfur líka til þess hversu ódýr, endingargóð og einföld í þrifum harðparket eru. „Þau þola meira hnjask heldur en viður þótt vissulega kunni aðeins að sjást á þeim að einhverjum tíma liðnum. Svo er leikur einn að þrífa harðparket þar sem ekkert festist raunverulega á því. Maður þarf bara rakan klút og losnar við að skúra.“


BYKO býður eitt fjölbreyttasta úrval landsins í harðparketi að sögn Ingólfs Sigurðssonar.

## Harðparket í gríðarlegu úrvali

Að sögn Ingólfs býður BYKO eitt fjölbreyttasta úrval landsins í harðparketi og þar eru fremst í flokki efni frá hinum virta þýska framleiðanda Kronospan sem BYKO hefur selt harðparket frá í tæp 15 ár. „Við eigum í raun harðparket fyrir alla og allar aðstæður, á heimilið, í sumarbústaðinn eða á skrifstofuna,“ upplýsir hann og getur þess að harðparketið fáist í mismunandi þykktum, sex, sjö, átta og brátt tíu millimetra, sem er mælt í styrkleika út frá fyrirhugaðri notkun.

Allt harðparket frá BYKO er smellt sem Ingólfur segir auðvelda lagningu til muna. „Þá læsast borðin í mót og lokast í fals. Ekki þarf að vesenast við að líma auk þess sem engar glufur myndast.“

## Vandað viðarparket

Í BYKO fæst einnig vandað viðarparket í öllum stærðum og gerðum. Þar á meðal frá austurríska framleiðandanum Steirer sem Ingólfur segir íslenska iðnaðarmenn þekkja sem eitt vandaðasta parketið á markaðnum „Þetta er hágæða smelluparket sem er einstaklega auðvelt að leggja þökk sé meðal annars nýrri kynslóð af endasmellu. Talað er um að 25 prósent fljótlegra sé að leggja parketið vegna þessarar nýju smellu í samanburði við annað parket,“ segir Ingólfur. Hann getur þess að Steirer-parketið fáist í öllum helstu viðartegundum auk þess sem tekið sé við sérpöntunum og ekki komi að sök þátt magnið sé lítið. „Svo er allt lakkað sjö sinnum með sérstöku UV-lakki sem kemur í veg fyrir aðgengi útfjólublárra geisla sólar og minnkar litabreytingar á gólfinu.“

Ingólfur hvetur alla til að kynna sér úrvalið í BYKO Breiddinni þar sem gólfefnadeildin státar af glæsilegum nýinnréttuðum sýningarsal. „Þar taka á móti viðskiptavinum reyndir starfsmenn sem eru boðnir og búnir að ráðleggja þeim við val á gólfefni.“

Nánari upplýsingar á heimasíðu BYKO, www.byko.is og veittar í síma 515 4000.


„Þetta er hágæða smelluparket sem er einstaklega auðvelt að leggja þökk sé meðal annars nýrri kynslóð af endasmellu,“ segir Ingólfur um viðarparketið. MYND/ANTON


Harðparket frá Kronospan nýtur mikilla vinsælda hérlendis.




# Gamalt olíuborið parket verður sem nýtt

**Parketgólf slitna og óhreinkast með tímanum rétt eins og hver önnur gólf. Gólfefnaval ehf. hefur um langt árabil boðið upp á heildarlausn í viðhaldi parkets með umhverfisvænum parketvörum. Sífellt fleiri viðargólf eru nú olíuborin og hefur oft reynst erfitt að þrífa þau og halda þeim við. Nú eru komin ný efni frá Bona sem gera það mun auðveldara að halda olíubornu viðargólfi við.**

Starfsfólk Gólfefnavals mælir með Bona olíuhreinsi (Bona Oil Cleaner) til daglegra þrifa. Það er sérstaklega blönduð feit sápa sem er ætluð til daglegra þrifa á olíubornum viðargólfum.

Bona olíuhreinsirinn gerir þrifin auðveld, örugg og árangursrík. Þessi sérstaka blanda bæði hreinsar og nærir olíuborna parketið ásamt því að auka vörnina á gólfinu.

### NÝTT Á ÍSLANDI …

Þegar næra þarf olíuborið parket benda starfsmenn Gólfefnavals á Bona Oil Refresher en efnið er ætlað er á olíuborin gólf sem farin eru að láta á sjá. „Með Bona Oil Refresher verður viðhaldið á olíu- og vaxbornum (hardwax oiled) viðargólfum að leik einum. Efninu er einfaldlega spreyjað á gólfið og síðan strokið yfir það,“ segir Gunnar Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri Gólfefnavals. „Efnið krefst ekki vélbúnaðar. Lausnin tryggir sterka vörn og gefur gólfinu nýjan fallegan ljóma. Bona Oil Refresher er umhverfisvæn vara með mjög lágu leysiefnainnihaldi. Það er vatnsleysanlegt og nánast lyktarlaust.

### Slitin og snjáð lökkuð gólf

Gunnar segir einnig fáanlegt efni fyrir lakkað parket sem heitir Bona Refresher. „Það er borið á parketið til að endurheimta gljáann án þess að slípa það.“ útskýrir hann. Efnið er ætlað fyrir parket sem eru orðin lúin, rispuð og mött. Það er mjög auðvelt í notkun og ætlað fyrir hinn almenna notanda. „Það kemur fólki mjög á óvart hve árangursrík, einföld og ódýr þessi lausn er,“ segir Gunnar Þór.

### Slípun, lökkun og olíuburður

Gólfefnaval leggur mikla áherslu á að bjóða heildarlausnir í hreinsi- og viðhaldsvörum fyrir parket. „Við höfum fundið mikið fyrir því undanfarið að fólk velur að endurnýja parketgólfin sín með slípun og lökkun eða olíuburði í stað þess að rífa þau upp og leggja ný. Sumir kjósa að breyta um lit á gólfinu á meðan aðrir velja hefðbundið lakk,“ segir Gunnar Þór.

### Umhverfisvæn efni

Gólfefnaval flytur inn viðhaldsvörur fyrir allar gerðir parketa frá Bona í Svíþjóð. „Neytendur hugsa sífellt meira um heilsufarsleg og umhverfisleg áhrif þeirra efna sem þeir nota og í dag er Bona einn stærsti framleiðandi umhverfisvænna viðhaldsefna fyrir parket í heimi,“ segir Gunnar Þór.

### Metum gólfið fyrir fólk

Í samvinnu við Iðjuna fræðslusetur og Félag íslenskra parketmanna hefur Gólfefnaval boðið upp á fjölda námskeiða fyrir fagmenn. „Við förum í fyrirtæki og heimahús og metum ástand parkets og leggjum síðan til hvað hægt er að gera og hvað sé hagkvæmast að nota á parketið,“ segir Gunnar Þór.

Hann segir þau parket sem seld hafa verið hér á landi undanfarin 20 ár í 90% tilfella vera slípanleg tvisvar til þrisvar sinnum. „Því er upplagt að skoða það hvort ekki sé hægt að slípa upp gamla parketið og gera það sem nýtt. Það er mun ódýrara að endurslípa parketið heldur en kaupa nýtt,“ segir Gunnar Þór.

Gólfefnaval er fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið starfrækt frá árinu 1998 og segir Gunnar að vörur frá Bona séu sífellt að verða stærri þáttur í verslun fyrirtækisins. Vörurnar fást auk þess í Hagkaupum Garðabæ, Skeifunni, Kringlunni og í Smáralind, Eini parketþjónustu á Akureyri og í Shell-skálanum í Hveragerði.



Gólfefnaval flytur inn viðhaldsvörur fyrir allar gerðir af parketi frá Bona í Svíþjóð. Bona er einn stærsti framleiðandi umhverfisvænna viðhaldsefna fyrir parket í heimi. MYND/GVA


## Bona Sprey Moppan

- Auðvelt að fylla á.
- Rétt blönduð sápa.
- Skilur ekki eftir ský á gólfi.
- Hentar öllum gerðum af viðargólfum, flísum og gólfdúkum.
- Takmarkar vatn á parketi.
- Umhverfisvænt.
- Ofnæmisprófað.
- Yfir 1.500.000 stk seld í USA.



Páskatilboð
-10%
Gildir fram að páskum
Innifelur: Sprey moppu, festiplötu m. riflás, Örtrefjamoppu og ph hlutlausa sápu.

Gólfefnaval

Vatnagarðar 14 • 104 Reykjavík • Sími 517 8000


# Gengið á fornum listaverkum

**Mósaíkgólf hafa verið lögð í fjögur þúsund ár og reis sú list hæst á dögum Rómverja, þótt flestir bestu listamennirnir sem þau gólf lögðu væru reyndar grískir. Enn eru lögð mósaíkgólf í mörgum byggingum þótt óalgengt sé að úr þeim séu sköpuð myndverk.**

Saga mósaíkgólfanna er 4.000 ára gömul og mörg þeirra eru í dag talin meðal fremstu listaverka heimsins. Í upphafi var um að ræða mislit flísabrot sem lögð voru án þess að mynda sérstakt munstur en um 800 fyrir Kristsburð voru menn farnir að leggja brotin þannig að þau mynduðu munstur og um 200 fyrir Krist voru Grikkir farnir að leggja mósaíkgólf með myndum af fólki og dýrum í aðstæðum sem líktu eftir veruleikanum.

Listin að leggja mósaíkgólf hélt áfram að blómstra á tímum Rómverja en mörg þeirra gólfa sem varðveist hafa frá þeim tíma voru þó lögð af grískum listamönnum eins og til dæmis gólf sem fundist hafa í Pompeii.

Glerbrot og brot úr leirtaui voru oft notuð í veggmyndir en þau hentuðu ekki til gólflagna þannig að mislitar flísarnar voru oft brotnar niður í nokkurra millimetra agnir til þess að hægt væri að „teikna“ sem nákvæmastar myndir. Mislit marmarabrot voru líka vinsæl og bestu listamennirnir náðu ótrúlegri færni í að raða brotunum saman í flóknar myndir.

Listinni að leggja mósaíkgólf sem líktu eftir málverkum fór að hnigna upp úr miðöldum, þótt lengi eftir það væru flísabrot lögð í gólfin í ákveðnu mynstri og það sé gert enn í dag í mörgum opinberum byggingum.


Mósaík var notað jafnt á gólf sem veggi í arabaheiminum fyrr á öldum. NORDICPHOTOS/GETTY

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Ívar Örn Hansen, ivarorn@365.is s. 512-5429
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.




# NÁTTÚRULEG & GLÆSILEG GÓLFEFNI







## BIRGISSON EHF LEIÐANDI OG FRAMSÆKIÐ FYRIRTÆKI

*„Þegar innrétta á heimili eða fyrirtæki þarf að hugsa til framtíðar. Varan þarf að vera vel hönnuð og útfærð, henta íslenskum aðstæðum og ennfremur að endast vel. Við hjá Birgisson ehf. höfum þetta ávallt í huga þegar við ráðleggjum fólki. Við leggjum áherslu á hönnun og gæði. „Það margborgar sig að vanda valið,“* segir Birgir Þórarinsson, forstjóri Birgisson ehf.

### Glæsilegur sýningarsalur í Ármúla 8

Í sýningarsal Birgisson í Ármúla 8, býður fyrirtækið fjölbreytt úrval af parketi, flísum og hurðum, allt vörur frá þekktum og virtum framleiðendum. Þar er hægt að skoða yfir 80 sýnishorn af parketi, 110 sýnishorn af flísum, 60 sýnishorn af plastparketi og 40 sýnishorn af innihurðum, ásamt úrvali af fylgihlutum.

### Vel þekkt vörumerki

Vörumerkin eru vel þekkt hér á landi og viðurkennd vara um allan heim s.s. **Kährs** parket, **Ringo** innihurðir, **Ter Hürne** loftaþiljur og **Agrob Buchtal** og **Casa Dolce Casa** gólf- og veggflísar. Þá er Birgisson ehf. með umboð fyrir **Pergo** harðparket, **Sopro** fúgu og flísalím og nýlega fékk fyrirtækið umboð fyrir **Hakwood** parket frá Hollandi og **Kronotex** planka harðparket frá Þýskalandi.

Birgir hefur verið umboðsmaður fyrir sænska parketframleiðandann Kährs í 25 ár og segir viðskiptavini og fagmenn þekkja gæðin. *„Það er búið er að selja yfir eina milljón fermetra af Kährs parketi á Íslandi frá því ég tók við umboðinu árið 1986 en það segir sína sögu um gæðin. Allir fagmenn þekkja Kahrs parketið, enda hentar það vel okkar aðstæðum. Við Íslendingar kyndum húsin mikið og rakastig í íbúðum getur verið mjög lágt yfir vetrartímann. Þess vegna er nauðsynlegt að rakainnihald í parketinu sé ekki meira en 7%. Við þurfum að hafa þetta í huga þegar við veljum parket.“*

### Nýjar vörur

**Sopro** hreinsiefni fyrir stein og flísar. **Nanofloor** parketlökk, olíur og hreinsiefni.









*Kíktu í glæsilegan sýningarsal okkar að Ármúla 8.*

Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 5160600 | www.birgisson.is | Opið virka daga 9-18 og lau 10-14




Borðleggjandi gæði






# VIÐ AUÐVELDUM ÞÉR VALIÐ!

Nú getur þú valið rétta parketið í rólegheitum heima. Þökk sé nýrri þjónust þ.e. **„Virtual Show-Room" sýndarsýningarsalur.** Á heimasíðu Kährs **www.kahrs.com** og Kronotex **www.kronotex.com** getur þú skoðað parketið í sýndarsýningarsal. Þú velur þinn stíl og umhverfi,
sem svipar til þess rýmis, sem þú þarft parket á og einfaldlega breytir parketinu á gólfinu þar til þú/þið eruð ánægð. Það getur ekki verið auðveldara.

# FACEBOOK LEIKUR

facebook

Farðu inn á facebook síðuna okkar og ýttu á „like" hnappinn og **þú getur unnið 50 m² af Kronotex harðparketi.**
**31. mars drögum við út þann heppna.**




Sími 516 0600 - www.birgisson.is



# ÞEKKING, REYNSLA OG ÚRVALS ÞJÓNUSTA

Gæða vörur á góðu verði og þjónustulundað, reynslumikið starfsfólk, er lykillinn af ánægðum viðskipavinum. Birgisson ehf. hefur á að skipa úrvals starfsfólki, með mikla þekkingu og reynslu.

*Vertu velkomin/n við tökum vel á móti þér.*

**Birgisson**

Ármúli 8 I 108 Reykjavík
Sími 516 0600 I www.birgisson.is

*Taktu þátt í Facebook leiknum okkar*


Kährs®
QUALITY IN WOOD SINCE 1857
NÁTTÚRAN
ER HINN
FULLKOMNI
HÖNNUÐUR
Kährs parket er gjöf
náttúrunnar til þín
og framtíðarinnar.
30 ára ábyrgð
Borðleggjandi gæði
VIRTUAL
SHOW-
ROOM
www.kahrs.com
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík
Sími 516 0600 I www.birgisson.is



„Við erum að endurnýja parketdeildina, auka úrvalið og endurnýja útstillingar," segir Kolbeinn Össurarson, markaðs- og sölustjóri hjá Álfaborg. Verslunin flytur inn parket frá Tarkett í Svíþjóð.

# Allt á gólfið á einum stað – parket, flísar, teppi og dúkar

**Gólfefnaverslunin Álfaborg í Skútuvogi 6 býr yfir úrvali hágæða gólfefna. Fyrirtækið flytur meðal annars inn parket frá Tarkett, einum stærsta parketframleiðanda í Evrópu sem hentar íslenskum aðstæðum vel. Breytingar standa yfir á parketdeild verslunarinnar þar sem úrval verður aukið.**

Það standa yfir breytingar hjá okkur en við erum að endurnýja parketdeildina, auka úrvalið og endurnýja útstillingar. Nú skiptum við einnig eingöngu við Tarkett í Svíþjóð, en það er einn stærsti parketframleiðandi í Evrópu í dag," segir Kolbeinn Össurarson, markaðs- og sölustjóri hjá gólfefnaversluninni Álfaborg.

Meðal nýjunga sem er að finna í nýju parketdeildinni í versluninni er nýtt þriggja stafa eikarparket með endasmellu sem einfaldar lagninguna þess á gólf.

„Endasmellan sparar um það bil fimmtán prósent í tíma við lögn, þannig sparast ákveðinn kostnaður við framkvæmdirnar," útskýrir Kolbeinn. „Við fáum frábæra vöru frá Tarkett á mjög samkeppnishæfu verði en endasmelluparketið er á 4.590 krónur fermetrinn. Þá erum við með plankaparket 190 millimetra breitt á 7.990 krónur fermetrann sem er mjög gott verð. Það skiptir líka máli að parketið frá þessum framleiðanda er framleitt á norðlægum slóðum og hentar því aðstæðum hér á Íslandi."

Kolbeinn segir fleiri kosti fylgja því að fá vöruna frá nágrannalandinu Svíþjóð. Pöntunartími á vöru sem ekki er til á lager þá stundina er stuttur eða milli tvær og fjórar vikur.

Þá má nefna nýjung í teppadeild verslunarinnar en hægt er að sérpanta mottur úr mismunandi efnum, stærðum og lit. „Fólk getur skoðað hjá okkur sýnishorn af mottum í versluninni, til dæmis úr sísal, ull eða shaggy. Við pöntum mottu eftir óskum þess og er afgreiðslufrestur einungis fjórir dagar," segir Kolbeinn. „Þá erum við einnig með mikið úrval af teppum á stigaganga en við mætum á staðinn og tökum mál og gerum tilboð á staðnum, eitt verð með efni og vinnu. Fólk hefur nýtt sér þetta fyrirkomulag talsvert í átakinu Allir vinna, þar sem hægt er að fá virðisaukann endurgreiddan."

Úrval flísa er einnig gott í Álfaborg. Kolbeinn segir stærri stærðir vinsælar í dag, 60 x 60 sentimetra og 30 x 60 sentimetra stærðir og af þeim eigi Álfaborg nóg. „Við höfum lengi verið mjög sterkir á flísamarkaðnum og fáum nýjungar inn í hverjum mánuði. Við eigum til að mynda gott úrval frá þýska framleiðandanum Nordceram á mjög samkeppnishæfu verði. Fólk verður bara að koma og kíkja á úrvalið hjá okkur."

Nánar á www.alfaborg.is.



Hjá Álfaborg er einnig að finna mikið úrval flísa og bætast nýjungar við í hverjum mánuði.



Hægt er að sérpanta mottur úr mismunandi efni og stærðum hjá Álfaborg. Afgreiðslufrestur er einungis fjórir dagar.










9 HÖNNUÐIR – 1 MILLJÓN
OG DRAUMASTARFIÐ Í BOÐI

# HANNAÐ FYRIR ÍSLAND

KEPPNIN HEFST Í KVÖLD KL 20.35

Hannað fyrir Ísland er nýr íslenskur hæfileikaþáttur þar sem keppendur hafa lagt mikið undir til að taka þátt og sýna hvað í þeim býr. Í hverjum þætti fá þeir krefjandi verkefni og þurfa að hanna og sauma flík eða fatalínu sem að þriggja manna dómnefnd leggur mat á. Einn hönnuður er sendur heim í hverri viku þar til einn stendur uppi sem sigurvegari og sá hinn sami hlýtur eina milljón króna í verðlaunafé og draumastarfið hjá 66°NORÐUR.

Þóra Karítas Árnadóttir stjórnar og ræðir við hönnuðina í keppninni og miðlar spennunni til áhorfenda.

Tryggðu þér áskrift á stod2.is

Með áskrift að stöð 2 fylgir
BÍÓ EXTRA NETFRELSI
243 KR.
Á DAG

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## BÍLAR & FARATÆKI


M.Benz ML320 Bluetec Diesel, 2009 Ekinn 43þús. Ssk, Leður ofl . Vel útbúinn og gullfallegur bíll. Ásett Verð 9.900.000.-


Suzuki Grand Vitara Limited Diesel, 06/2009 Ekinn 55þús. Bsk 5gíra, Leður, Glertopplúga ofl. Ásett Verð 3.690.000.- Skoðar skipti á ódýrari.


Nissan X-Trail 2.0 Sport, 01/2005 Ekinn 120þús, Ssk, Dráttarkrókur. Ásett Verð 1.790.000.- Skoðar skipti á ódýrari.


BMW 320I S/D E90, 03/2006 Ekinn 56þús. Ssk, Leður, Glertopplúga, Fallegur bíll. Ásett Verð 3.290.000.-


KIA Picanto EX Diesel, 05/2008 Ekinn 77þús. Bsk 5gíra, Álfelgur. Ásett Verð 1.390.000.- Möguleiki á allt að 90% láni.



VORTEX Heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**Bílamarkaðurinn**


M.BENZ M ml320. Árgerð 2002, ekinn 160 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. 7 manna Verð 1.890.000. tilboð 1.490.000 kr Rnr.103450.


NISSAN Qashqai+2 se. Árgerð 2011, ekinn 22 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Rnr.103519.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

**Bílabankinn**


FORD Transit 300l 9 sæta 100 hö. Árgerð 2006, ekinn 250 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.680.000. Rnr.101929.sjá myndir inná bílabankinn.is 5880700.


VW Lt35 lyftubíll tilboð óskast. Árgerð 2000, ekinn 156 Þ.KM, bensín, 5 gírar lyfta . Verð 850.000. Rnr.101512.Sjá myndir á bilabankinn.

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

**bifreidar.is**
bifreiða- & vinnuvélanetsalan


JCB 3CX SUPER traktorsgrafa . Árgerð 2007,1600 vinnust. Verð 7.000.000. Staðgr.verð. ÝMIS SKIPTI Á ÓDÝRARI. Rnr.102995.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

**STÓRA BÍLASALAN**


VW Passat Comfortline STW Árgerð 12/2007, ekinn 54þ.km, ssk, hiti í sætum, loftkæling o.m.fl. Flottur bíll á staðnum! Verð 2.890.000kr. Raðn 132080. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**bíll.is**
bestir í bílum...


Nissan X-Trail 4WD árg. 2002 ek. 88Þkm Sjálfskiptur, krókur, topplúga, leður ofl. Mjög got eintak !! tilboðsverð nú 1190 þús !!


VW Touareg 3.0 TDi árg. 2006 ek. 155 Þkm. „einn með öllu" Webasto..1 eigandi..topp viðhald..verð nú 3.990 þús !!!

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast


CADILLAC Escalade 4 dr 4wd. 8 MANNA, bensín, sjálfskiptur, leður og fleira. FLOTTUR BÍLL Verð 2.690. þús Rnr.127697.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn**
**www.hofdabilar.is**

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN** www.nyja.is


HONDA Civic sport 1,8 5d. Árgerð 2008, ekinn aðeins 30 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.390.Fallegur og vel með farinn bíll Rnr.112301.


TOYOTA Corolla s/d terra. Árgerð 1998, ekinn 153 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 590.2 Eigendur frá upphafi og topp viðhald Rnr.217879.


NISSAN Micra visia. Árgerð 2005, ekinn 61 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990. Gullmoli Rnr.217860.


PORSCHE Cayenne. Árgerð 2004, ekinn 137 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboð 2.990.Besta verðið í bænum ásett verð 3.490. umboðsbíll og topp viðhald Rnr.272445.


FORD F150 LARIAT. Árgerð 2005, ekinn 125 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 1.590 Besta verðið í bænum. Ásett verð 1.990 Rnr.272141.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

**LITLA bílasalan**
www.litla.is 587 7777


FORD Expedition limited 4x4. Árgerð 2006, ekinn 160 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.880.000. 90% lánamöguleiki Rnr.130487.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

**100bilar.is** bílasala
Skráðu bílinn frítt hjá okkur

Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á staðinn, Komdu eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Til sölu ISUZU DLX CREW CAB árg.'99, ek.296þús., skoðaður '13, V. 690þús. s.8230068 8422800.


Opel vectra árg.'99, 1,6 16v, ný tímareim, ný uppgerð vél, ný skoðaður. Ek.184þús. V.300þús!!! s. 845 0979.



50% ódýrara eldsneyti og 80% lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Engin útborgun. Breytingin greiðist að fullu með sparnaði og þú færð hundruð þúsunda beint í vasann! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus.is - S.5522000.

**SPARAÐU BENSÍN!**
*Metan uppfærðu bílinn þinn*
**VélRás**
Velras.is • Sími: 555 6670
Álhella 4

Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu - sparið með MetanLán til allt að 48 mánaða. velras.is


Mitchubissi Pajero breyttur, diesel, ssk, sk. 13, mikið endurnýjaður. Uppl. 863 6060.


**Tilboð 350.000 þús**
Daihatsu Terrios árg. '99, ek. 117 þkm. Sparneytinn bíll með sýdrifi. Uppl. s. 896 6822.

## Til sölu




## Til sölu

**Ertu í leit að notuðum bíl á góðu verði?**
**Kíktu á heimasíðu okkar - www.benni.is**




Opið alla virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16.
Bílabúð Benna - Notaðir bílar - Bíldshöfða 10 - 587 1000 - benni.is
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330




# 150 milljarða hagnaður frá hruni

**Landsbankinn, Arion banki og Íslandsbanki högnuðust samtals um 30 milljarða króna í fyrra. Þeir færðu niður eignir sínar um 64 milljarða vegna gengislánadómsins sem féll í febrúar síðastliðnum. Landsbankinn tók á sig rúmlega helming þeirrar niðurfærslu.**

FRÉTTASKÝRING
**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Stóru viðskiptabankarnir þrír, Landsbankinn, Arion banki og Íslandsbanki hafa hagnast samtals um 150,3 milljarða króna frá því að þeir voru stofnsettir í október 2008. Þorri þess hagnaðar er vegna uppfærslu á virði eigna sem þeir tóku við frá fyrirrennurum sínum eftir bankahrunið. Íslandsbanki hefur hagnast mest á tímabilinu, eða um 57,7 milljarða króna. Þar af nam samanlagður hagnaður þeirra á síðasta ári 29,9 milljörðum króna. Þetta kemur fram í ársreikningum bankanna þriggja sem birtir voru á síðastliðnum dögum.

Hagnaðurinn er ekki í líkingu við það sem hann var á árunum fyrir bankahrun þegar gömlu viðskiptabankarnir þrír; Kaupþing, Glitnir og Landsbanki Íslands sögðust hafa hagnast um 137,6 milljarðar króna á árinu 2007 og 163,7 milljarðar króna árið 2006.

Allir stóru bankarnir þrír hafa áætlað kostnað við endurreikning gengislána í kjölfar gengislána í febrúar síðastliðnum. Útreikningarnir byggja á sviðsmyndum sem Fjármálaeftirlitið (FME) hefur teiknað upp vegna dómsins. Samtals færðu Landsbanki (38 milljarðar króna), Arion banki (13,8 milljarðar króna) og Íslandsbanki (12,1 milljarður króna) niður eignir sínar um 63,9 milljarða króna vegna dómsins.

Um miðjan mars heimilaði Samkeppniseftirlitið fjármálafyrirtækjum landsins að hafa með sér afmarkað samstarf sem miðar við að hraða úrvinnslu skuldamála sem varða gengisbundin lán vegna dóms Hæstaréttar 15. febrúar síðastliðinn. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins hafa farið fram nokkrir fundir en skilyrðin fyrir samstarfinu talin það hamlandi að þeir hafi skilað litlu sem engu.



**BANKASTJÓRAR VIÐSKIPTABANKANNA** Höskuldur H. Ólafsson, forstjóri Arion banka, Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka og Steinþór Pálsson bankastjóri Landsbankans.

## LANDSBANKI: VIRÐI HLUTABRÉFA JÓKST UM 18 MILLJARÐA

### Afkoma 2011

**Hagnaður:** 16,9 milljarðar króna
**Hagnaður af reglulegri starfsemi:** 10,7 milljarðar króna
**Arðsemi eiginfjár af reglulegri starfsemi:** 8,8%
**Eignir:** 1.135 milljarðar króna
**Eiginfjárhlutfall:** 21,4%
**Laun og launatengd gjöld:** 12 milljarðar króna.
**Niðurfærsla vegna gengislánadóms:** 38 milljarðar króna.
**Eigendur:** Ríkissjóður 81,3% og Landsskil 18,7%

Landsbankinn hagnaðist um 16,9 milljarða króna í fyrra samkvæmt uppgjöri bankans. Inni í þeim tölum er meðal annars tekið tillit til hagnaðar vegna hlutabréfastöðu bankans upp á 18 milljarða króna og niðurfærslu vegna áhrifa gengislánadómsins upp á 38 milljarða króna.

Efnahagur Landsbankans óx um 55 milljarða króna í fyrra, að mestu vegna yfirtöku hans á SpKef sparisjóði í mars. Landsbankinn metur þær eignir sem fylgdu með sparisjóðnum á 45,3 milljarða króna en skuldirnar sem hann tók yfir á 75,8 milljarða króna. Vegna þessa bókfærir bankinn 30,6 milljarða króna kröfu á ríkissjóð vegna yfirtökunnar. Úrskurðanefnd sem skipuð var til að skera úr um verðmæti eigna SpKef hefur þó ekki skilað niðurstöðu og því alls óljóst hver verður raunveruleg krafa bankans á ríkissjóð, sem telur sig skulda honum 11,1 milljarð króna. Málflutningur fyrir úrskurðarnefnd sem á að skera úr um verðmæti eigna SpKef verður dagana 28. og 29. mars næstkomandi. Í kjölfarið mun nefndin taka sér umhugsunarfrest til að komast að niðurstöðu og er búist við að hún skili niðurstöðum í apríl.

Óformlegar viðræður hafa staðið yfir milli fulltrúa þrotabús gamla Landsbankans og hins nýja um uppgjör á skilyrtu skuldabréfi sem gefið var út í tengslum við samkomulag þeirra á milli í desember 2009. Skuldabréfið er bundið við frammistöðu ákveðinna eigna sem færðar voru inn í nýja bankann. Það á að gefa út í lok þessa árs. Í bókum Landsbankans er skuld hans vegna skuldabréfsins bókfærð á 60,8 milljarða króna um síðustu áramót og hefur rúmlega tvöfaldast frá árinu á undan. Skuld bankans vegna þess getur mest orðið 92 milljarðar króna. Í viðtali við Fréttablaðið í desember síðastliðnum sagði Lárentsínus Kristjánsson, fyrrum formaður skilanefndar Landsbankans, að nefndin teldi að undirliggjandi verðmæti bréfsins hefðu náð 92 milljörðum króna og því væri best að gera það upp sem fyrst. Ljóst er á ársreikningi nýja bankans að hann er ekki sammála. Þegar skuldabréfið verður innheimt að fullu mun íslenska ríkið fá afhent 18,7% hlut í nýja bankanum sem það á ekki í dag og hann mun þar með verða að fullu í eigu hans.

## ARION: KEYPTI 120 MILLJARÐA LÁNASAFN

### Afkoma 2011

**Hagnaður:** 11,1 milljarður króna
**Hagnaður af reglulegri starfsemi:** 12,3 milljarðar króna
**Arðsemi eiginfjár af reglulegri starfsemi:** 10,8%
**Eignir:** 892,1 milljarður króna
**Eiginfjárhlutfall:** 21,2%
**Laun og launatengd gjöld:**11,3 milljarðar króna.
**Niðurfærsla vegna gengislánadóms:** 13,8 milljarðar króna
**Eigendur:** Ríkissjóður 13% og Kaupskil 87%

Arion banki hagnaðist um 11,1 milljarð króna eftir skatta í fyrra að teknu tilliti til 13,8 milljarða króna niðurfærslu vegna gengislánadómsins. Þá stækkaði efnahagsreikningur bankans um 80 milljarða króna á árinu vegna yfirtöku Arion á íbúðalánasafni þrotabús Kaupþings, sem metið er á 120 milljarða króna og hafði áður verið inni í sérstökum sjóði. Á móti kom að Össur hf., sem var með stærri viðskiptavinum bankans, greiddi upp öll sín lán, sem voru vel á þriðja tug milljarða króna, í mars 2011 með endurfjármögnun frá erlendum bönkum.

Bankinn gjaldfærði 13,8 milljarða króna niðurfærslu vegna endurútreikninga á gengislánum auk þess sem hann greiddi íslenska ríkinu 6,5 milljarða króna arðgreiðslu á árinu. Endurmat og söluhagnaður á eignum bankans, aðallega í Högum, hafði á hinn bóginn jákvæð áhrif upp á 6,6 milljarða króna á afkomu bankans fyrir skatta.

Á árinu 2001 gerði Arion einnig upp skuldabréf við gamla Kaupþing sem í fólst að 80% af virðisaukningu margra af stærstu eignum bankans runnu til þrotabús Kaupþings. Um var að ræða 40 stærstu lánin sem flutt voru yfir til bankans þegar samið var um að kröfuhafar hans myndu eignast 87% hlut í honum. Kröfuhafarnir vildu meina að lánin hefðu verið færð yfir langt undir raunvirði. Nafnverð þessara lána var 474 milljarðar króna og bókfært virði þeirra 210 milljarðar króna í lok júní 2011. Á fyrri helmingi ársins 2011 jókst virði þessara lána um 22,5 milljarða króna. Þar af fóru 80%, um 18 milljarðar króna, til þrotabús Kaupþings. Með lokauppgjöri á skuldabréfinu er mikilli óvissu eytt út úr efnahagsreikningi Arion banka.

## ÍSLANDSBANKI: AFSKRIFAÐ 343 MILLJARÐA FRÁ HRUNI

### Afkoma 2011

**Hagnaður:** 1,9 milljarðar króna.
**Hagnaður af reglulegri starfsemi:** 13,9 milljarðar króna
**Arðsemi eiginfjár af reglulegri starfsemi:** 11%
**Eignir:** 795,9 milljarðar króna
**Eiginfjárhlutfall:** 22,6%
**Laun og launatengd gjöld:** 10,5 milljarðar króna
**Niðurfærsla vegna gengislánadóms:** 12,1 milljarður króna
**Eigendur:** Ríkissjóður 5% og ISB Holding 95%

Íslandsbanki hagnaðist um 1,9 milljarða króna að teknu tilliti til áhrifa gengislánadómsins og niðurfærslu á viðskiptavild bankans. Hagnaður af reglulegri starfsemi var 13,9 milljarðar króna. Mismunurinn liggur að mestu í því að bókfærð niðurfærsla vegna gengislánadómsins er 12,1 milljarður króna á árinu auk þess sem bankinn skrifaði niður viðskiptavild vegna yfirtöku hans á Byr sem olli einskiptiskostnaði upp á 17,9 milljarða króna. Viðskiptavildin myndaðist vegna þess að Íslandsbanki skrifaði niður eignir sem komu með Byr inn í samstæðuna fyrir sömu upphæð.

„Aðrar rekstrartekjur"' í reikningi bankans voru 4,5 milljarðar króna. Þar af eru um 3 milljarðar króna vegna þess að bankinn færir nú eign sína í Icelandair á markaðsvirði.

Íslandsbanki keypti Byr á síðasta ári fyrir 6,6 milljarða króna. Sú yfirtaka skýrir vöxt hans en eignir Íslandsbanka jukust úr 683,2 milljörðum króna í fyrra í 795,9 milljarða króna.

Samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka hafa um 17.600 einstaklingar fengið afskriftir, eftirgjafir og leiðréttingar á skuldum sínum hjá bankanum frá stofnun hans. Samanlögð lækkun lána þeirra nemur 83 milljörðum króna.

Þá hafa um 2.700 fyrirtæki fengið afskriftir, eftirgjafir eða leiðréttingar á skuldum hjá bankanum fyrir samtals um 260 milljarða króna. Þar af nema afskriftir vegna gjaldþrota um 150 milljörðum króna.

Endurskipulagningu lánamála hjá bankanum er ekki að fullu lokið en um fimmtungur lána er sem stendur í vanskilum (e. non-performing) samkvæmt skilgreiningu Fjármálaeftirlitsins. Þar munar mestu um Eignarhaldsfélagið Fasteign sem er á lokaspretti endurskipulagningar, samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka. Búist er við því að endurskipulagningu lánamála hjá bankanum verði að fullu lokið um mitt þetta ár.

# Fjármálastjórar þurfa þekkingu á sífellt fleiri sviðum

**Dr. David Schwarzkopf er gestaprófessor við Háskólann í Reykjavík. Hann segir framfarir í upplýsingatækni hafa breytt því hvernig endurskoðendur og fjármálastjórar sinna störfum sínum þar sem nýtilkomið flóð tiltækra gagna hafi stórfjölgað mælikvörðum á árangur í rekstri.**

Starf endurskoðenda og annarra starfsmanna á fjármálaskrifstofum fyrirtækja er að taka breytingum. Aukið umfang og flækjustig rekstrar leiðir af sér kröfu um fjölbreyttari áhættustjórnun en áður og í sífellt meiri mæli stuðst við tölulega mælikvarða þegar frammistaða fyrirtækja er metin. Þetta segir dr. David Schwarzkopf, stjórnandi MBA-náms við McCallum Graduate School Bentley-háskóla í Bandaríkjunum, en hann er gestaprófessor við Háskólann í Reykjavík þar sem hann kennir endurskoðun.

Schwarzkopf er með doktorsgráðu í endurskoðun frá Connecticut-háskóla í Bandaríkjunum auk þess að hafa lokið stjórnsýslunámi við Harvard-háskóla. Hann hefur í rannsóknum sínum lagt áherslu á félagsfræði endurskoðunar og fjármála auk þess að velta fyrir sér heppilegum mælikvörðum á frammistöðu fyrirtækja.

Markaðurinn hitti Schwarzkopf og ræddi við hann um þá skörun sem hann segir að sé orðin á milli starfs fjármálastjórans og upplýsingatæknistarfa.



**SCHWARZKOPF** Schwarzkopf segir bandaríska kollega sína merkilega oft spyrja að því hvað hann sé eiginlega að vilja til Íslands. Hann segist hins vegar njóta þess að vera hér og kunna meira að segja að meta veðrið enda hafi hann yfirleitt kosið að ferðast til norðlægra slóða á ferðalögum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### GAGNAFLÓÐIÐ BREYTIR MÖRGU

„Mínar rannsóknir hafa að miklu leyti snúist um félagsfræði endurskoðunar og endurskoðenda. Í minni kennslu fjalla ég því um hvað það þýðir að vinna við endurskoðun og fjármál og það hvers einstaklingar og fyrirtæki vonast til að endurskoðendur leggi af mörkum til fyrirtækis, til viðskiptavina og til samfélagsins,“ segir Schwarzkopf og heldur áfram: „Þá fjalla ég um muninn á því að starfa fyrir eitt af stóru endurskoðunarfyrirtækjunum og þess að starfa sjálfstætt eða innan fyrirtækis í annars konar rekstri. Í þessari stétt beinist athyglin yfirleitt að stóru endurskoðunarfyrirtækjunum en það kann að gefa villandi mynd af geiranum því einungis minnihluti endurskoðenda vinnur fyrir eitt þeirra.“

Í kennslu sinni fjallar Schwarzkopf einnig talsvert um það hvernig þarfir fyrirtækja og viðskiptavina þeirra hafi verið að breytast með sífellt fullkomnari tölvutækni. Segir hann að á síðustu árum hafi margt breyst sem geri það að verkum að kröfur til endurskoðenda og fjármálastjóra hafa breyst.

„Það eru orðin einhver 40 ár síðan fyrstu greinarnar um áhrif upplýsingatækni á endurskoðendur birtust. Þær fjölluðu um það hvernig tölvutæknin myndi gera alla reikningsvinnu fljótlegri þannig að þeir sem vinna við tölur kæmu meira í verk,“ segir Schwarzkopf og heldur áfram: „Sú þróun er vitaskuld löngu búin að eiga sér stað en það sem hefur gerst núna er að reikningsgeta nýjustu tölva hefur skilið eftir sig gríðarlegt magn alls konar tölulegra gagna. Og þetta flóð gagna er að breyta fjölmörgum störfum, þar á meðal starfi endurskoðandans og fjármálastjórans.“

Schwarzkopf segir að gagnaflóðið hafi gefið fyrirtækjum tækifæri til að nota mun fjölbreyttari mælikvarða á árangur í rekstri en áður var mögulegt. Þá hafi mælikvörðum sem líta má á sem viðvörunarbjöllur einnig fjölgað til muna.

„Af þessum sökum er í sífellt meiri mæli krafist þess að endurskoðendur geti ekki bara skilið töluleg gögn, heldur einnig að þeir geti áttað sig á tengslum ólíkra gagnasafna og hvernig hin ýmsu gögn geta komið að gagni við rekstur viðkomandi fyrirtækis. Það er því að verða til mikil eftirspurn eftir fólki sem getur fundið mynstur í stórum gagnasöfnum og áttað sig á því hvernig mynstrin varpa nýju ljósi á reksturinn. Þá er einnig eftirsóknarvert að fjármálastjórar og aðrir yfirmenn geti spurt sig: Gott og vel, við viljum gera þetta, hvaða mælikvarði væri hentugur til að meta árangurinn? Og einnig: Hvernig gögn getum við nálgast eða safnað saman sem myndu hjálpa okkur að skilja áhrifin á reksturinn? Þá snýst þetta ekki einungis um að skoða fjármálalegar kennitölur heldur viðeigandi mælikvarða á frammistöðu í hvert skipti,“ segir Schwarzkopf og bætir við að allt eins geti verið um að ræða gögn fengin úr könnunum sem mæli ánægju viðskiptavina eða þá gögn úr fullkomnum mælitækjum sem mæli skilvirkni framleiðslu viðkomandi fyrirtækis.

### ÖR ÞRÓUN Í ÁHÆTTUSTJÓRNUN

Að sögn Schwarzkopfs hefur þessi þróun verið hvað örust í tengslum við áhættustjórnun. „Ég hef reyndar talið það rangnefni þar sem það gefur til kynna að það sé hægt að stjórna áhættu sem liggur í hlutarins eðli að er ekki hægt. Það er hins vegar hægt að vera meðvitaður um áhættu og búa sig undir að bregðast við henni,“ segir Schwarzkopf og bætir við: „En fyrirtæki, aðallega stór fyrirtæki en þó einnig meðalstór fyrirtæki og jafnvel annars konar stofnanir svo sem háskólar, eru nú sífellt meira að styðjast við eins konar einkunnaspjöld sem oft eru kölluð mælaborð. Slík mælaborð eiga að veita yfirlit yfir þá áhættuþætti sem geta haft áhrif á fyrirtæki. Og aftur, þetta eru ekki einungis fjármálalegir mælikvarðar heldur byggja þeir á bæði eigindlegum og megindlegum gögnum. Hugmyndin er sú að stjórnandi geti horft á mælaborðið og áttað sig á, til dæmis, að framleiðsluferlar séu hagkvæmir en að ánægja viðskiptavina með vöruna sé minni en búist var við. Þannig að við hlutverk endurskoðenda og annarra í fjármálastörfum er að bætast þessi vinna. Að finna góða mælikvarða og gögn sem varpa ljósi á gangverk viðkomandi fyrirtækis og þá áhættuþætti sem koma því við.“

### ENGIN ÞEKKING ORÐIN ÚRELT

Schwarzkopf segir að þessi nálgun við að mæla frammistöðu fyrirtækja og meta áhættuþætti geti gert fyrirtæki hagkvæmari. „Þetta getur gert fyrirtæki hagkvæmari, en til þess að svo megi verða er mikilvægt að einhver starfsmaður hafi fullkomna yfirsýn og stjórni því hvernig brugðist er við þeim mælingum sem fyrirtækið er að fylgjast með. Og þessi starfsmaður er æ oftar fjármálastjórinn þar sem markmið fyrirtækja er jú yfirleitt að reyna að nýta fjármuni sína sem best og skila hagnaði,“ segir Schwarzkopf. „Þannig að lexían er í rauninni sú að starfsmenn í fjármáladeildum fyrirtækja munu framvegis þurfa að sanka að sér þekkingu á fleiri sviðum en hingað til. Það þýðir því miður ekki að þeir geti sleppt einhverju öðru í staðinn. Krafan er alltaf um viðbótarþekkingu þannig að fjármálafólk verður áfram að hafa góða þekkingu á fjármálum og reikningsskilum auk góðra samskiptahæfileika. En nú bætist sem sagt þetta við; það að geta borið kennsl á heppilega mælikvarða á árangur í rekstri og vita hvernig hægt er að nálgast gögn sem geta varpað ljósi á stöðuna.“

Að lokum leggur Schwarzkopf áherslu á að nýjar kröfur þýði ekki að þekking fólks sem nú er á vinnumarkaði sé orðin úreld. Síður en svo. „Oft þegar rætt er um breytingar eða þróun hugsar fólk með sér að breytingarnar hafi verið svo örar að manns eigin hæfileikar séu skyndilega ekki jafn verðmætir og áður. Slík upplifun á sjaldnast rétt á sér,“ segir Schwarzkopf. „Auk þess eru vitaskuld fjölmargar leiðir til að kynna sér það nýjasta sem er að gerast í eigin fagi. Mörg stéttarfélög gefa út fagtímarit þar sem fjallað er um nýjustu fræðin í viðkomandi geira. Háskólar halda málstofur um þessi efni og svo framvegis. Svo er líka önnur leið sem er einfaldlega að tryggja að þessi þekking sé til staðar innan þíns fyrirtækis með því að ráða inn fólk sem hefur þá kunnáttu sem þú ert að leita eftir. Sem væri í þessu tilfelli fólk sem getur nýtt sér gögn og mælikvarða og áttað sig á því hvernig þau koma rekstri fyrirtækisins við.“






Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Lilja Pálsdóttir hefur 25 ára reynslu af ráðgjöf til fyrirtækja í verslun og þjónustu. Lilja er útibússtjóri hjá Íslandsbanka.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki



**IPAD** Vörur Apple á borð við iPad, iPhone og iPod hafa mokselst á síðustu árum og varð fyrirtækið það verðmætasta í heimi á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Apple ráðstafar risasjóði:

## Apple greiðir hátt í 6 þúsund milljarða í arð

Verðmætasta fyrirtæki heims, Apple, tilkynnti á mánudag að það myndi greiða arð út til hluthafa í fyrsta skipti frá árinu 1995. Áætlar fyrirtækið að greiða hluthöfum 2,65 Bandaríkjadali, jafngildi 333 króna, á hlut á hverjum ársfjórðungi næstu þrjú ár.

Fyrirtækið situr nú á um 97,6 milljarða Bandaríkjadala sjóði. Jafngildir það um 12.400 milljörðum króna sem eru næstum 25 sinnum heildartekjur íslenska ríkisins á þessu ári. Arðgreiðslurnar munu kosta fyrirtækið 45 milljarða dala.

Einn hlutur í Apple kostar nú rétt rúmlega 600 dali, jafngildi rúmra 75 þúsund króna. Verð á hlutabréfum fyrirtækisins hefur hækkað hratt síðustu misseri, þar af um rúm 77 prósent síðasta árið. - mþl

# Íslenskum krónum verður hleypt út á endanum

**Nýleg herðing gjaldeyrishafta kemur í veg fyrir greiðslu krafna í íslenskum krónum til erlendra kröfuhafa. Seðlabankastjóri segir slíkar krónur í eðli sínu alveg eins og aflandskrónur. Þeim verður þó hleypt út á endanum.**

GJALDEYRISHÖFT

Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Greiðslur þrotabúa til erlendra kröfuhafa sinna í íslenskum krónum eru nú bundnar samþykki Seðlabanka Íslands. Breytingar á lögum um gjaldeyrismál, sem samþykkt voru á Alþingi 13. mars síðastliðinn, fela meðal annars í sér að undanþága vegna greiðslna á kröfum úr þrotabúi og greiðslu samningskrafna samkvæmt nauðasamningi í íslenskum krónum er felld úr gildi. Í tilkynningu frá Seðlabankanum segir að tilgangur breytinganna sé að veita Seðlabankanum „ákveðið varúðartæki“ til að koma í veg fyrir að útgreiðslur innlendra þrotabúa valdi óstöðugleika í greiðslujöfnuði eða grafi undan áætlun um losun gjaldeyrishafta.

Þessi þrenging hafði meðal annars áhrif á útgreiðslu slitastjórnar Glitnis til forgangskröfuhafa þrotabúsins sem fram fór þremur dögum eftir herðingu haftanna. Þá voru greiddir út 105,6 milljarðar króna í íslenskum krónum, evrum, Bandaríkjadölum, sterlingspundum og norskum krónum. Vegna herðingar gjaldeyrishaftanna var sá hluti útgreiðslnanna sem eru í íslenskum krónum greiddur inn á geymslureikning á meðan beðið er heimildar Seðlabankans til að greiða þær út. Sú heimild hefur ekki fengist enn sem komið er. Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir það þó ekki spurningu um hvort, heldur hvenær, slík heimild fáist. „Þessu verður öllu hleypt út á einhverjum tímapunkti. Þetta er bara spurning um hvernig og hvenær. Krónur sem eru greiddar til til erlenda kröfuhafa bankans eru nákvæmlega sama eðlis og hinar svokölluðu aflandskrónur og okkur hefur fundist að þær eigi að lúta sömu reglum. Við erum að hleypa út krónum í gegnum gjaldeyrisútboðin og það er útboð 28. mars næstkomandi. Aðalatriðið er að þetta er nú í skipulegu ferli.“



**SEÐLABANKASTJÓRI** Már Guðmundsson segir að Seðlabankanum hafi fundist þessar krónur eiga að lúta sömu reglum og aflandskrónur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Innri endurskoðunardagur 2012**

Hilton Reykjavik Nordica, Suðurlandsbraut 2
Föstudaginn 23. mars 2011, kl. 8.30–12.00

*Ráðstefnustjóri: Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar*

| | |
|---|---|
| 8.00–8.30 | **Skráning og afhending gagna** |
| 8.30–8.40 | **Ráðstefnan sett** *Anna Margrét Jóhannesdóttir, formaður Félags um innri endurskoðun (FIE).* |
| 8.40–9.40 | **Recent developments and trends in internal auditing** *Dr. Flemming Ruud, Professor of Accountancy and Internal Auditing við University of St. Gallen í Sviss.* |
| 9.40–10.00 | **Fyrirspurnir og umræður** |
| 10.00–10.20 | **Kaffi** |
| 10.20–10.45 | **Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja – staðan á Íslandi** *Regína Ásvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Festu, miðstöðvar um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja.* |
| 10.45–11.05 | **Tillögur Evrópusambandsins um lögboðna endurskoðun í tengslum við endurskoðun og eftirlitsþætti.** *Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri Félags löggiltra endurskoðenda (FLE).* |
| 11.05–11.25 | **Innri endurskoðendur á réttri hillu í lífi og starfi** *Árelía Guðmundsdóttir, dósent við viðskiptadeild Háskóla Íslands.* |
| 11.25–11.50 | **Ný heimasíða Félags um innri endurskoðun kynnt** *Hrefna Gunnarsdóttir, formaður fræðslunefndar FIE.* |
| 11.50–12.00 | **Ráðstefnuslit** |

**Ráðstefnugjald:** *Kr. 14.500.*

*Ráðstefnan er opin félagsmönnum FIE, FLE og öðrum þeim sem áhuga hafa.*

**Námsmat:** *Ráðstefnan gefur 4 endurmenntunareiningar hjá FIE, IIA og FLE.*

*Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til* **fie@fie.is** *ekki síðar en* **kl. 12.00, þann 22. mars** *nk.*

Félag um innri endurskoðun



**VÍGALEGIR** Mikil eftirvænting er fyrir nýja leiknum frá CCP sem verður kynntur á Fanfest-hátíðinni um helgina.

Tölvuleikjafyrirtækið CCP heimsfrumsýnir nýjan leik:

## Dust 514 kynntur á Fanfest í Hörpunni

Dust 514, nýjasta afurð íslenska tölvuleikjaframleiðandans CCP, mun koma fyrir augu almennings á morgun. Það er upphafsdagur Fanfest-hátíðar fyrirtækisins sem fer fram í Hörpu næstu þrjá daga.

Dust 514, sem kemur út síðar í ár fyrir PlayStation-vélar Sony, er fjölspilunarskotleikur sem hefur verið í þróun síðustu fjögur ár. Leikurinn markar nokkur tímamót, þar sem hann er sá fyrsti sinnar tegundar sem styðst við svokallað „Free to play“-kerfi. Spilarar fá leikinn án greiðslu, en fyrirtækið aflar tekna með sölu á ýmsum varningi og viðbótum við leikinn.

CCP er vitanlega þekktast fyrir fjölspilunarleikinn EVE Online sem 350.000 manns spila um allan heim, en Dust 514 verður tengdur sýndarheimi EVE. Þar munu notendur EVE ráða ríkjum úti í geimi á meðan þeir sem leika Dust 514 munu ráða ríkjum á yfirborði plánetanna. Spilarar geta haft samskipti milli leikja og haft áhrif á framvindu mála úr einum leik yfir í annan.

Nýi leikurinn verður, sem fyrr sagði, kynntur á Fanfest þar sem aðdáendur og áhugafólk leikjanna koma saman ásamt fjölmiðlafólki og starfsfólki úr tölvuleikja- og afþreyingariðnaðinum. Búist er við rúmlega þúsund gestum, þar af eru yfir 70 erlendir blaðamenn mættir til landsins til að kynna sér CCP og Dust 514.

Þá mun hið lýðræðislega kjörna CSM-ráð EVE Online-spilara hittast og ráða ráðum sínum í Reykjavík meðan á hátíðinni stendur.

Í tilkynningu frá CCP kemur fram að auk útgáfu á Dust 514 og Eve Online vinni fyrirtækið nú að þróun vampíruleiksins World of Darkness, sem byggir á samnefndum teiknimyndasögum. - þj

# Klæddu skrifstofuna gæðum

## Alvöru stólar með alvöru afslætti

5 ára ábyrgð



20% afsláttur

**Armstóll**
svart net/króm grind
Verð áður: 25.900 kr.
Verð nú: 20.720 kr.



20% afsláttur

ID stólar **vitra.**



35% afsláttur

**MedaPal**
Verð áður: 129.900 kr.
Verð nú: 84.435 kr.



20% afsláttur

**Mirra**
Grafit
Verð áður: 209.900 kr.
Verð nú: 167.920 kr.



FRÁBÆR FERMINGAGJÖF

20% afsláttur

**Dealer**
Svartur eða blár
Verð áður: 24.900
Verð nú: 19.920 kr.



20% afsláttur

**My-self**
Svartur
Verð áður: 87.450
Verð nú: 69.960 kr.

Tilboðin gilda til 30. apríl, eða á meðan birgðir endast.

20% afsláttur



**Swingo borðlampi**, svartur, 11W
Verð áður: 18.563 kr.
Verð nú: 14.850 kr.

**Borðplata, eik** 180x80x2,6cm
Verð áður: 22.900 kr.
Verð nú: 18.320 kr.

**Borðfætur 4 stk**
aluminum
Verð áður: 12.375 kr.
Verð nú: 9.900 kr.

**My-self gestastóll**
með svörtu netbaki
Verð áður: 44.900 kr.
Verð nú: 35.920 kr.

Fyrirtækjasvið Pennans er með sérsniðna lausn fyrir fyrirtækið þitt. Við útvegum allt fyrir skrifstofuna og erum vel í stakk búin til að mæta fjölbreyttum þörfum ólíkra fyrirtækja.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar í síma 540 2330 eða sendu okkur póst á husgogn@penninn.is

PENNINN
Með þér í vinnunni

Penninn | www.penninn.is | husgogn@penninn.is | sími 540 2330

Netfang
ritstjorn@markadurinn.is
Sími 512 5000 Fax 512 5301

Netfang auglýsingadeildar
auglysingar@markadurinn.is
Veffang visir.is

klinkið
Heiðar Már Guðjónsson fjárfestir. vísir

ERLENT MYNDBAND
Nouriel Roubini segir stöðuna enn viðkvæma. vísir

BANKAHÓLFIÐ



Þórður Snær Júlíusson

## Skjótið fílinn

Þegar Íslendingar gengu síðast til kosninga voru nánast allir í brjáluðu skapi. Hér var allt í kalda kolum, efnahagskerfið á hliðinni og landið alþjóðlegt aðhlátursefni. Við tók fyrsta tveggja flokka vinstri-ríkisstjórn sögunnar. Og hún ætlaði að breyta öllu.

Í metnaðarfyllsta stjórnarsáttmála allra tíma (hann er 17 síður og tæplega sjö þúsund orð) eru boðaðar breytingar á fiskveiðistjórnunar-, kosninga- og stjórnkerfinu, stjórnarskránni, umhverfis- og auðlindanýtingu og ákveðið var að sækja um aðild að Evrópusambandinu, svo fátt eitt sé nefnt. Þetta átti að gera samhliða því að takast á við fordæmalaust hrun heils fjármálakerfis, gríðarlegt atvinnuleysi, alþjóðlega kreppu, gjaldeyrishöft og skuldavanda fyrirtækja og einstaklinga.

Margt hefur verið gert vel. Hér hefur náðst ákveðinn efnahagslegur stöðugleiki eftir hamfarir. En það er ljóst að neti ríkisstjórnarinnar var kastað of vítt. Það var reynt að breyta of mörgu í stað þess að einbeita sér að fáum en afmörkuðum verkefnum, líkt og aðstæður kröfðust. Þess vegna er árangurinn ekki nægjanlega mikill. Það er ekki komin niðurstaða í ESB, kvótamálin, rammaáætlun, stjórnarskrána né endurskipulagningu stjórnkerfisins. Enn er rifist um skuldavanda, atvinnuleysi er töluvert og gjaldeyrishöftin virðast komin til að vera. Og allflestir því ennþá í brjáluðu skapi.

Stærstu vandamálin, sem smituðu öll önnur, er gjaldmiðillinn og peningamálastefnan. Það er í raun ekki hægt að tækla önnur vandamál nema takast á við þau. Það er eins og að vera alltaf að þrífa fílaskítinn af teppinu í stað þess að skjóta fílinn í herberginu.

Nú, tæpum þremur árum eftir kosningar, hefur loks verið sett á fót samráðsnefnd á vegum efnahags- og viðskiptaráðherra sem skipuð er fulltrúum allra flokka og aðila vinnumarkaðarins til að móta gengis- og peningamálastefnu. Viðfangsefni nefndarinnar er að fara yfir helstu kosti þjóðarinnar í gjaldeyris- og peningamálum. Krónu, nýkrónu, evru, Kanada-dollar og alla hina. Þessi nefnd hefur einn og hálfan mánuð til að skila greinargerð.

Það er ljóst að of seint er í rassinn gripið. Svona nefnd er það fyrsta sem allir stjórnmálaflokkar hefðu átt að koma sér saman um eftir bankahrun. Þá værum við laus við upphrópanir og innihaldsleysi í umræðu um gjaldmiðlamál og værum þess í stað að vega og meta raunverulega möguleika. Nú er það of seint. Rifrildið í komandi kosningum mun áfram verða í frasaformi. Nema eitthvert stjórnmálaafl hysji upp um sig.

Stjórnmálaflokkar landsins eiga ekki að bjóða kjósendum upp á skammtímagylliboð í næsta kosningaslag. Þeir eiga að bjóða upp á raunhæfa langtímaáætlun um stöðugra og betra samfélag. Slíkt þarf að byggja á almennilegri áætlun í gjaldmiðlamálum, hvort sem hún felur í sér upptöku nýs gjaldmiðils eða ekki. Annað er beinlínis óábyrgt.

Frábært rými til að vinna



- Glæsilegt skrifstofuhúsnæði í lyftuhúsi, sveigjanleiki í stærðum.
- 4. hæð, sem hefur verið endurnýjuð að fullu nýlega.
- Fjórar skrifstofur, bjartar og glæsilegar – glæsilegt útsýni.
- Laus nú þegar.



TIL LEIGU
Lágmúli 9
108 Reykjavík



TIL LEIGU
Efstaland 26
108 Reykjavík

- Vandað skrifstofuhúsnæði á 2. hæð í Grímsbæ við Bústaðaveg
- Svæðið er 682 m² – mögulegt að leigja í tveimur hlutum (350 m² / 332 m²)
- Húsnæðið skiptist í opin vinnurými, skrifstofur, fundarherbergi og eldhús
- Laust nú þegar



TIL LEIGU
Höfðabakki 9
110 Reykjavík

- Einn hagkvæmasti kosturinn í skrifstofuhúsnæði.
- Rými er 150 m² og stærra – ýmsar útfærslur.
- Reitir fjármagna breytingar sem henta hverjum og einum.
- Svæðið er vel tengt helstu umferðaræðum borgarinnar.

www.reitir.is

REITIR
Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk



Nánari upplýsingar veitir
**Halldór Jensson**
840 2100
halldor@reitir.is

Reitir fasteignafélag er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.

MAGNAÐAR FARTÖLVUR FRÁ SAMSUNG



SAMSUNG
NP305U1A
Skjár/upplausn: 11.6" 1366x768 · LED Gloss
Örgjörvi: AMD E450
Vinnsluminni: RAM 4 GB
Harður diskur: 500GB 5400RPM
Skjákort/stýring: AMD Radeon™
Rafhlöðuending: 6 klst.
Litur: Svört/Silfur
**Verð: 99.900 kr.**



SAMSUNG
RV515E
Skjár/upplausn: 15.6" 1366x768 LED
Örgjörvi: AMD E450
Vinnsluminni: RAM 4 GB
Harður diskur: 500GB 5400RPM
Skjákort/stýring: AMD Radeon™ HD6470M 1GB
Rafhlöðuending: 4 klst.
Litur: Svört/Silfur
**Verð: 109.900 kr.**

SAMSUNG



SAMSUNG
5 SERIES
Skjár/upplausn: 13.3" 1366x768 LED
Örgjörvi: ULV i5
Vinnsluminni: RAM 4 GB
Harður diskur: 500GB 5400RPM+16GB SSD
Skjákort/stýring: Intel HD
Rafhlöðuending: 6,4 klst.
Litur: Ál/Fiber Class
**Verð: 189.900 kr.**

SAMSUNG SETRIÐ SÍÐUMÚLA 9 · SÍMA 530 2900 WWW.SAMSUNGSETRID.IS
ORMSSON LÁGMÚLA 8 · SÍMA 530 2800 WWW.ORMSSON.IS
Tölvurnar fást hjá viðurkenndum söluaðilum TÖLVUTEK

## Verslun




## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Vöðva, slökunar, partanudd. Opið 11-18 Uppl. í síma 846 0202.

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Húsgögn

**Rúllugardínur**
Þessar gömlu góðu, gluggakappar s. 567 1086.

## Ferðalög

Sumarfrí í Danmörku, 19/7-8/8? Óskum eftir að skipta á húsinu okkar í Hvidovre, með rúmgóðu sumarhúsi á Íslandi, ca. tíma frá Rvík. Einnig bílskipti. Hafið samband við (myndir vel þegnar): bjarni_jonasson@hotmail.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 4ra herbergja íbúð ásamt bílskúr í Kópavogi. Uppl. í síma 8973007.

## Húsnæði óskast

**Yfirtaka á lánum**
Ert þú með fasteign sem þú vilt selja með því að lánin verði yfirtekin? Er með greiðslubyrði allt að 400 þúsund. Skoða allar eignir. Sendið uppl. á huseign@gmail.com

## Sumarbústaðir

Skoða sumarhús í Grímsnesi laugard. 24. mars. Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuhúsnæði Réttarhálsi. Hef til leigu 3 skrifstofuherbergi, sameiginleg setustofa. Leiguverð 25-35000 á mán. Tilvalið t.d. fyrir fasteignasala sem vill starfa sjálfstætt. Kemur ekki til greina að leigja sem íbúðarhúsnæði. Upplýsingar gefur Högni í síma 895-4444.

Til leigu húsnæði við Smiðjuveg í Kópavogi sem notað er sem bifreiðaverkstæði. Fullbúið tækjum er tæpir 200m2. Einnig minna húsnæði í Garðabæ ca. 75 m2 með innkeyrsludyrum. Áhugasamir sendi póst á vatnsk@simnet.is

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting




## Til sölu




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Matreiðslumaður óskast**
**Óska eftir því að ráða Matreiðslumann í sumarvinnu, ekki aðeins í fallegasta firði landsins, heldur einnig í fallegasta landshlutanum :). Um er að ræða Hótel Núp í Dýrafirði sem er 40 herbergja hótel með veitingarsal sem tekur allt að 200 manns í sæti.Eigendur eru báðir lærðir fagmenn, og óska eftir að umsækjendur uppfylli eftirfarandi skilirði: séu reglusamir, stundvísir og með óbilandi áhuga á faginu og staðbundnu hráefni en við erum meðlimir í matarklasa svæðisins „Veislu að Vestan" og leggjum mikið upp úr uppruna hráefnis.**
**Upplýsingar og umsóknir berist tilNafn:Guðmundur Helgason.Sími: GSM: 8958247 Netfang: gummi@hotelnupur.is**

YfirVélstjóra, annan vélstjóra, stýrimann og matsvein vantar á sæfara ÁR vélarstærð , 465 kw. Uppl. í S: 8920367 eða 4833548.

Jökulsárlón ehf. óskar eftir að ráða skipstjóra í sumarstarf til að sigla Hjólabátum og léttbátum á Jökulsárlóni. Viðkomandi þarf að hafa skipstjórnarréttindi. Auk þess að hafa lokið námskeiði í Slysavarnarskóla Sjómanna. Einnig vantar starfsmenn í veitingasölu við Lónið. Umsóknir sendist á agust@jokulsarlon.is Upplýsingar gefur Ágúst í síma 868-4797 eða með tölvupósti

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Ung kona**
vill kynnast karlmanni. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8391.

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

## Tilkynningar

### Aðalfundur Skógræktarfélags Kópavogs

**Aðalfundur Skógræktarfélags Kópavogs verður haldinn í kvöld miðvikudaginn 21. mars kl 20 í Gullsmára 13.**

**Dagskrá:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins
2. Björn Traustason landfræðingur á Mógilsá, fjallar um stöðu skógræktar á höfuðborgarsvæðinu í dag og möguleika til aukinnar skógræktar í upplandi höfuðborgarsvæðisins.
3. Önnur mál

Stjórn Skógræktarfélags Kópavogs
skogkop.net

Skipulagsstofnun

### Blöndulína 3 ( 220 kv ) frá Blöndustöð til Akureyrar

**Mat á umhverfisáhrifum - athugun Skipulagsstofnunar**

Landsnet hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar.
Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **21. mars til 3. maí 2012** á eftirtöldum stöðum:
Á skrifstofum Húnavatnshrepps, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akrahrepps, Hörgársveitar og á bæjarskrifstofum Akureyrar. Einnig á Amtsbókasafninu á Akureyri, Héraðsbókasafni Skagfirðinga, Sauðárkróki, Héraðsbókasafni Austur-Húnavatnssýslu, Blönduósi, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun.
Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Landsnets og Mannvits: **www.landsnet.is og www.mannvit.is**

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **3. maí 2012** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Vakin er athygli á að opið hús verður haldið á eftirtöldum stöðum þar sem framkvæmdin og mat á umhverfisáhrifum hennar verða kynnt og eru allir velkomnir:
• Þriðjudaginn 27. mars á Húnavöllum frá kl. 16.00-18.30
• Miðvikudaginn 28. mars í Varmahlíð í Skagafirði frá kl. 15.00-18.00 og í Hlíðarbæ í Kræklingahlíð norðan Akureyri frá kl. 20.00-22.30.
Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

**Skipulagsstofnun**

## Atvinna

# ORGINAL

### Aðstoðarverslunarstjóri

Leitum eftir aðstoðarverslunarstjóra í verslun okkar í Smáralind.

**Hæfniskröfur:** Góð reynsla í verslunarstörfum nauðsynleg, mikill áhugi á tísku og útliti er einnig nauðsynlegur. Viðkomandi þarf að hafa mikla þjónustulund og eiga auðvelt með að vinna í hóp ásamt því að vera mjög ábyrgur, traustur og geta unnið sjálfstætt.

**Aldurstakmark er 20 ár.** Áhugasamir vinsamlegst sendið umsókn með ferilskrá og meðmælendum á fanneyanna@gmail.com

smárar

### Aðstoðarverslunarstjóri

Leitum eftir aðstoðarverslunarstjóra í verslun okkar í Smáralind.

**Hæfniskröfur:** Góð reynsla í verslunarstörfum nauðsynleg, mikill áhugi á tísku og útliti er einnig nauðsynlegur. Viðkomandi þarf að hafa mikla þjónustulund og eiga auðvelt með að vinna í hóp ásamt því að vera mjög ábyrgur, traustur og geta unnið sjálfstætt.

**Aldurstakmark er 20 ár.** Áhugasamir vinsamlegst sendið umsókn með ferilskrá og meðmælendum á thorunn.smarar@gmail.com

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**50 ROSIE O'DONNELL**, leikkona og þáttastjórnandi, er 50 ára í dag.

*„Allir sem hafa náð langt í sínu fagi eru sagðir erfiðir viðureignar. Tala nú ekki um ef það er kona."*

---

✝



Elskulegur bróðir okkar, mágur, frændi og vinur,

**EYJÓLFUR PÉTURSSON**
**fyrrverandi bóndi á Nautaflötum í Ölfusi, Úthaga 3, Selfossi,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi sunnudaginn 18. mars.

**Þorbergur Pétursson** **Rós Ólafsdóttir**
**Soffía Pétursdóttir**
**systkinabörn og fjölskyldur þeirra.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**LEIFUR EIRÍKSSON**
**Skipholti 21,**

andaðist að morgni dags 15. mars á Landspítalanum. Hann verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 23. mars. kl. 13.00. Við þökkum starfsfólki Dvalarheimilisins Fells fyrir frábæra umönnun og umhyggju síðustu ár og sömuleiðis starfsfólki á deild 13-E fyrir góða aðhlynningu síðustu vikurnar.

**Atli Leifsson**
**Kristrún Leifsdóttir** **Þorbjörg Sif Sæmundsdóttir**
**Sölvi Sæmundsson**
**Guðný Leifsdóttir** **Matthías Sæmundsson**
**Ísleifur Atli Matthíasson**
**Matthías Elí Matthíasson**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn og bróðir,

**ÓLAFUR ÞORSTEINN JÓNSSON**
**óperusöngvari,**

lést í Þýskalandi 13. mars sl.
Minningarathöfn verður í Fossvogskirkju þriðjudaginn 27. mars kl. 15.00.

**Jóhanna Sigursveinsdóttir** **Guðjón Heiðar Jónsson**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**PÉTUR SIGURÐSSON**
**Hraunbúðum, Vestmannaeyjum, áður Heimagötu 20,**

lést á Dvalarheimilinu Hraunbúðum 16. mars 2012. Minningarathöfn verður í Landakirkju í Vestmannaeyjum föstudaginn 23. mars kl. 11.00. Jarðsungið verður frá Víkurkirkju, Vík í Mýrdal, laugardaginn 24. mars kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Dvalarheimilið Hraunbúðir.

**Erling Pétursson** **Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir**
**Sigrún Pétursdóttir** **Ástþór Óskarsson**
**Erla Pétursdóttir** **Óskar Ólafsson**
**Svana Pétursdóttir** **Jón Halldórsson**
**Ingibjörg Pétursdóttir** **Matthías Óskarsson**
**Guðrún Pétursdóttir** **Guðlaugur Guðlaugsson**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**

---

✝



Elskuleg systir okkar,

**ERNA LÁRUSDÓTTIR**
**Njálsgötu 65, Reykjavík,**

lést að heimili sínu þann 17. mars. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Kristín Lárusdóttir**
**Ásthildur Lárusdóttir**
**Einar Þór Lárusson**
**Álfheiður K. Lárusdóttir**
**K. Rúna Lárusdóttir**
**og fjölskyldur.**

---


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Allan sólarhringinn


Sverrir Einarsson


Kristín Ingólfsdóttir


Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242


---



**YFIRDJASSISTINN** Sigurður Flosason kynnir líf og tónlist Chet Baker og Billie Holliday í máli og kvikmyndum á námskeiðinu Jazzbíó. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

JAZZBÍÓ HJÁ ENDURMENNTUN: KYNNIR CHET BAKER OG BILLIE HOLLIDAY

# Ævi og tónlist djasstónlistarmanna eru viðfangsefni námskeiðsins

Við sýnum bíómyndir sem tengjast djasstónlist en á undan hverri mynd höfum við kvöld þar sem ég kynni viðkomandi listamenn, tónlist þeirra og ævisögu," segir Sigurður Flosason djassisti sem í kvöld byrjar með námskeiðið Jazzbíó hjá Endurmenntun HÍ. „Þeir sem fara á myndirnar hafa þá allt aðra innsýn í málið og horfa út frá öðru sjónarhorni."

Viðfangsefnið í kvöld er trompetleikarinn og söngvarinn Chet Baker og annað kvöld verður sýnd í Bíói Paradís myndin Let's Get Lost eftir ljósmyndarann Bruce Weber sem fjallar um Baker og líf hans. „Þetta er frábær heimildarmynd," segir Sigurður. „Weber var mikill áhugamaður um Baker, byrjaði á því að mynda hann og ætlaði svo að gera þriggja mínútna heimildarmynd sem blés út og varð að heimildarmynd í fullri lengd. Myndin er mjög dramatísk, flott fyrir augað og dregur fram hvernig þessi maður, sem var ótrúlega fallegur og glæsilegur ungur maður, eltist langt um aldur fram og varð nokkurs konar afskræming af sjálfum sér. Því olli alveg ótrúlega mikil eiturlyfjaneysla og má eiginlega segja að hann hafi misboðið bæði líkama sínum og sál á allan hátt. Myndin er að mestu leyti tekin árið 1987 ári áður en Baker féll eða stökk út um hótelglugga í Amsterdam. Hún veitir góða innsýn bæði í karakter Bakers, líf og músík og ég verð að segja að þetta er ein flottasta heimildarmynd sem ég hef séð."



**CHET BAKER**



**BILLIE HOLLIDAY**

Námskeiðið hefst í húsnæði Endurmenntunar að Dunhaga 7 klukkan 20.15 í kvöld og annað kvöld verður hópferð á Let's Get Lost í Bíói Paradís.

Billie Holliday verður svo viðfangsefni seinna kvölds námskeiðsins á þriðjudaginn kemur og myndin Lady Sings the Blues frá 1972 sýnd kvöldið eftir. „Það er leikin mynd þar sem Diana Ross túlkar Holliday og gerir það mjög vel," segir Sigurður. „Hún bæði leikur og syngur ótrúlega vel og hljómar hvorki eins og hún sjálf né er stæling á Billie Holliday. Handritið er reyndar sögulega ónákvæmt en gefur samt innsýn í líf Holliday og myndin er skemmtileg áhorfs. Það eru stórar tónlistarsögulegar gloppur í handritinu en hún er ágætis kynning á lífi og tónlist Holliday sem við förum svo nánar út í á námskeiðinu."

Hægt er að skrá sig á námskeiðið á vefsíðunni endurmenntun.is.

fridrikab@frettabladid.is

---

✝



Elsku faðir okkar, tengdafaðir, sonur, afi og bróðir,

**AÐALSTEINN RÚNAR EMILSSON**
**lífefnafræðingur,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi miðvikudaginn 14. mars. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Erpur Aðalsteinsson** **Soufia Aðalsteinsson**
**Hulda Steinunn Aðalsteinsdóttir**
**Áslaug Dóra Aðalsteinsdóttir**
**Alexander Fadi Aðalsteinsson**
**og systkini hins látna.**

---

✝



Elskuleg dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,

**BRYNJA SVANDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Þverholti 5, Vopnafirði,**

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi þriðjudaginn 13. mars, verður jarðsungin frá Vopnafjarðarkirkju föstudaginn 23. mars og hefst athöfnin kl. 14.00.

**Kristján Magnússon** **Guðfinna Kristjánsdóttir**
**Magnús Kristjánsson** **Anna Dóra Halldórsdóttir**
**Signý Björk Kristjánsdóttir** **Höskuldur Haraldsson**
**og fjölskyldur.**




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | 8 | 3 | | 9 | 1 |
| | 9 | | | | | 8 | | |
| 8 | | | | | 2 | | 3 | 6 |
| 9 | | | 3 | | | | 6 | 5 |
| | | | | | | | | |
| 5 | 6 | | | | 7 | | | 4 |
| 1 | 5 | | 2 | | | | | 3 |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| 7 | 3 | | 1 | 4 | 8 | | | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** óskert, **6.** hvort, **8.** mánuður, **9.** farvegur, **11.** tveir eins, **12.** laust bit, **14.** framvegis, **16.** stefna, **17.** þjálfa, **18.** fálm, **20.** pfn., **21.** fullnægja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** klöpp, **3.** **950,** **4.** peningar, **5.** tugur, **7.** fáskiptinn, **10.** dorma, **13.** frjó, **15.** kvið, **16.** upphrópun, **19.** svörð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** allt, **6.** ef, **8.** maí, **9.** rás, **11.** uu, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** út, **17.** æfa, **18.** fum, **20.** ég, **21.** fróa.

**LÓÐRÉTT: 1.** berg, **3.** lm, **4.** lausafé, **5.** tíu, **7.** fálátur, **10.** sef, **13.** fræ, **15.** maga, **16.** úff, **19.** mó.


HÚSIÐ FASTEIGNASALA

SUÐURLANDSBRAUT 50
BLÁU HÚSIN Í SKEIFUNNI
WWW.HUSID.IS • S: 513-4300
VILHJÁLMUR BJARNASON
LÖGG. FAST.SALI

*- Heilshugar um þinn hag -*

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17-18

Sandavað 3 – Íbúð 0201



Glæsileg 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í vönduðu lyftuhúsi. Skiptist í glæsilegt eldhús með granít borðplötu og vönduðum tækjum. 3 stór svefnherbergi með skápum sem ná upp í loft. Vandað baðherbergi og stór stofa með stórum svölum. Stæði í bílahúsi í kjallara. Eign fyrir vandláta. Uppl í síma 820 1002. Laus fljótlega. **Verð: 31,9 millj.**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Strandvegur 11, Sjálandi Garðabæ.
4ra herbergja útsýnisíbúð

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17-18






Falleg og vel skipulögð 118,1 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð að meðtalinni 6,6 fm. sér geymslu og sér stæðis í bílageymslu í kjallara. Íbúðin er 4ra herbergja skv. teikn., en stofa hefur verið stækkuð sem nemur einu herbergi. Auðvelt er að útbúa þriðja svefnherbergið í íbúðinni ef vill.
Stórar flísalagðar svalir til suðurs. Eldhús opið við stofu og með eyju og vönduðum eikarinnréttingum. Vel staðsett eign alveg niður við sjó.
**Íbúðin er laus til afhendingar strax. Verð 38,9 millj.**
**Íbúðin verður til sýnis í dag. Íbúð merkt 0306. Verið velkomin.**



BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00


# Samfélag tómu tunnanna

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Á dögunum fór ég í sjálfskipað frí frá fjölmiðlaumræðunni. Dvaldi fjarri dægurþrasinu um hríð og vissi ekkert hvaða þingmaður ásakaði kollega sinn í það skiptið fyrir það að vinna markvisst að tortímingu Íslands, eða eitthvað þaðan af verra. En það er allt í lagi, allt þetta beið mín þegar ég sneri á ný til hins siðaða samfélags samfélagsumræðunnar.

**Í GRUNNSKÓLA** einkenndust rifrildi oftar en ekki af sleggjudómum. Eitthvert áberandi einkenni viðkomandi var tekið fyrir og úthrópað. Rautt hár, gleraugu, þéttur vöxtur, bólur, augu sem horfðu hvort í sína áttina; allt var þetta tínt til og nýtt í rifrildum ungra barna. Á stundum fóru menn yfir strikið og út brutust stympingar, en mestan part þótti þetta ágætis leið til að lýsa óánægju sinni. Það var til að mynda órækt sönnun þess að viðkomandi líkaði illa við mig þegar ég var kallaður Proppé-dýrið, sem var reyndar ansi oft, nú þegar ég hugsa út í það.

**UMRÆÐAN** á Íslandi minnir oftar en ekki á þessar orðahnippingar. Það er eins og við höldum að háreysti, gífuryrði og sleggjudómar séu rökfræðitól. Svo er ekki. Það er undantekningarlítið svo að sá sem hrópar hæstu og ljótustu orðin hefur minnst til síns máls. Sá sem öskrar í rifrildum er aldrei að vinna, hann er aðeins að sýna fram á reiði sem hann ræður ekki við og öskrar því í stað þess að beita rökum.

**ÞÁ** eru þeir ótaldir sem hrópa úlfur, úlfur sí og æ. Hefði helmingur af þeim ávirðingum sem stjórnarandstaðan hefur borið á ríkisstjórnina þetta kjörtímabil ræst væri Ísland nú sokkið í sæ og upp gysi brennisteinsfnykur. Eins virðist stjórnarþingmönnum fyrirmunað að sjá nokkurt ljós í starfi stjórnarandstöðunnar og raunar virðist forsætisráðherra telja eitt helsta mein landsins að Sjálfstæðisflokkurinn sé yfir höfuð til. Það litla gildi sem slíkar upphrópanir hafa missa gildi sitt við endurtekningu; ekki ósvipað og þegar fréttastjórar byrja upp úr hádegi að kvarta yfir efnisleysi í blaði morgundagsins.

**ÚLFUR,** úlfur hljómar nú úr öllum hornum. Lögreglan útmálar einhverja gaura í leðurvestum sem glæpasnillinga og gæti landsmenn ekki að sér megi ítalska mafían fara að vara sig. Evrópusambandið virðist hafa verið stofnað til að níðast á Íslendingum, Vinstri græn vinna að stofnun Gúlags, að ekki sé talað um femínistana sem fyrir það eitt að segja skoðanir sínar eru úthrópaðir sem undirrót alls ills í samfélaginu.

**Æ, ER** þetta ekki orðið ágætt. Það ætti að vera þroskamerki að vaxa upp úr svona stælum, því það bylur hæst í tómri tunnu. Er ekki kominn tími til að fullorðnast?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# TIL HAMINGJU, EINAR MÁR!



Einar Már Guðmundsson rithöfundur hlýtur Norræn bókmenntaverðlaun Sænsku akademíunnar, „Litla Nóbelinn", í ár fyrir framlag sitt til bókmennta. Af því tilefni bjóðum við bækur Einars á hátíðarverði.




Tilboð gildir til og með 18.04.12

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON



5% aukaafsláttur af tilboðunum! Skráðu þig í næstu heimsókn.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# menning

menning@frettabladid.is



**ÓLÖF ARNALDS** heldur tónleika á Rósenberg í kvöld. Snorri Helgason mun leika á undan Ólöfu á tónleikunum sem hefjast klukkan tíu. Síðast léku Ólöf og Snorri saman á tónleikum í St. Pancras Old Church í London nú í nóvember og munu þau skiptast á að þeyta skífum á tónleikunum á Rósenberg á milli setta.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 21. mars 2012**

### ➜ Sýningar

**17.00** Sýningin Fingramál verður opnuð í Hönnunarsafni Íslands. Um er að ræða sýningu á verkum sex íslenskra hönnuða sem allir eiga það sameiginlegt að vinna með prjón, en sýningin er hluti af HönnunarMars.

### ➜ Hátíðir



**20.00** Dansk-íslenska félagið boðar til vorhátíðar í Iðnó þar sem fram koma **Charlotte Bøving** og Eysteinn Pétursson. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

### ➜ Námskeið

**20.15** Námskeiðið Jazzbíó: Billie Holiday og Chet Baker verður haldið á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands og Bíó Paradís. Sigurður Flosason djassisti býður upp á innsýn í djassheima í gegnum tvær bíómyndir. Námskeiðið fer fram í húsnæði Endurmenntunar að Dunhaga 7 og er öllum opið.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00** Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands, heldur erindi á fundi í Vísindafélagi Íslendinga sem hún nefnir Endurútgáfa Negrastrákanna: Fordómar og kynþáttahyggja á Íslandi. Fyrirlesturinn verður haldinn í sal Þjóðminjasafns Íslands og er aðgangur ókeypis.

**12.15** Svanhildur Óskarsdóttir og Ludger Zeevaert flytja erindið Við upptök Njálu: AM 162 B fol. delta. Fyrirlesturinn er hluti af erindaröðinni um góssið hans Árna og verður flutt í Þjóðmenningarhúsinu. Aðgangur er ókeypis.



**20.00** Claire Bishop heldur fyrirlestur í Hafnarhúsi um þátttökugjörninga með vísun í verk listamannsins Santiagos Sierra. Fyrirlesturinn er hluti af fyrirlestraröðinni og samstarfsverkefninu Umræðuþræðir. Hann fer fram á ensku og er öllum opinn án endurgjalds.

### ➜ Uppákomur



**20.00** Gunnar Hersveinn ræðir um kímnigáfu Íslendinga á Heimspekikaffi í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Helga Braga Jónsdóttir verður gestur kvöldsins.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# Orðheppinn götustrákur

Bækur ★★☆☆☆

**Líf**

Keith Richards og James Fox, þýðing: Elín Guðmundsdóttir

**Bókafélagið Ugla**

Keith Richards, gítarleikari og aðallagasmiður Rolling Stones, er löngu orðinn goðsögn. Sögurnar af villtu líferni hans, dópneyslu, sukki og rugli, útistöðum við lögreglu auk stórkarlalegra yfirlýsinga hans á forsíðum heimspressunnar gerðu hann að einu vinsælasta umtalsefni fólks áratugum saman.

Heldur hefur verið hljóðara í kringum kappann seinni árin og sennilega kann hann því illa því árið 2010 sendi hann frá sér sjálfsævisöguna Líf sem hann skráði í samstarfi við blaðamanninn James Fox.

Líf byrjar með trukki eins og besta Stones-lag og neglir lesandann frá fyrstu síðu. Heldur þeim dampi á meðan umfjöllunarefnið er uppvöxturinn, stofnun Stones og fyrstu frægðarárin. Richards er ófeiminn við að lýsa sukksömu líferninu, kvennafarinu, heróínfíkninni, drykkjunni og dópneyslunni og stormasömu sambandi sínu við Anitu Pallenberg. Og svo tónlistinni auðvitað. Smátt og smátt rennur þó af honum móðurinn og seinustu 150 blaðsíðurnar eða svo eru lítið annað en upptalning á stöðum sem hann spilaði á, fólki sem hann spilaði með og lýsingar á stríði þeirra aldavinanna, hans og Micks Jagger. Samband þeirra virðist hafa verið eins og hjónaband tveggja egóista sem hatast og elskast til skiptis. Richards passar þó vel upp á það að láta líta út fyrir að sökin hafi öll verið Jaggers. Honum er mikið í mun að koma þeirri ímynd af sjálfum sér á framfæri að hann sé góði strákurinn, mannasættir og límið í hljómsveitinni, þótt ýmsar af lýsingum hans á eigin framferði grafi ansi hressilega undan þeirri ímynd.




Richards virkar ekki aðlaðandi persónuleiki í eigin bók. Hann talar illa um samstarfsmenn sína, gerir ekki upp við árin á heróíninu þegar sjö ára sonur hans flæktist með honum um Evrópu og hafði það hlutverk að koma föður sínum á svið, sinn þátt í deilum þeirra Jaggers og sambandsslitunum við Pallenberg og fleira og fleira. Innantómar yfirlýsingar hans um eigin gæsku hljóma dálítið falskar fyrir vikið og hástemmdar lýsingar á eigin snilld sem gítarleikara og lagasmið verða þegar á líður ansi líkar leiðinlegu kallagrobbi.

Engu að síður er bókin bráðskemmtileg aflestrar. Richards er orðhagur og kjaftfor og segir góðar sögur. Það er bara í seinustu köflunum sem nafnadritið og sjálfsupphafningin fer að verða þreytandi og lesandinn missir áhugann.

Þýðing Elínar Guðmundsdóttur er í einu orði sagt hræðileg. Enskan er þýdd nánast orð fyrir orð þannig að setningaskipanin er algjörlega ensk en ekki íslensk og úr verður hálfgerð málleysa sem lesandinn stendur sig að að þýða jafnóðum yfir á ensku í huganum til að setningarnar öðlist merkingu. Hugtök úr tónlistarheiminum eru rangþýdd, skipt er um tíð í miðjum setningum og svona mætti nánast endalaust áfram telja. Það er móðgun bæði við höfunda og lesendur að gefa út slíka hrákasmíð.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Skemmtileg bók um lífshlaup lifandi goðsagnar. Þýðingin er hins vegar afspyrnu léleg og ættu þeir sem tök hafa á að nálgast bókina á frummálinu.




# Siggi Eggerts hlutskarpastur

**120 tóku þátt í samkeppni Listahátíðar og Hönnunarmiðstöðvar um veggspjald Listahátíðar 2012.**



TILLÖGUR SKOÐAÐAR Gestir virða fyrir sér tillögur að veggspjaldi Listahátíðar. Fremst til hægri má sjá verðlaunatillöguna.

Hönnuðurinn Siggi Eggertsson bar sigur úr býtum í hönnunarsamkeppni Listahátíðar og Hönnunarmiðstöðvar um veggspjald Listahátíðar 2012. Hrefna Haraldsdóttir, stjórnandi Listahátíðar, kynnti úrslitin í gær og afhjúpaði veggspjaldið á veitingastaðnum Kexi. „Þetta er í fyrsta sinn sem Listahátíð stendur fyrir opinni veggspjaldasamkeppni meðal hönnuða og myndlistarmanna og við erum mjög ánægð með þessi góðu viðbrögð og hversu margar fínar tillögur bárust. Það sýnir okkur að Listahátíð skiptir fólk máli og á sinn sess í hugum fólks á öllum aldri,“ sagði Hrefna við tækifærið.


SIGGI EGGERTS

Tillögum í keppnina var skilað undir dulnefni og valdi dómnefndin vinningstillöguna án þess að vita hver höfundur hennar var. Alls voru sendar inn 120 tillögur í keppnina og voru þær allar sýndar við afhjúpunina í dag.

Kjarninn í veggspjaldi Sigga Eggertssonar er hið þekkta merki Listahátíðar eftir Ágústu Pétursdóttur Snæland. Verk Sigga Eggertssonar er litrík hringiða umhverfis merkið, eins konar auga stormsins. Veggspjaldið dregur að augað og gefur til kynna þann fjölbreytileika og líf sem Listahátíð stendur fyrir.

Siggi Eggertsson er búsettur í Berlín þar sem hann starfar sjálfstætt. Hann hefur vakið mikla athygli innanlands sem utan fyrir verk sín. Hann hefur tvívegis hlotið alþjóðlega viðurkenningu sem einn efnilegasti hönnuður heims. Hann hannaði plötuumslag Orgelkvartettsins Apparats, Pólýfóníu, og hlaut fyrir það Íslensku tónlistarverðlaunin. Hann hannaði einnig merki HönnunarMars árið 2011

Í dómnefnd samkeppninnar sátu Guðmundur Oddur Magnússon, grafískur hönnuður og prófessor við Listaháskóla Íslands, Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Halldóra Ísleifsdóttir, lektor og fagstjóri grafískrar hönnunar við Listaháskóla Íslands, Hrefna Haraldsdóttir, stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík, og Stefán Snær Grétarsson, grafískur hönnuður og teiknistofustjóri auglýsingastofunnar Fítons. Ritari samkeppninnar var Haukur Már Hauksson, grafískur hönnuður.

Listahátíð í Reykjavík verður haldin dagana 18. maí til 3. júní 2012.

sigridur@frettabladid.is

# Prent og Passíusálmar

Sýningin Prentlist og Passíusálmar verður opnuð í anddyri Hallgrímskirkju á laugardag. Sýningin er samstarfsverkefni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Listvinafélags Hallgrímskirkju, sem fagnar nú 30. starfsári sínu.

Fyrsta útgáfa Passíusálmanna leit dagsins ljós á Hólum í Hjaltadal árið 1666 og síðast voru þeir prentaðir í Reykjavík árið 2009. Hefur varla nokkurt annað bókmenntaverk verið prentað jafn oft á íslenska tungu. Hallgrímssálmar, eins og þeir hafa verið kallaðir, eru einnig varðveittir í mörgum handritum.


HALLGRÍMUR PÉTURSSON

Einkum eru sýndar myndir af titilsíðum en einnig bent á ýmislegt sem athyglisvert er við mismunandi útgáfur og prentanir, t.d. leturgerð, uppsetningu sálmanna og þróun titilsíðutexta.


Konfúsíusarstofnunin norðurljós sýnir heimildamyndina

Kína: Byltingaöldin 2. hluti

Mao árin

Sýnd í Odda 101, á morgun kl. 17:00




aukaatriðin í aðalatriði

25% afsláttur af öllum GSM aukahlutum
á Mögnuðum miðvikudegi

Töskur og hlífar
Vantar þig hlíf utan um símann?
25% afsláttur af GSM töskum og hlífum

Handfrjáls búnaður
Þú ert öruggari með báðar á stýri
25% afsláttur af handfrjálsum búnaði

Minniskort
Kemst dótið ekki fyrir?
25% afsláttur af minniskortum

Síminn

# Töffarinn Ferry til Íslands

**Bryan Ferry spilar í Eldborgarsal Hörpu 27. maí. Á fjórða tug tónlistar- og tæknimanna verða með honum í för.**



## ÁRITAR HLJÓMPLÖTUR Í REYKJAVÍK

Bryan Ferry ætlar að koma hingað degi á undan tónleikum sínum í Hörpunni. Hann það sérstaklega um að fá að gista í svítunni á Hótel Borg. Einnig lýsti hann yfir áhuga á að árita plötur sínar einhvers staðar í Reykjavík, sem er mjög sjaldgæft þegar erlendar stjörnur eru annars vegar. Hann verður með nuddara baksviðs á tónleikunum til að hann verði í sínu allra besta formi uppi á sviði.

Hinn heimsþekkti enski tónlistarmaður Bryan Ferry kemur hingað til lands ásamt hljómsveit og heldur tónleika í Eldborgarsal Hörpu á hvítasunnudag 27. maí.

Á fjórða tug tónlistar- og tæknimanna verða með í för til að sjá um að bæði tónlist og sjónræni hluti tónleikadagskrárinnar skili sér sem allra best. Þetta verða jafnframt fyrstu tónleikar hans í ár. Síðustu tónleikar Ferry voru í London í desember þegar hann lauk Olympia-tónleikaferð sinni sem samanstóð af fimmtíu uppseldum tónleikum.

Tónleikarnir í Reykjavík eru einstakt tækifæri til að sjá hann á tónleikum, því þetta eru einu tónleikarnir sem tilkynntir hafa verið með Ferry í ár. Þeir eru á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.

„Hann er algjör töffari eins og síðustu áratugir sanna og töffaraskapurinn er ekkert að minnka,“ segir Steinþór Helgi Arnsteinsson sem kemur að skipulagningunni. „Hann kemur í gegnum persónuleg sambönd. Hann lýsti yfir miklum áhuga á að gera þetta.“

Tónleikar Ferry marka upphaf alþjóðlegra Nelson Mandela-daga á Íslandi, sem eru haldnir til heiðurs Mandela og hugsjónum hans. Fyrirhugaðir eru fleiri tónleikar síðar á árinu til vitundarvakningar og stuðnings mannúðarsjónarmiðum Mandela.

Tónlistarferill hins 66 ára Ferry spannar rúma fjóra áratugi. Hann hóf sólóferil sinn árið 1973, þá höfuðpaur hljómsveitarinnar Roxy Music. Meðal þekktusta laga frá ferli hans eru Slave to Love, Kiss & Tell, Let's Stick Together, More Than This og Avalon.

Ferry hefur ekki aðeins haft áhrif á samtíð sína sem tónlistarmaður. Hann hefur látið til sín taka innan tísku og hönnunar, eins og sjá má á plötuumslögum þeirrar 31 breiðskífu sem hann hefur gefið út sem sólólistamaður og með Roxy Music. Hann nýtur mikillar virðingar tískuheimsins og ofurfyrirsætan Kate Moss var ekki lengi að segja „já“ þegar hann fór fram á við hana að sitja fyrir á hans síðasta plötualbúmi, Olympia.

Miðasala á tónleikana í Hörpu hefst klukkan 12 á fimmtudag. Aðeins 1.500 aðgöngumiðar eru í boði og fer miðasala fram á Harpa.is, Midi.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528 5050. freyr@frettabladid.is



**TEXTINN BRÝTUR REGLUR** Valentina Monetta þarf nýjan texta fyrir lagið Facebook Uh, Oh, Oh, fyrir föstudaginn.

# Ólöglegt Eurovision-lag

**Textinn við lagið Facebook Uh, Oh, Oh, framlag San Marínó til Eurovision-söngvakeppninnar í ár, stenst ekki reglur keppninnar.**

**Eins og heiti lagsins gefur til kynna fjallar það um samskiptavefinn Facebook og minnist til dæmis á nafn vefsins ellefu sinnum, auk þess sem litirnir blár og hvítur eru ríkjandi í myndbandinu.**

**Aðstandendum keppninnar þótti lagið auglýsa samskiptavefinn of mikið og hafa því dæmt textann ólöglegan á grundvelli reglna númer 1.2.2.g, þar sem segir að bannað sé að vera með nokkurs konar auglýsingar í textum. Valentina Monetta, flytjandi lagsins, og félagar hennar frá San Marínó hafa tíma til hádegis næstkomandi föstudag til að skila inn nýjum texta ef þau vilja vera með í keppninni.**

**Þegar nýr texti San Marínó liggur fyrir eru öll lög og allir flytjendur komnir á hreint fyrir keppnina í Bakú í lok maí. - trs**

# Gjafmildi hjá Airwaves

**Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves býður upp á fría tónleika á NASA laugardagskvöldið 31. mars. Fram koma Sóley, Agent Fresco og breska gítarrokksveitin All the Young. Útvarpsstöðin XFM í London nefndi hljómsveitina eina af tólf bestu sveitunum sem stíga fram í dagsljósið á þessu ári, auk þess sem hún var tilnefnd sem efnilegasta sveitin hjá verslunum HMV.**

**Hægt verður að nálgast ókeypis miða á tónleikana á Midi.is frá hádegi fimmtudaginn 22. mars og einnig við innganginn á NASA á tónleikakvöldinu. Iceland Airwaves fer fram dagana 31. október til 4. nóvember.**



**SPILAR Á NASA** Breska gítarrokksveitin All the Young spilar á Nasa.


SMÁRA BÍÓ · HÁSKÓLA BÍÓ · midi.is




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| ACT OF VALOR | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE VOW | KL. 5.30 - 8 - 10.20 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SVARTUR Á LEIK LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| TÖFRATENINGURINN | KL. 3.30 | L |
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5 | 10 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.30 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| ACT OF VALOR | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE VOW | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THIS MEANS WAR | KL. 10.15 | 14 |
| LISTAMAÐURINN | KL. 5.45 - 8 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| ACT OF VALOR | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE VOW | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| PROJECT X | kl. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| PROJECT X VIP | kl. 6 - 8 - 10:10 | 2D | VIP |
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 3D | 7 |
| JOHN CARTER | kl. 10:10 | 2D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 | kl. 5:50 | 2D | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| HUGO Með texta | kl. 5:30 - 8 | 2D | 10 |
| CONTRABAND | kl. 5:50 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| PROJECT X | kl. 8 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | kl. 10 | 3D | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| PROJECT X | kl. 5:50 - 8 - 10:10 - 10:40 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 - 10:30 | 3D | 7 |
| JOURNEY 2 | kl. 5:50 | 3D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali | kl. 6 | 3D | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| PROJECT X | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 - 10:10 | 3D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 3D | kl. 5:50 | 3D | 7 |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D M/ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| PROJECT X | kl. 8 | 2D | 16 |
| SVARTUR Á LEIK | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMbio.is



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| PROJECT X | 6, 10.15 |
| JOHN CARTER 3D | 7 |
| SVARTUR Á LEIK | 5.50, 8, 10.15 |
| SAFE HOUSE | 10 |



BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

MIÐVIKUDAGUR: *ÞÝSKIR: ANDVAKA* 20:00 ■ *ÞÝSKIR: MAHLER Á LEGUBEKKNUM* 22:00 ■ *BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK) 17:40, 20:00, 22:20* ■ BLIKKIÐ 18:00, 20:00 ■ MACHINE GUN PREACHER 22:00 ■ THE SKIN I LIVE IN 20:00, 22:20 ■ THE DESCENDANTS 17:40 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00

ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.






Gallery Restaurant

# FRANSKIR VÍNDAGAR
## Á GALLERY RESTAURANT UM HELGINA

22.-25. mars



Gérard Bertrand

GÉRARD BERTRAND
L'ART DE VIVRE LES VINS DU SUD



Bertrand var lengi einn þekktasti leikmaður Frakka í rugby. Fjölskylda hans hafði um árabil stundað vínrækt á heimaslóðunum í Corbieres og þegar Bertrand lauk atvinnumannaferli sínum ákvað hann að einbeita sér alfarið að vínrækt og fjárfesti í nokkrum vínhúsum í Languedoc.

Vínhús hans telst í dag með þeim fremstu í Suður-Frakklandi og var m.a. valið European Winery of the Year af bandaríska tímaritinu Wine Enthusiast og „Best Overall Value Winery of France“ af Wine Spectator.

Bertrand er framsækið vínfyrirtæki sem leggur áhersla á lífræna ræktun hágæðavína. Þau eru nú fáanleg á Íslandi í fyrsta skipti.

## Gallery Restaurant býður upp á sérvalin vín frá Gérard Bertrand í Languedoc í Suður-Frakklandi

### Matseðill

Bleikju „rillette“ á brauðþynnum með sítrus vinaigrette

G.B. Muscat - O 2010

Gljáður humar og hnetukryddud hörpuskel ásamt eplum og sellerí „escabeche“ með andarlifrarkremi

G.B. Réserve Speciale Chardonnay 2010

Gufusoðin smálúða undir grænmetis- og sjávarhellum, apríkósur og lavander

G.B. Réserve Speciale Viognier 2010

Brasseraður mjólkurkálfur, Jerúsalem ætiþyrstlar, myrkilsveppir og púrtvínsgljái

G.B. Grand Terroir Pic St.Loup 2010
G.B. Chateau L'Hospitalet Grand Vin la Clape 2009

Frosinn & fylltur jarðarberjahnöttur, súkkulaðistampur ásamt Banyuls sætvínsdropum

G.B. Banyuls vin doux naturel 2008

7.900.- (fös/lau)
14.900.- ásamt 6 glösum af sérvöldu víni (fös/lau)
6.900.- (fim/sun)
13.500.- ásamt 6 glösum af sérvöldu víni (fim/sun)

HÓTEL HOLT

Bergstaðastræti 37 | s: 552 5700
gallery@holt.is | www.holt.is

# sport

sport@frettabladid.is



**ALEXANDER PETERSSON** er enn meiddur í öxl og getur ekki skotið að marki. Í fréttum Stöðvar 2 í gær kom fram að hann þyrfti líklega að fara í aðgerð en ef af því verður þá mun Alexander missa af Ólympíuleikunum í sumar en þangað mun landsliðið líklega komast. Alexander hefur aðeins leikið varnarleik upp á síðkastið.

Úrslitakeppnin byrjuð:

## Jakob heitur í sigri Sundsvall

**KÖRFUBOLTI** Svíþjóðarmeistarar Sundsvall Dragons fóru vel af stað í úrslitakeppninni í kvöld er þeir unnu fyrsta leikinn gegn LF Basket, 88-80.

Jakob Örn Sigurðarson fór fyrir liði Drekanna og skoraði 24 stig. Hlynur Bæringsson skoraði 4 og tók 8 fráköst. Pavel Ermolinskij gat ekki leikið með liði Sundsvall í leiknum en hann er meiddur.

Helgi Már Magnússon og félagar í 08 Stockholm HR töpuðu fyrir Norrköping Dolphins, 75-72, í hörkuleik. Helgi Már skoraði 11 stig í leiknum.

Í fyrstu umferð úrslitakeppninnar þarf að vinna þrjá leiki til þess að komast í næstu umferð og voru þetta fyrstu leikir úrslitakeppninnar í ár.

- hbg

Mikil spenna fyrir kvöldinu á Englandi og Man. City á erfitt verkefni fyrir höndum er það mætir Chelsea:

## Tevez verður líklega í hópnum hjá City

**FÓTBOLTI** Það fer fjöldi stórleikja fram í enska boltanum í kvöld en stærsti leikurinn er viðureign Man. City og Chelsea.

Chelsea hefur verið á fínu flugi síðan Andre Villas-Boas var rekinn sem stjóri félagsins og Roberto Di Matteo tók við stjórnartaumunum. Að sama skapi hefur Man. City verið að gefa eftir og liðið hefur sérstaklega verið í vandræðum með að skora upp á síðkastið.

Það ætti að hjálpa City í kvöld að John Terry, fyrirliði Chelsea, getur ekki leikið vegna meiðsla. Hann meiddist í Meistaradeildarleiknum gegn Napoli og verður ekki leikfær fyrr en um helgina.

Mesta spennan er þó hvort Argentínumaðurinn Carlos Tevez komi við sögu í leiknum. Hann hefur ekki spilað fyrir aðallið City síðan í september á síðasta ári.



**KOMINN ÚR SKAMMARKRÓKNUM** Tevez hefur verið að æfa á fullu og er tilbúinn að snúa aftur á völlinn. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Þá neitaði hann að koma af bekknum í Meistaradeildarleik gegn Bayern og lét sig svo hverfa í þrjá mánuði.

### Leikir kvöldsins

| | |
|---|---|
| Man. City - Chelsea | Sport 2 & HD |
| Tottenham - Stoke | Sport 5 |
| Everton - Arsenal | Sport 4 |
| QPR - Liverpool | Sport 3 |

„Það kemur vel til greina að velja Carlos í hópinn," sagði Roberto Mancini, stjóri City, en hann sagði að Tevez myndi aldrei aftur spila fyrir félagið eftir að hann neitaði að koma inn á.

„Hann er að verða betri, en ég efast um að hann geti spilað meira en 25-30 mínútur. Hann þarf að fá mínútur á vellinum en 90 mínútur eru allt of mikið."

Man. City er fjórum stigum á eftir toppliði Man. Utd og myndi því minnka forskotið niður í eitt stig með sigri í kvöld.

- hbg


Notar aðeins 3,5 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Kjóstu hagkvæmni. Verð frá 4.590.000 kr.



VOLVO S40 DÍSIL

Notar aðeins 3,9 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Endurreiknaðu líf þitt. Verð frá 5.990.000 kr.



VOLVO S60 DÍSIL

Notar aðeins 4,1 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Mættu ítrustu kröfum. Verð frá 6.290.000 kr.



VOLVO V60 DÍSIL

Notar aðeins 4,0 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Endurskilgreindu gæði. Verð frá 6.290.000 kr.



VOLVO S80 DÍSIL

Notar aðeins 4,1 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Upplifðu þægindi. Verð frá 6.490.000 kr.



VOLVO V70 DÍSIL

Notar aðeins 5,7 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Sláðu tvær flugur. Verð frá 9.090.000 kr.



VOLVO XC70 DÍSIL

Notar aðeins 5,6 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Lifðu í öryggi. Verð frá 8.890.000 kr.



VOLVO XC60 DÍSIL




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | volvo.is

Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Volvo á Íslandi.



**HRINGURINN FARINN** Walker er búinn að selja þennan hring. NORDIC PHOTOS/GETTY

Walker í vondum málum:

## Seldi meistarahringinn sinn

**KÖRFUBOLTI** Antoine Walker, fyrrum NBA-stjarna, er í það miklum peningavandræðum að hann hefur nú selt verðlaunagripinn sem hann fékk þegar hann varð NBA-meistari með Miami Heat árið 2006. Walker seldi hringinn fyrir um 2,5 milljónir kr.

Walker tapaði öllum þeim fjármunum sem hann vann sér inn á glæsilegum atvinnumannaferli. Spilafíkn var hans vandamál og árið 2010 var hann úrskurðaður gjaldþrota. Skuldir hans nema um 1,5 milljörðum kr., eða um 13 milljónum Bandaríkjadala.

Walker fékk um 14 milljarða kr. í laun á ferlinum. - seth

# Ferðuðust með rútu til Þýskalands

**Gæðunum er oft misskipt í karla- og kvennaboltanum. Sænska meistaraliðið Malmö fór í tólf tíma rútuferð til Frankfurt þar sem það á að spila í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í dag.**

**FÓTBOLTI** Íslendingaliðið Malmö mætir þýska liðinu Frankfurt í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar í dag. Þetta er seinni leikur liðanna en Malmö vann fyrri leikinn 1-0 með marki Söru Bjarkar Gunnarsdóttur. Þóra B. Helgadóttir átti einnig mjög góðan leik í marki Malmö og þær báðar verða báðar í byrjunarliði Malmö í dag.

„Við komum til Þýskalands á sunnudag. Það tók líka ansi langan tíma enda fórum við með rútu. Ekki alveg það skemmtilegasta sem ég hef gert. Það var hrikalega leiðinlegt enda tók ferðin um tólf tíma,“ sagði Sara Björk við Fréttablaðið í gær en það fór ágætlega um liðið samt í ferðalaginu enda er Malmö með fína rútu fyrir liðið.

Lið Malmö spilar sína leiki á gervigrasi en í leiknum í dag fá þær að leika á grasi.

„Ég er mjög fegin að geta komist á gras. Við æfum nefnilega líka á gervigrasi alla daga. Þetta verður þægileg tilbreyting.“

Sara segir að það sé virkilega góð stemning í liðinu fyrir leikinn enda ætli það sér að komast áfram í keppninni og sýna að Malmö sé eitt af fjórum bestu liðum Evrópu í dag.

„Það var mikilvægt fyrir okkur að fá ekki á okkur mark á heimavelli. Ef við náum að skora þá erum við í sterkri stöðu. Það kemur ekkert annað til greina en að klára þennan leik og koma okkur í undanúrslit.“

Sara Björk er vön því að spila á miðjunni hjá landsliðinu en í liði Malmö leikur hún sem framherji.

„Mér gengur vel frammi og á meðan svo er þá þarf ekkert að breyta,“ sagði Sara en er hún vanmetinn markaskorari? „Ég veit það ekki. Mér hefur oft gengið líka vel að skora þegar ég spila á miðjunni. Ég er samt óhefðbundinn framherji að því leyti að ég vinn mikið til baka. Ég er lítið fyrir að hanga bara í fremstu víglínu.“

Undanfarið hafa borist fréttir af því frá Svíþjóð að Malmö standi mjög illa fjárhagslega og hætta er á að það fari hreinlega í þrot fari svo að borgaryfirvöld komi ekki til aðstoðar.

„Það er ekkert að trufla mig mikið. Ég og liðið erum að hugsa um leikinn sem er fram undan,“ sagði Sara en félagið hefur þrátt fyrir vandræðin náð að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar gagnvart leikmönnum.

„Það er ekkert sagt mikið við okkur en ég nenni ekki að pæla í þessu. Ég pæli bara í að æfa og spila vel.“ henry@frettabladid.is



**SARA BJÖRK** Skoraði eina markið í fyrri leiknum og verður í framlínunni aftur í dag. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



## > Stöð 2 kl. 20.35
## Hannað fyrir Ísland

***Fyrsti þátturinn í glænýrri þáttaröð þar sem íslenskir hönnuðir fá tækifæri til að sanna sig. Níu hönnuðir hefja leikinn og í hverjum þætti eiga þeir að hanna og sauma flík eða fatalínu sem þriggja manna dómnefnd leggur mat á. Sá hönnuður sem á sístu hönnunina að mati dómnefndar fellur úr keppni. Þóra Karítas Árnadóttir er kynnir þáttarins.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON OG GRIMMDIN

# *Rándýr borða krúttleg dýr*

Náttúrulífsþættirnir Heimskautin köldu, eða Frozen Planet, eru sýndir á RÚV um þessar mundir. Í þætti mánudagsins var þemað: „Grimm rándýr elta uppi og borða krúttleg afkvæmi annarra dýra.“

Við fylgdumst til dæmis með úlfum elta uppi lítinn sauðnautskálf og glefsa í hann þangað til hjörðin kom honum til bjargar. Þá eltu háhyrningar saklausa hrefnu þangað til hún varð örmagna og þeir létu til skarar skríða. Loks fylgdumst við með suðurskautsskúm næla sér í lítinn og krúttlegan



mörgæsarunga og rífa hann í sig.

Þessar einstöku myndir höfðu gríðarleg áhrif á mig. Ég var nýbúinn að skófla í mig nautasteik án þess að hugsa um greyið kálfinn sem fórnaði lífi sínu svo ég gæti grillað hann og baðað í bernaise. Þvílík örlög. Ég byrjaði ósjálfrátt að hugsa um grimmd þessara vægðarlausu rándýra og vorkenndi ávallt krúttlegu dýrunum sem urðu undir.

Svo fattaði ég að ég er maður. Grimmasta óargadýr í sögunni. Áhrifin voru því skammvinn. Sorrí með mig.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Öryggissjóður verkalýðsins **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Sólskinshestur **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Skáld í útlegð **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**15.20 Skólahreysti** (e)
**16.00 Djöflaeyjan** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.25 Í mat hjá mömmu** (1:6) (Friday Night Dinner) (e) Bresk gamanþáttaröð um tvo bræður sem fara alltaf í mat til foreldra sinna á föstudagskvöldum.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (53:59)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (24:42)
**18.30 Gló magnaða** (47:52)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Bræður og systur** (98:109) (Brothers and Sisters)
**20.45 Meistaradeild í hestaíþróttum** Umsjón: Samúel Örn Erlingsson.
**21.05 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Allt er list** (Everything is Art) Bresk heimildamynd um nokkra fremstu hönnuði okkar tíma og fjölbreytileg viðfangsefni þeirra.
**23.05 Landinn** (e)
**23.35 Kastljós** (e)
**23.55 Fréttir**
**00.05 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Crazy on the Outside**
**10.00 The Boat That Rocked**
**12.10 Algjör Sveppi og leitin að Villa**
**14.00 Crazy on the Outside**
**16.00 The Boat That Rocked**
**18.10 Algjör Sveppi og leitin að Villa**
**20.00 Rendition**
**22.00 Pineapple Express**
**00.00 Fast & Furious**
**02.00 The House Bunny**
**04.00 Pineapple Express**
**06.00 Paul Blart: Mall Cop**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (118:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 The Big Bang Theory** (19:23)
**11.25 How I Met Your Mother** (21:24)
**11.50 Pretty Little Liars** (12:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Til Death** (3:18)
**13.25 The Deep End** (3:6)
**14.15 Ghost Whisperer** (10:22)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In the Middle** (1:22)
**19.45 Perfect Couples** (10:13)
**20.10 New Girl** (6:24)
**20.35 Hannað fyrir Ísland** (1:7)
**21.20 Mildred Pierce** (3:5) Magnaðir þættir með Kate Winslet og Guy Pearce í aðalhlutverkum og fjalla um unga móður sem stendur ein á báti og þarf að berjast fyrir tilveru sinni í kreppunni miklu eftir að eiginmaður hennar yfirgefur hana.
**22.25 Gossip Girl** (8:24)
**23.10 Pushing Daisies** (7:13)
**23.55 Alcatraz** (6:13)
**00.40 NCIS: Los Angeles** (13:24)
**01.25 Rescue Me** (5:22)
**02.10 Van Wilder 2: The Ride of Taj** Hressileg gamanmynd og sjálfstætt framhald myndarinnar um Van Wilder.
**03.45 How I Met Your Mother** (21:24)
**04.10 New Girl** (6:24)
**04.35 Mildred Pierce** (3:5)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Spænski boltinn: Baracelona - Granada**
**17.05 Liverpool - Stoke** FA bikarkepp.
**18.50 Spænsku mörkin**
**19.25 Þýski handboltinn: Füchse Berlin - Gummersbach**
**20.50 Spænski boltinn: Villarreal - Real Madrid** BEINT
**23.00 Ensku bikarmörkin**
**23.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**00.00 Spænski boltinn: Villarreal - Real Madrid**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Blackburn - Sunderland**
**16.50 Newcastle - Norwich**
**18.40 Premier League Review 2011/12**
**19.35 Man. City - Chelsea** BEINT
**21.45 Sunnudagsmessan**
**23.05 QPR - Liverpool**
**00.55 Everton - Arsenal**
**02.45 Man. City - Chelsea**

### EXTRA

**19.30 The Doctors** (74:175)
**20.10 American Dad** (11:18)
**20.35 The Cleveland Show** (3:21)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (16:24)
**22.15 Two and a Half Men** (4:24)
**22.45 White Collar** (3:16)
**23.30 Burn Notice** (11:20)
**00.15 Community** (24:25)
**00.40 The Daily Show: Global Edition**
**01.05 Malcolm In the Middle** (1:22)
**01.30 Perfect Couples** (10:13)
**01.50 American Dad** (11:18)
**02.15 The Cleveland Show** (3:21)
**02.40 The Doctors** (74:175)
**03.20 Fréttir Stöðvar 2**
**04.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Matarklúbburinn** (6:8) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (10:22) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Jonathan Ross** (17:19) (e)
**12.50 Matarklúbburinn** (6:8) (e)
**13.15 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 7th Heaven** (18:22)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Solsidan** (6:10) (e)
**18.25 Innlit/útlit** (6:8) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (27:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (16:24)
**19.45 Will & Grace** (27:27) (e)
**20.10 Britain's Next Top Model** (2:14) Þær 14 stúlkur sem komust áfram í keppninni flytja inn í nýju heimkynnin og taka þátt í myndatöku þar sem undirföt eru í aðalhlutverki.
**20.55 The Firm** (4:22)
**21.45 Law & Order UK** (3:13)
**22.30 Jimmy Kimmel**
**23.15 Prime Suspect** (9:13) (e)
**00.05 HA?** (25:31) (e)
**00.55 The Walking Dead** (7:13) (e)
**01.45 The Firm** (4:22) (e)
**02.35 Everybody Loves Raymond** (16:24) (e)
**03.00 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.25** The Tavistock Cup 2012 (2:2) **12.25** Transitions Championship 2012 (3:4) **15.25** The Tavistock Cup 2012 (2:2) **19.00** Inside the PGA Tour (11:45) **19.25** LPGA Highlights (4:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (4:25) **21.35** Inside the PGA Tour (12:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (11:45) **23.45** ESPN America

### N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

### BBC entertainment

**06.40** My Family **08.40** The Inspector Lynley Mysteries **10.10** Come Dine With Me **11.00** EastEnders **11.30** Come Dine With Me **12.20** My Family **15.45** QI **16.45** The Best of Top Gear **17.35** The Graham Norton Show **18.25** Come Dine With Me **19.15** QI **20.15** The Graham Norton Show **21.00** QI Children in Need Special **21.30** QI **22.00** Peep Show **22.30** Live at the Apollo **23.15** My Family **01.15** The Inspector Lynley Mysteries **02.45** QI Children in Need Special **03.15** QI **03.45** Peep Show

### DR 1

**13.30** Hammerslag **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Lægerne **15.00** Dyk Olli dyk **15.15** Timmy-tid **15.25** Skæg med bogstaver **15.45** Sprutte-Patruljen **16.00** Pacific Paradise Police **16.50** DR Update - nyheder og vejr **16.55** Håndbold **17.30** TV Avisen med Sport **17.40** Håndbold **18.30** Aftenshowet **19.00** Kender du typen **19.30** Restaurant bag tremmer **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Homeland - Nationens sikkerhed **22.20** Onsdags Lotto **22.30** Nye hvide verden **23.00** Lægerne

### NRK 1

**13.00** NRK nyheter **13.05** Ut i naturen **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Naturens undere **16.00** NRK nyheter **16.10** Gaupedebatt **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Forbrukerinspektørene **19.15** Helt patent! **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Lov og orden. London **21.25** Lindmo **22.10** Kveldsnytt **22.25** Nasjonalgalleriet **22.55** Brenner - historier fra vårt land

### SVT 1

**11.05** På tur med Torben **11.35** Dox **12.35** Robins **13.05** Bobby **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Från Lark Rise till Candleford **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Svenska dialektmysterier **20.30** Kobra **21.00** Game of Thrones **21.55** Dag **22.25** Tv-cirkeln. Game of thrones **22.40** Rapport **22.45** Kulturnyheterna **22.50** Skavlan **23.50** Dox

### ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |






# Borðar barnið þitt líka sælgæti í morgunmat?




## Mini Fras er holli valkosturinn

Mini Fras er ein af fáum morgunkornstegundum fyrir börn sem uppfylla kröfur Skráargatsins. Margar gerðir af morgunkorni sem ætlaðar eru börnum innihalda allt að 35 g af sykri í hverjum 100 g, sem er svipað magn og í 100 g af hlaupi eða lakkrís.

® Mini Fras Hollara en maður heldur

fireball.

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Núðluskálin á Skólavörðustíg. Það eru mjög góðar núðlur þar.“*

Þórður Kári Steinþórsson úr hljómsveitinni Samaris.

# Hera Björk ekki nýr Páll Óskar

„Ég mun sjá um að kasta boltanum á milli en ég er ekki að fara að verða nýr Páll Óskar, enda reynir það held ég ekki nokkur lifandi maður,“ segir Hera Björk um nýjan Eurovision-þátt sem er væntanlegur á RÚV 21. apríl.

Þátturinn kemur í stað Alla leið-þáttanna sem Páll Óskar hefur stýrt undanfarin ár, en Hera segir verða mikið um nýjungar í ár. „Þáttunum mun svipa meira til sams konar þátta á Norðurlöndunum. Við verðum fjögur sem sitjum í dómnefnd og segjum okkar skoðun á lögunum,“ segir Hera. Upptökur hefjast eftir páska en auk Heru skipa hóp álitsgjafa Eurovision-fararnir Eiríkur Hauksson og Matti Matt, auk Valgerðar Guðnadóttur söngkonu. Gestir í sal verða meðlimir í FÁSES (Félag áhugafólks um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva) og koma þau til með að hafa úrslitavald ef til jafnteflis kemur um hvort lag sé líklegt til að komast áfram eður ei. Reynir Þór Reynisson mun svo mæta með ýmis innslög og fróðleiksmola.

Hera Björk hefur fylgst náið með Eurovision frá unga aldri, með kertastjaka í hönd að syngja með lögunum. „Ég er algjört Eurovision-nörd, og nú þegar ég hef farið í Eurovision-land þá er ekki aftur snúið. Þetta er eins og að fara á Þjóðhátíð, mann langar alltaf aftur,“ segir Hera.

Hún stýrði þáttunum Stutt í spunann á RÚV um síðustu aldamót og hefur unnið mikið í tengslum við sjónvarp í gegnum árin. „Ég er rosalega spennt að fara aftur í sjónvarp og í svona skemmtilegt verkefni,“ segir Hera Björk hress í bragði.

**- trs**



**KASTAR BOLTANUM** Segja má að Hera Björk verði fremst meðal jafningja í nýrri útgáfu af Eurovision-þáttunum Alla leið sem hefjast í apríl.




**ELDAR ÁSTÞÓRSSON:** ÞAÐ ER ÁHUGI FYRIR SVONA VÖRUM

# Lego framleiðir geimskip byggt á tölvuleiknum EVE

„Það er verið að fljúga inn módeli sem verður til sýnis á Fanfest,“ segir Eldar Ástþórsson, verkefnastjóri markaðsdeildar hjá CCP.

Ný Lego-útgáfa af geimskipi úr tölvuleiknum EVE Online verður til sýnis á EVE Fanfest-hátíðinni sem hefst í Hörpu á fimmtudaginn. „Það var ákveðið að láta slag standa og vinna með Lego að framleiðslu á Lego-skipi. Það eru rúmlega 360 þúsund áskrifendur að EVE Online í dag og við höfum fundið fyrir því að það er áhugi fyrir einmitt svona vörum,“ segir Eldar. „Það er gaman að gera þetta í samstarfi við öfluga aðila eins og Lego. Hver veit nema þetta sé fyrsta skrefið í átt að frekari samstarfi með þeim. En eins og er þá er þetta eina módelið sem er fyrirhugað að setja á markað.“

Það er skammt stórra högga á milli hjá CCP því í gær var tilkynnt um að annar tölvuleikur fyrirtækisins, DUST 514, verði heimsfrumsýndur á upphafsdegi Fanfest. Þar verður almenningi og blaðamönnum í fyrsta sinn gefinn kostur á að spila skotleikinn. Yfir sjötíu erlendir blaðamenn eru staddir hérlendis vegna hátíðarinnar og frumsýningar leiksins, sem hefur verið í þróun síðustu fjögur ár. Að sögn Hilmars Veigars Péturssonar, framkvæmdastjóra CCP, eru um 170 manns að vinna við leikinn hjá fyrirtækinu. „Hann er sjúklega flottur,“ segir hann, spurður út í DUST 514.

Fyrir tæpu ári tilkynnti fyrirtækið um samstarf sitt við Sony um útgáfu á leiknum. Í upphafi þessa mánaðar tilkynnti CCP að hann yrði fáanlegur fyrir eigendur PlayStation 3 án endurgjalds í gegnum PlayStation Network Sony. Þar með yrði hann fyrsti leikur sinnar tegundar til að styðjast við nýtt viðskiptamódel, svokallaða Free to play-útgáfu þar sem leikurinn er ókeypis en tekna er aflað með sölu á varningi og ýmsum viðbótum sem opna á frekari möguleika fyrir spilara leiksins. Fyrir vikið vonast Hilmar til að mun fleiri eigi eftir að spila leikinn en hinir 360 þúsund manns sem eru áskrifendur að EVE-Online. „Í lok þessa árs, ef allt gengur upp, mun það teljast í mörgum milljónum hve margir eru að spila þennan leik,“ segir hann.

EVE Fanfest fer fram í áttunda sinn í Reykjavík dagana 22.-24. mars. Búist er við á annað þúsund gestum á hátíðina.

**freyr@frettabladid.is**





**GEIMSKIP Á LEIÐINNI**

Lego-útgáfa af geimskipi úr EVE Online verður framleidd á næstunni. **Eldar Ástþórsson** er ánægður með samstarfið við Lego.



**PLAYBOY-FYRIRSÆTA HEIMSÆKIR ÍSLAND**

Meðal þeirra erlendu blaðamanna sem verða á Fanfest eru þrír frá hinu þekkta tímariti Playboy. Einn þeirra er Jo Garcia, fyrrum fyrirsæta hjá tímaritinu. Hún er mikill áhugamaður um tölvuleiki og hefur fjallað um þá léttklædd fyrir Playboy og vefsíðu fyrirtækisins. Auk þess að kynna sér DUST 514-leikinn á Fanfest ætlar hún að heimsækja höfuðstöðvar CCP. „Það er mikill fengur að fá hana. Hún hefur verið að sinna leikjaumfjöllun fyrir Playboy og hún mun kynna DUST 514 fyrir hinum fjölmörgu lesendum Playboy,“ segir Eldar Ástþórsson.

# Andri á slóðir Vestur-Íslendinga

Sjónvarpið hefur ákveðið að taka upp þriðju þáttaröðina með Andra Frey Viðarssyni á slóðum Vestur-Íslendinga í Kanada. Tökur eru fyrirhugaðar í júlí.

„Við erum nýbyrjaðir að varpa hugmyndum á milli okkar og kortleggja þetta. Það er endalaust hægt að gera þarna,“ segir Andri Freyr sem býst við því að sex þættir verði gerðir.

Ferðalagið til Kanada leggst vel í Andra Frey, fyrir utan hinn mikla hita sem er þar í júlí. „Hann fer illa í mig. Þetta er heitasti tíminn þarna, um 36 til 37 gráður. Svo er eins og það sé einhver mígandi upp í loftið, það er svo mikill raki þarna. Þetta er eins og að búa í handakrikanum á einhverjum manni,“ segir hann kvíðinn.

Andri Freyr á sjálfur skyldmenni í Kanada, eins og margir aðrir Íslendingar en hefur aldrei hitt þau. „Pabbi segir að þau séu ógeðsleg en amma segir að þau séu fín. Það kemur í ljós. Það er vonandi að þetta sé bara hæfileg blanda.“

Þættirnir Andri á flandri og Andraland, sem nú er sýndur í Sjónvarpinu, hafa fengið mjög góðar viðtökur og kemur því ekki á óvart að þriðja þáttaröðin sé í undirbúningi. Andraland verður reyndar ekki á dagskrá á fimmtudaginn vegna beinnar útsendingar frá handboltaleik.

**- fb**



**Á LEIÐ TIL KANADA** Þriðja þáttaröðin með Andra Frey Viðarssyni verður tekin upp í Kanada í júlí.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

**Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt**

Íslenskupróf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt verða næst haldin í maí og júní á vegum Námsmatsstofnunar og er skráning hafin. Prófin verða haldin á höfuðborgarsvæðinu 4.-8. júní og á eftirtöldum stöðum á landsbyggðinni: Akureyri 30. maí, Ísafirði 31. maí og Egilsstöðum 1. júní.
Skráning í prófin fer fram með rafrænum hætti á vef Námsmatsstofnunar til og með 10. maí. Gjald fyrir þátttöku í prófi er 7.000 krónur sem greiða skal í síðasta lagi 10. maí inn á reikning Námsmatsstofnunar. Upplýsingar þar að lútandi er að finna á vef stofnunarinnar.

Sjá nánar á vefnum www.namsmat.is. Einnig eru veittar upplýsingar í síma 550 2400.

*Innanríkisráðuneytinu*
*21. mars 2012*

# Sony Center

www.sonycenter.is

# FINAL CALL

## Frábær tilboð í takmarkaðan tíma




FINAL CALL
**249.990,-**
Sparaðu 100.000.-

5
ÁRA ÁBYRGÐ

### 40" LED 3D HÁGÆÐA SJÓNVARP
ÁLSTANDUR MEÐ INNBYGGÐU HLJÓÐKERFI FYLGIR
KDL-40NX723
- Full HD 1920 x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality Motionflow 200 Hz myndvinnsla
- Bravia Internet sjónvarp

**Tilboð 249.990.-** Verð áður 349.990.-

### 46" LED 3D HÁGÆÐA SJÓNVARP
ÁLSTANDUR MEÐ INNBYGGÐU HLJÓÐKERFI FYLGIR
KDL-46NX723

**Tilboð 319.990.-** Verð áður 419.990.-

### 55" LED 3D HÁGÆÐA SJÓNVARP
ÁLSTANDUR MEÐ INNBYGGÐU HLJÓÐKERFI FYLGIR
KDL-55NX723

**Tilboð 439.990.-** Verð áður 549.990.-



FINAL CALL
**89.990,-**
Sparaðu 20.000.-

### SONY SPJALDTÖLVA WI-FI 3G
S1 SGPT111SE
- TrueBlack 9,4" skjár með baklýsingu
- 1GB innra minni, 16GB diskur
- Android 3.2 Honeycomb stýrikerfi
- Playstation 3 samhæfing

**Tilboð 89.990.-** Verð áður 109.990.-

FINAL CALL
**79.990,-**
Sparaðu 20.000.-



### HÁKLASSA HEIMABÍÓ BLU-RAY
BDV-EF200
- 3D afspilun
- Bravia internet video
- Innbyggt útvarp og netvafri
- Styður Dolby TrueHD, Dolby Digital Plus

**Tilboð 79.990.-** Verð áður 99.990.-

FINAL CALL
**44.990,-**
Sparaðu 10.000.-




### HÁGÆÐA MYNDAVÉL
DSC-WX7B
- 16,2 megapixla Exmor myndflaga
- 2,8" Clear Photo skjár
- 5 x Optical Zoom
- Sweep Panorama

**Tilboð 44.990.-** Verð áður 54.990.-

FINAL CALL
**19.990,-**
Sparaðu 10.000.-




### FRÁBÆR FERMINGARGJÖF!
DSC-W510B
- 12.1 megapixla Super HAD myndflaga
- 2,7" Clear Photo skjár
- 4 x Optical Zoom
- Sweep Panorama

**Tilboð 19.990.-** Verð áður 24.990.-

SONY CENTER
**ER FLUTT**
Í VERSLUN NÝHERJA
Í BORGARTÚNI!

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

VISA 6 MÁNAÐA VISA VAXTALAUS LÁN Í SONY CENTER

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fyrirsætur snúa heim

Reykjavík Fashion Festival fer fram í þriðja sinn nú í lok mánaðarins. Ellefu íslenskir hönnuðir taka þátt í ár, þar á meðal eru ELLA, Kron by KronKron, Mundi, REY og Kalda. Nú hefur einnig verið staðfest að nokkrar af vinsælustu fyrirsætum landsins munu snúa heim til Íslands til að taka þátt í tískuviðburðinum. Þeirra á meðal eru Elmar Johnson og **Kolfinna Kristófersdóttir** sem bæði hafa gengið sýningapallana í London, Mílanó og New York. Að auki munu Sara Karen Þórisdóttir, Svala Lind og Brynja Jónbjarnardóttir sýna á RFF í ár.



### Fullt á Mið-Íslandi

Fyrsti þátturinn af Mið-Íslandi var forsýndur í Bíói Paradís í gærkvöldi en þáttaröðin hefur göngu sína á Stöð 2 annað kvöld. Gestir í Bíói Paradís voru hæstánægðir með þáttinn, en að auki var sýnt brot úr öðrum þætti. Meðal þeirra sem fengu forskot á sæluna í gær voru Steindi, Bent og **Þórunn Antonía**. Tónlistarmennirnir Högni Egilsson og Guðmundur Óskar úr Hjaltalín, **Kristín Heiða Helgadóttir** úr Bjartri framtíð og bróðir hennar Snorri Helgason sem og Gunnar Hansson leikari, en Ragnar bróðir hans er leikstjóri þáttanna **- sm, þeb**



## Mest lesið vísir

1. Hobbitinn heitir eftir eigandanum sjálfum
2. Öflug sprengja sprakk í Bankastræti
3. „Facebook, Uh, Oh, Oh" - Framlag San Marínó í Eurovision vekur at..
4. Lækka virðisaukaskatt á græna bíla
5. Vinsælasta rúðan í bænum til að brjóta




FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

Komdu og gerðu frábær kaup...

Útsala

15-30%
af öllum vörum í versluninni

Borðstofuhúsgögn
Hvíldarstólar
Sófar
Hornsófar
Sófasett
Svefnsófar

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík

www.valhusgogn.is Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga kl. 11-16 Sími 581-2275 ■ 568-5375